

INGIBJÖRG HARALDSDÓTTIR

*Á gamla ítalska könnu með krúsídúllum*

• heimili

**ALLT** MIÐJU BLAÐSINS



HÍBÝLI OG VIÐHALD

*Gagnleg ráð, gömul hús og ný heimilislína*

Sérblað um híbýli og viðhald

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.



STOFNAR BESTA FLOKKINN

*Jón Gnarr stofnar alvöru stjórnmálaflokk.*

FÓLK 30


# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

16. nóvember 2009 — 271. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**MÁNUDAGUR**

### Íslenskt listaverk í skoskri dómkirkju



Leifur Breiðfjörð á verk í forstofu St. Giles dómkirkjunnar í Edinborg.

FÓLK 30

### Þemað ást og vinátta



Ársafn verður með maraþon-upplestur á degi íslenskrar tungu.

TÍMAMÓT 18

### Tekjur af ferðaþjónustu

Áætlaðar gjaldeyristekjur þjóðarinnar af erlendum ferðamönnum hafa aldrei aukist jafnhratt á einu ári skrifar Árni Guðnason.

UMRÆÐAN 16

### Mjög lélegt



Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari sagði leikinn gegn Lúxemborg þann lélegasta hjá landsliðinu undir hans stjórn.

ÍÞRÓTTIR 24

### VEÐRIÐ Í DAG




**Snjókoma, slydda eða** rigning verður um norðan- og austanvert landið í dag. Sunnan- og suðvestanlands verður hins vegar þurrt.

VEÐUR 4

# Efri skattmörk meðaltekna verði sex hundruð þúsund

**Fjármálaráðherra segir að fyrstu skattatillögur verði lagðar fyrir ríkisstjórnarfund á morgun. Enn verið að skoða jaðaráhrif þrepaskipts kerfis. Rætt um að efra mark milliþrepsins verði sex hundruð þúsund krónur.**

**EFNAHAGSMÁL** Stíft hefur verið fundað um skattatillögur ríkisstjórnarinnar um helgina; bæði innan flokkanna og á milli þeirra. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir stefnt að því að leggja fyrstu tillögur fyrir ríkisstjórnarfund á morgun.

Steingrímur segir að eftir sé að velja á milli ákveðinna tæknilegra leiða þegar kemur að þrepaskiptingu. Menn hafi sérstaklega verið að skoða jaðaráhrifin á mismunandi tekjuhópa.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að meðal þess sem standi út af er í hvaða þrepi staðsetja eigi millitekjufólk. Þá hafi það verið rætt að efra tekjumark þess þreps verði við sex hundruð þúsund krónur, ekki fimm hundruð líkt og fyrstu hugmyndir gáfu til kynna.

Steingrímur vildi ekki staðfesta það við Fréttablaðið; aldrei hefði neitt verið fast í tillögum. Menn hafi lagt fram ýmis dæmi og borið sig saman við þau. Því snúist þetta ekki um að breyta einhverju sem búið er að ákveða, heldur leggja fram hugmyndir og skoða áhrif þeirra.

„Mér finnst svolítil taugaveiklun í þessari umræðu, með fullri virðingu fyrir eðlilegum fréttaþorsta fjölmiðla. Það hefur takmarkað gildi að blása út fréttir sem eru kannski ekki einu sinni byggðar á staðreyndum,“ segir Steingrímur.

„Til dæmis fréttir um milljarðaskatt á ferðaþjónustuna sem allur ætti að renna til ríkissjóðs. Þetta er alveg út úr kortinu og hefur aldrei verið í myndinni. Það er fáránlegt hjá Ríkisútvarpinu að eyða besta fréttatíma sínum í svona rugl. Það hefði ekki þurft nema eitt símtal á mig til að skera úr um að þetta er ekki inni í myndinni.“

Steingrímur segir nefnd að störfum um framtíðartekjumöguleika ferðaþjónustunnar; ríkið og greinin muni deila þeim tekjum með sér. **- kóp**




**STÖÐVIÐ HUNGURSNEYÐINA** Félagar í ActionAid samtökunum mótmæltu framan við Colosseum-rústirnar í Róm í gær. Tilefnið var fundur hjá alþjóðlegri ráðstefnu um fæðuöryggi. Leiðtogar auðugustu ríkja heims munu koma saman til fundar í Róm í næstu viku til að ræða um hungursneyðina sem herjar á milljónir manna um allan heim. NORDICPHOTOS/AFP

Útskrifaðir völundar:

## Endurbyggja fyrsta kaffihús Reykjavíkur

**BYGGINGAIÐNAÐUR** **Nýútskrifaðir smiðir af námskeiði í endurgerð gamalla húsa eru þessa daga að endurbyggja fyrsta kaffihús Reykjavíkur.**



GUÐMUNDUR K. ÓLAFSSON

**„Það er langt síðan við höfum gert upp svona gömul hús og það er góð tilbreyting að fara úr steypunni í tréverkið,“ segja húsasmiðirnir Guðmundur Kristinn Ólafsson og Finnbogi Gústafsson.**

**Guðmundur og Finnbogi, sem eru samanlagt með 80 ára starfsreynslu, eru ánægðir með framtakið.**

**„Þetta verkefni Reykjavíkurborgar er mjög gott fyrir okkur sem vinnum að þessu.“**

**- uhj/sjá Híbýli og viðhald**

Umhverfisráðherra lýst vel á hugmynd um umhverfisvottun Íslands:

## Róttæk hugmynd en raunhæf

**UMHVERFISMÁL** „Ég er sammála þeim um hvaða ávinning þetta hefði fyrir Ísland hvað varðar efnahag og umhverfi. Mér finnst sjálfsagt, hjá ábyrgum stjórnvöldum í leit að lausnum, að líta á þetta sem kost í stöðunni,“ segir Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra um að Ísland verði fyrsta umhverfisvottaða land heims.

Hugmyndina hafa Menja von Schmalensee og Róbert A. Stefánsson, líffræðingar hjá Náttúrustofu Vesturlands, sett fram.

Hugmyndin er sprottin af umhverfisvottun Snæfellsness, sem svæðið hlaut árið 2008, en þau Menja og Róbert unnu bæði að því verkefni.

Hugmyndin snýst um að landið allt yrði umhverfisvottað á fjórum árum með því að votta starfsemi allra sveitarfélaga landsins. Vottun Íslands fæli í sér gríðarleg tækifæri við uppbyggingu ímyndar lands og þjóðar og nýtist við atvinnuþróun á margvíslegan hátt, að þeirra mati.

**- shá /** **sjá síðu 6**





Sterkar tennur og fallegt bros. Flux flúormunnskol fyrir alla fjölskylduna.

Fæst í næsta apóteki.

actavis
hagur í heilsu




TENGI

Tilboð vikunnar

Mora FMM sturtusett




Verð nú kr. 4.800.-

Verð áður kr. 6.910.-

Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000

Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050

## SPURNING DAGSINS



*Hörður, ertu búinn að fá þig fullsaddan af þessum umræðum?*

„Já, ég er orðinn mjög uppþemdur.“

Í viðtali við Morgunblaðið í síðustu viku sagði Hörður Magnússon íþróttafréttamaður að engu líkara væri en Eiður Smári Guðjohnsen væri orðinn saddur á knattspyrnu og við það að hætta. Eiður Smári skaut á móti í Fréttablaðinu að eini maðurinn sem liti út fyrir að vera saddur væri Hörður sjálfur.

Nemendur í MH söfnuðu tæplega hálfri milljón fyrir BUGL, en söfnunin var ekki án fórna:

# Milta sögukennara rofnaði í fjársöfnun

**SLYS** Nemendum við Menntaskólann í Hamrahlíð var brugðið á fimmtudag þegar uppátæki þeirra til fjársöfnunar fyrir Barna- og unglingageðdeild Landspítalans leiddi til þess að ungur sagnfræðikennari, Karl Jóhann Garðarsson, þurfti að leggjast inn á gjörgæsludeild með rofið milta.

Nemendafélag skólans stóð fyrir söfnuninni í síðustu viku og var fé heitið á ýmis uppátæki, til dæmis reiptog við rektor. „Og þeir voru þrír sem höfðu mig,“ segir Lárus H. Bjarnason rektor. Þá ákvað Unnsteinn Manuel Stefánsson, söngvari hljómsveitarinnar Retro Stefson, að aflita á sér hárið ef 25 þúsund krónur myndu safnast fyrir því, og Gettu betur-kempan Ingi Þór Óskarsson hét því að bjóða spyrlinum Evu Maríu Jónsdóttur á stefnumót ef 12 þúsund krónur myndu safnast.

Síðast uppátækjanna var að Karl Jóhann, sem er þrautþjálfaður í bardagalistinni taekwondo, klæddi sig í þartilgerða brynju með aflskynjurum og bauð nemendum síðan að sparka í sig sem mest þeir máttu gegn 500 króna greiðslu. Þeir sem spörkuðu fastast hlytu sigur og ynnu til verðlauna.

Í fyrstu benti allt til þess að viðburðurinn hefði heppnast mjög vel. Þegar líða tók á daginn fór Karl hins vegar að kenna sér meins í síðunni og var í kjölfarið fluttur á spítala með innvortis blæðingar úr milta.

Fréttablaðið náði tali af Karli á spítalanum í gær. Hann sagði að sér liði ágætlega og væri að braggast en baðst að öðru leyti undan viðtali.

„Þetta kom öllum á óvart og okkur þótti þetta mjög leiðinlegt í nemendastjórninni að þessi annars vel heppnaða vika myndi enda svona leiðinlega,“ segir Lárus Jón Björnsson, formaður nemendafélagsins. Stjórnin heimsótti Karl á laugardag og segir Lárus að meiðsl hans séu töluvert minni en óttast var í fyrstu.

Alls safnaðist tæplega hálf milljón króna fyrir BUGL á þessum fjórum dögum. **- sh**



**AFRAKSTUR ERFIÐISINS** Hér sjást Lárus Jón og Kristín Sveinsdóttir afhenda starfsmönnum BUGL ávísun upp á 350 þúsund krónur. Síðan hafa tugir þúsunda bæst við.

Oddvitaslagur hjá Framsókn:

## Einar fer fram gegn Óskari

**STJÓRNMÁL** Einar Skúlason, skrifstofustjóri þingflokks Framsóknarflokksins, hefur tilkynnt um framboð sitt í efsta sætið á lista flokksins fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Hann fer fram gegn Óskari Bergssyni, sitjandi oddvita flokksins í borginni og formanni borgarráðs.



**EINAR SKÚLASON**

Einar er 38 ára stjórnmálafræðingur og var framkvæmdastjóri Alþjóðahúss áður en hann tók við starfi sínu hjá þingflokki Framsóknar. Hann sagði starfi sínu hjá þingflokknum lausu í fyrradag, eftir að hann tók ákvörðun um prófkjörsslaginn. Prófkjörið fer fram í lok mánaðar. **- sh**

Fjárfestar safna fyrir Högum:

## Hafa nægt fé til að bjóða í Haga

**VIÐSKIPTI** Hópur fjárfesta sem hyggst bjóða í sextíu prósenta hlut Kaupþings í Högum er kominn með nægt fjármagn til að leggja fram tilboð. Þetta sagði einn þeirra, Guðmundur Franklín Jónsson, við Stöð 2 í gær.



**GUÐMUNDUR FRANKLÍN JÓNSSON**

Í hópnum eru um hundrað fjársterkir aðilar sem Guðmundur hefur ekki viljað nafngreina. Á vefnum thjodarhagur.is hafa á annað þúsund manns skráð sig sem mögulega þátttakendur í verkefninu. Guðmundur segist meta virði hlutarins á 10 til 15 milljarða. **- sh**

# Vill samræmd próf upp úr grunnskóla

**Formaður menntaráðs Reykjavíkur vill samræmd próf að vori á ný og prófa upp úr grunnskóla. Kemur á óvart segir menntamálaráðherra. Starfshópur hefur verið skipaður um málið. Fulltrúi skólastjóra vildi sæti í honum en fær ekki.**

**MENNTUN** Menntaráð Reykjavíkur hefur skipað starfshóp um námsmat í grunnskólum borgarinnar. Meðal þess sem hópurinn á að skoða er hvort rétt sé að samræmd próf verði aftur haldin að vori, en ekki hausti eins og nú er.

Fyrirkomulagi samræmdra prófa var breytt árið 2008 og þau haldin að hausti, í upphafi 10. bekkjar. Áður voru prófin að vori, en nú er gefin skólaeinkunn upp úr grunnskólanum.

Kjartan Magnússon, formaður ráðsins, segir það sína skoðun að það hafi verið mistök að færa prófin að hausti. Breyta hafi þurft fyrirkomulagi prófanna frá því sem var, en rétt sé að halda þau að vori í lok skólans.

„Við í meirihlutanum gagnrýndum þetta og fannst samræmdu prófin skipta máli. Jafnvel þó þau væru ekki notuð til að meta inn í framhaldsskólana þá skipti máli að sjá svart á hvítu hvernig nemendur stæðu.“ Kjartan segist hafa orðið var við mikla gagnrýni í skólunum, bæði hjá nemendum og kennurum.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir þetta koma sér á óvart. Málið hafi verið unnið í mikilli sátt í tíð forvera hennar, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur. Katrín segir að skólastarf hafi miðast um of að samræmdu prófunum; þær greinar sem ekki hafi verið prófað í hafi orðið útundan. Kerfið nú sé í takt við það sem Finnar hafi notað með góðum árangri.

Nokkur umræða var um það að einkunnir myndu hækka þegar samræmdu prófin væru ekki lengur til staðar. Katrín segir að það hafi ekki verið kannað til hlítar, en stikkprufur sýni að einkunnir hafi ekki bólgnað. Áfram verði þó fylgst með þróuninni.



**PRÓF** Nemendur í Hlíðaskóla í samræmdu prófi. Meirihlutinn í Reykjavík hefur ákveðið að kanna kosti þess að taka upp samræmd próf upp úr grunnskólum að nýju. Menntamálráðherra undrast það, mikil sátt hafi ríkt um breytingarnar sem gerðar voru í tíð forvera hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**



**KJARTAN MAGNÚSSON**

Áheyrnarfulltrúi Skólastjórafélags Reykjavíkur óskaði eftir því að eiga fulltrúa í starfshópnum, ásamt fulltrúa kennara. Meirihluti Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks vísaði þeirri tillögu frá, gegn atkvæðum minnihlutans. Ekki náðist í fulltrúa skólastjórafélagsins við vinnslu fréttarinnar.

Kjartan segir að ákveðið hafi verið að hafa starfshópinn aðeins þriggja manna og pólitískt skipaðan, það væri þá hægt að kalla eftir sjónarmiðum fleiri inn í hópinn. Lilja Dögg Alfreðsdóttir, fulltrúi Framsóknarflokks, gegnir formennsku í starfshópnum.

Menntamálaráðherra fundar á næstu dögum með skólastjórum grunn- og framhaldsskóla. Þar verða skilin á milli skólastiganna rædd sérstaklega.

**kolbeinn@frettabladid.is**

## Benedikt Davíðsson látinn

**Benedikt Davíðsson, fyrrverandi forseti Alþýðusambands Íslands, er látinn, 82 ára að aldri. Hann var forseti ASÍ á árunum 1992 til 1996 og lét að sér kveða í verkalýðsbaráttunni um árabil. Eitt helsta baráttumál hans var uppbygging lífeyrissjóðakerfisins. Benedikt fæddist á Patreksfirði árið 1927. Hann stundaði sjómennsku framan af en nam síðar trésmíði. Hann starfaði hjá Trésmíðafélagi Reykjavíkur í áratugi og var formaður félagsins um þriggja ár skeið. Benedikt var tvíkvæntur, átti sex börn og einn stjúpson.**



**BANDARÍKIN**

### Bannar myndir af pyntingum

Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, hefur bannað myndbirtingar af misþyrmingum bandarískra hermanna á erlendum föngum. Hæstiréttur staðfesti ákvörðunina á föstudag. Bannið varðar 40 ljósmyndir sem verið er að skoða við rannsókn á meintum misþyrmingum á föngum erlendis, frá 11. september 2001 til 22. janúar 2009. Talsmaður ráðuneytisins segir birtingu myndanna geta stofnað lífi hermanna í hættu. Mannréttindasamtök mótmæla ákvörðuninni.

**FÉLAGSSTARF**

### Nýr formaður Heimssýnar

Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Vinstri grænna, var kosinn nýr formaður Heimssýnar, hreyfingar sjálfstæðissinna í Evrópumálum, í gær. Ragnar Arnalds lætur af formennsku eftir sjö ára setu. Heiðrún Lind Marteinsdóttir var kjörin varaformaður félagsins.






Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er tuttugu ára:

# Kynntur með virkum hætti

**SAMFÉLAGSMÁL** Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, útbreiddasti mannréttindasáttmáli heims, verður 20 ára föstudaginn 20. nóvember. Í tilefni þess hafa ungmennaráð umboðsmanns barna, Barnaheilla og Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) sameinað krafta sína en þau munu halda mikilvægi sáttmálans á lofti með fjölbreyttum hætti í afmælisvikunni. Hún hófst í gær og stendur fram á föstudag.

Meðlimir ungmennaráðanna hófu afmælisvikuna á því að dreifa upplýsingarbæklingum um Barnasáttmálann til gesta og gangandi í Kringlunni í gær og ræða um sáttmálann við fróðleiksfúsa, en í Barnasáttmálanum er einmitt kveðið á um að hann skuli kynna með virkum hætti. Í vikunni munu ungmennin síðan koma víða við en ásamt því að vekja almenna athygli á Barnasáttmálanum munu þau funda með þingmönnum, skrifa greinar í Fréttablaðið og afhenda ráðamönnum sameiginlega ályktun sína um hagsmuni barna og unglinga.

Enginn mannréttindasamningur hefur verið fullgiltur af jafn mörgum ríkjum og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna, fyrir utan tvö, hafa fullgilt samninginn.

Hérlendis hefur Barnasáttmálinn stuðlað að ýmsum mikilvægum réttindabótum fyrir börn frá því að Ísland fullgilti hann árið 1992.

Frumvarp um lögfestingu sáttmálann í heild sinni verður svo lagt fyrir Alþingi í vetur. **-ve**



**BÖRN** Barnasáttmálinn er tuttugu ára um þessar mundir. MYND/ÚR SAFNI




Við getum margt lært og höfum mörgu að miðla en íslenskan tengir okkur saman. Öll erum við íslenskukennarar og um leið erum við öll að læra íslensku. Við mótum framtíð okkar með því að leggja rækt við tungumálið.

Mjólkursamsalan hefur beitt sér fyrir eflingu íslenskrar tungu með margvíslegum hætti. Þess minnumst við með stolti á degi íslenskrar tungu. Við óskum landsmönnum öllum til hamingju með daginn. Íslenska er okkar mál.

ÍSLENSK MÁLNEFND

ÍSLENSKA ER
OKKAR MÁL

## GENGIÐ 13.11.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,73 | 125,33 |
| Sterlingspund | 208,06 | 209,08 |
| Evra | 185,48 | 186,52 |
| Dönsk króna | 24,925 | 25,071 |
| Norsk króna | 22,155 | 22,285 |
| Sænsk króna | 18,119 | 18,225 |
| Japanskt jen | 1,388 | 1,3962 |
| SDR | 199,13 | 200,31 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

239,4267

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nóg að gera í nýrri lágvöruverðsverslun Jóns Geralds Sullenberger að Dalvegi 10 :

# Fimm þúsund lögðu leið sína í Kost

**VERSLUN** Áætlað er að um fimm þúsund manns hafi lagt leið sína í Kost, nýja verslun Jóns Geralds Sullenberger, um helgina. Verslunin opnaði á laugardag. Fljótlega varð þó vart við tæknilega örðugleika og fundust sumar vörurnar ekki í tölvukerfinu. Af þeim sökum mynduðust langar biðraðir og gátu viðskiptavinirnir ekki keypt allt sem þeir ætluðu.

„Við höfðum ekkert auglýst og grunaði ekki að fjöldinn yrði svona mikill. Fólk sýndi þó ótrúlega þolinmæði og er ég því afskaplega þakklátur enda er það ekki sjálfsagt,“ segir Jón Gerald sem stóð í dyragættinni og tók á móti viðskiptavinunum með handabandi. Honum finnst vinalegt viðmót skipta miklu enda eyði Íslendingar stórum hluta af launum sínum í mat. „Við verðum því að hugsa vel um kúnnana okkar.“

Jón Gerald vonast til þess að tæknilegu erfiðleikarnir séu að mestu að baki en fjölskyldur og vinir starfsfólks verslunarinnar komu og hjálpuðu til við að skrá vörur, sem virtust hafa dottið út úr tölvukerfinu, aftur inn.

Aðspurður hvort hann hafi farið of hratt af stað segist Jón ekki hafa vitað á hverju hann ætti von og að þetta hafi verið lærdómsrík helgi. „Ég hef aldrei opnað búð áður en vona að þetta verði allt orðið smurt innan skamms.“

Helstu fyrirmyndir Kosts eru erlendar verslunarkeðjur eins og Costco, Aldi og Sam‘s Club en þær eiga það sameiginlegt að bjóða upp á vörur í stórum pakkningum.

Í Kosti, sem er við Dalveg í Kópavogi, verður þó einnig boðið upp á hefðbundnar stærðir og innlendar framleiðsluvörur.

-ve



**YS OG ÞYS** Gríðarlegur fjöldi lagði leið sína í verslun Jóns Geralds Sullenberg um helgina. Eigandinn er afar þakklátur fyrir móttökunum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Obama hitti Thein Sein:

# Vill að Suu-Kyi verði sleppt

**BURMA** Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, hvatti í gær til þess að Aung San Suu Kyi, leiðtoga stjórnarandstöðunnar í Burma, yrði sleppt úr haldi. Hún hefur setið í stofufangelsi í fjórtán ár af síðustu tuttugu.



AUNG SAN SUU KYI

Obama hitti Thein Sein, forsetisráðherra herforingjastjórnarinnar sem verið hefur við völd í Burma síðastliðin 47 ár, á fundi Efnahagsamtaka Asíu- og Kyrrahafsríkja í Singapúr í gær.

Talsmaður Hvíta hússins sagði að Obama hefði komið skilaboðunum beint til forsætisráðherrans.

Suu Kyi hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1991.

- kg

## LÖGREGLUMÁL

### Bílvelta við Páfastaði

Bílvelta varð á Sauðarkróksbraut við Páfastaði í gær. Bíllinn er ónýtur en kona og farþegi sluppu ómeidd. Vegir á svæðinu eru almennt auðir en mikið er um hálkubletti sem fólk keyrir inn í og sér lögreglan á Sauðárkróki ástæðu til að vara fólk við.

## SJÁVARÚTVEGUR

### Auka verður þorskveiði

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skorar á sjávarútvegs- og landbúnðarráðherra, að auka nú þegar aflamark í þorski um 40 þúsund tonn og ýsu um 10 þúsund tonn, enda séu fyrir því vistfræðileg rök. „Það er álit sjómanna allt í kring um landið að auknar veiðar í þessum mæli skaði ekki umræddar tegundir,“ segir í ályktuninni.



**VINNUMÁLARÁÐHERRAR** Árlegur fundur norrænna vinnumálaráðherra var haldinn í Reykjavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stuðningur í boði fyrir umsóknarlönd

**Evrópusambandið býður aðstoð í formi ráðgjafar og aðstoðar við samhæfingu aðgerða til að bregðast við stórauknu atvinnuleysi hér. Félagsmálaráðherra segir fjárhagsstuðning mögulega í boði fyrir umsóknarríki ESB vegna vandans.**

**FÉLAGSMÁL** Ríkjum sem sótt hafa um aðild að Evrópusambandinu (ESB) kann að standa til boða fjárhagsstuðningur til að fást við vaxandi atvinnuleysi.

Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra segir að Vladimír Spidla, framkvæmdastjóri atvinnu- og félagsmála ESB, hafi boðið fram aðstoð sambandsins á fundi sínum með norrænum vinnumálaráðherrum og fulltrúum þeirra fyrir helgi.

„Hann bauð bæði ráðgjöf til okkar og aðstoð við samhæfingu aðgerða, því við erum náttúrulega að fást við að atvinnuleysi fari hér úr tæpum tveimur prósentum langleiðina í tíu prósent á einu ári,“ segir Árni Páll. „Eins bauð hann fram aðstoð við uppbygginu á aðferðafræðinni við að taka á vandanum og mögulega væri líka í boði fjárhagsstuðningur við slíka uppbyggingu fyrir umsóknarlönd. Við munum auðvitað kanna það.“

Árni Páll segir að á fundi ráðherranna í gær hafi verið farið yfir helstu mál. „Fyrirferðarmest var staðan í atvinnuleysi ungs fólks,“ segir hann, en bregðast verði við vaxandi tilhneigingu til þess að ungt fólk verði utanveltu og finni sig hvorki á atvinnumarkaði né í skólakerfinu. Hann segir að fljótlega verði kynnt frekari úrræði í þessum efnum, en þegar hafi verið tekið upp náið samráð milli ráðuneytis hans og menntamálaráðuneytisins. Margt bendi hins vegar til að skólakerfið og vinnumarkaður vinni hér ekki nógu vel saman og bendir hann á að hér á landi séu nú þegar um 3.000 ungmenni í þeirri stöðu að hafa verið án vinnu í lengri tíma.

Árni Páll boðaði til fundarins, en hann gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni um atvinnumál. Auk Árna Páls sátu fundinn ráðherrarnir Anni Sinnemäki frá Finnlandi, Sven Otto Littorin frá Svíþjóð, Johan Dahl frá Færeyjum og Jan-Erik Mattsson frá Álandseyjum. Fulltrúi Danmerkur var Bo Smith, ráðuneytisstjóri, fulltrúi Noregs var Jan-Erik Støstad, ráðuneytisstjóri og fulltrúi Grænlands var Avva Mathiesen.

olikr@frettabladid.is

Ferðamálasamtökin álykta:

# Skattahækkun skaðar ímynd

**FERÐAÞJÓNUSTA Ferðamálasamtök Íslands mótmæla hugmyndum um hækkun á virðisaukaskatti á gistingu og veitingar, eins og ríkisstjórnir áformar. Samtökin segja að slíkar hækkanir stórskaði þá ímynd sem skapast hefur undanfarið ár meðal erlendra ferðaskipuleggjenda að verðlag á Íslandi sé viðráðanlegt.**

**„Sóknarfærin eru mikil í þessari grein og gjaldeyristekjurnar skila sér fljótt í kassann, auk þess að styrkja atvinnulíf um allt land. Það er með öllu óásættanlegt að demba á slíkum hækkum eftir að búið er að semja um verð á þjónustu og auglýsa það“, segir í tilkynningu frá stjórn samtakanna. Komuskatti í Leifsstöð er sömuleiðis mótmælt og hugmyndin sögð afleit.**

- shá

Háhitasvæði landsins metin:

# Verndargildi 18 svæða ótvírætt

**UMHVERFISMÁL** Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lokið rannsóknum á náttúrufari og verndargildi átján háhitasvæða, sem hófust árið 2005. Þetta er í fyrsta skipti að aflað er með skipulegum hætti upplýsinga um náttúrufar háhitasvæða til að meta sérstöðu þeirra í íslenskri náttúru og náttúrufarsleg verðmæti.

Í matinu er Torfajökulssvæðið talið hafa hæst verndargildi, en mörg önnur svæði hafa hátt verndargildi á heimsvísu. Þeirra á meðal er Reykjanes, Grændalur, Geysir, Torfajökull/Landmannalaugar, Askja, Leirhnjúkur og Gjástykki og Brennisteinsfjöll. Ljóst er að lítill munur er á verndargildi margra háhitasvæða landsins en þau eru öll fágæt á lands- og heimsvísu að mati Náttúrufræðistofnunar.

- shá




## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir**
Veðurfréttamaður

**VÆGT FROST**
Það frystir víða á landinu í dag eða á morgun en ekki verður þetta langur frostakafli því seinni hluta vikunnar má búast við að hláni að nýju.




**Á MORGUN**
Strekkingur NV og SA-lands

**MIÐVIKUDAGUR**
Vaxandi vindur með suðurströndinni

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 17° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 11° |
| Eindhoven | 14° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 14° |
| Mallorca | 21° |
| New York | 16° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | 5° |
| París | 16° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Canon | you can

EOS



# Fangaðu heiminn með Canon EOS

**Myndavélar sem uppfylla þarfir ljósmyndara**

Farðu lengra með Canon EOS – yfirgripsmesta stafræna SLR kerfinu í heiminum; útskiptanlegar linsur og aukahlutir sem tryggja sveigjanleika. Þrautreynt af atvinnu- og áhugaljósmyndurum. Uppáhald ljósmyndara um allan heim. Traustur íslenskur dreifingaraðili - Sense ehf, dótturfélag Nýherja, umboðsaðili Canon á Íslandi.

## EOS myndavélar fyrir byrjendur og áhugaljósmyndara



**Canon EOS 1000D**
Leiðin að þinni sköpun

- 10.1 megapixla CMOS sensor
- Tekur 3 ramma á sek.
- 7 punkta fókuskerfi
- 2.5" skjár m/ Live View
- DIGIC III örgjörvi
- Innbyggt rykhreinsikerfi

***EISA Award:** „Best Consumer Camera 2008-2009“*



**Canon EOS 450D**
Leiktu þér

- 12.2 megapixla CMOS sensor
- Tekur 3.5 ramma á sek.
- 9 punkta fókuskerfi
- 3.0" skjár m/ Live View
- DIGIC III örgjörvi
- Innbyggt rykhreinsikerfi

***TIPA Award:** „Best D-SLR Advanced 2008“*



**Canon EOS 500D**
Segðu alla söguna með Full HD vídeó

- 15.1 megapixla CMOS sensor
- Full HD vídeó (1080p)
- High ISO allt að 12800 fyrir léleg birtuskilyrði
- Tekur 3.4 ramma á sek.
- 9 punkta fókuskerfi
- 3.0" há-upplausna skjár m/ Live View
- DIGIC 4 örgjörvi
- Innbyggt rykhreinsikerfi

***EISA Award:** „Best SLR Camera 2009-2010“*

## EOS myndavélar fyrir áhuga- og atvinnuljósmyndara



**Canon EOS 50D**
Gefðu ljósmyndaranum í þér lausan tauminn

- 15.1 megapixla APS-C CMOS sensor
- Tekur 6.3 ramma á sek.
- DIGIC 4 örgjörvi
- ISO allt að 12800 fyrir léleg birtuskilyrði
- 3.0" há-upplausna skjár m/ Live View
- Hár-nákvæmt „wide-area“ AF kerfi
- Magnesíum hús með vörn gegn veðri
- EOS innbyggt rykhreinsikerfi

***www.depreview:** „Highly recommended“*



**Canon EOS 7D**
Hönnuð af þér, smíðuð af Canon

- 18 megapixla APS-C CMOS sensor
- Tekur 8 ramma á sek.
- ISO allt að 12800 fyrir léleg birtuskilyrði
- 100% sjónglugg (viewfinder)
- 19 cross-type AF punktar
- iFCL mælingakerfi
- Dual „DIGIC 4“ örgjörvar
- Full HD vídeó (1080)
- Innbyggður Speedlite Transmitter
- 3" Clear View II LCD skjár
- Magnesíum hús með vörn gegn veðri

***dpreview.com:** „Highly Recommended“*
***dpreview.com:** „Make no mistake, Canon wants to be the default choice again...“*



**Canon EOS 5D Mark II**
Farðu enn lengra í þinni ljósmyndun

- 21.1 megapixla full frame CMOS sensor
- DIGIC 4 örgjörvinn skilar framúrskarandi litum & blæbrigðum
- ISO allt að 25600
- Full HD (1080) vídeó
- 3.0" há-upplausna LCD skjár m/ Live View
- Tekur 3.9 ramma á sek.
- 9 punkta AF kerfi + 6 auka AF punktar
- EOS innbyggt rykhreinsikerfi
- Magnesíum hús – Byggð fyrir kröfuharða notendur
- Víðtækt úrval af linsum og aukahlutum

***dpreview.com:** „Highly Recommended“*
***dpreview.com:** „We have always placed a heavy emphasis on image quality, and all other things aside this means the 5D Mark II has to receive our highest rating.“*
***TIPA Award:** „Best D-SLR Expert 2008“*
***EISA Award:** „Best Advanced Camera 2009-2010“*

Hafðu samband við eða kíktu í heimsókn til viðurkennds Canon söluaðila og prófaðu EOS.
Einnig nánari upplýsingar á www.canon.nyherji

sense

Dreifingaraðili Canon neytendavara

KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að taka þátt í greiðsluverkfalli Hagsmunasamtaka heimilanna?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 23,9% |
| NEI | 76,1% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Veiddir þú lax í sumar?*

Segðu skoðun þína á visir.is vísir

Vinnumálastofnun telur að atvinnuleysi nái hámarki um áramótin:

# Atvinnuleysi eykst að nýju

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnuleysi hér á landi hefur aukist nokkuð milli mánaða. Skráð atvinnuleysi í október var 7,6 prósent sem jafngildir því að 12.682 manns hafi að meðaltali verið án atvinnu í mánuðinum, 537 fleiri en í mánuðinum á undan. Horfur eru á að ástandið eigi eftir að versna enn um sinn og að atvinnuleysi nái hámarki upp úr áramótum, að mati Vinnumálastofnunar.

Alls voru 14.369 manns atvinnulausir í lok október, þar af 11.511 sem voru atvinnulausir að fullu, 2.514 sem voru í hlutastarfi og 344 sem ekki óskuðu eftir fullu starfi.

Fyrst eftir bankahrunið í fyrra var atvinnuleysi mun meira meðal karla en kvenna en verulega hefur nú dregið úr þeim mun. Þá hefur atvinnuleysi á þessu ári verið talsvert meira á höfuðborgarsvæðinu en landsbyggðinni, mest hefur það þó verið á Suðurnesjum.

Atvinnuleysi er langmest í hópi þeirra sem aðeins hafa grunnskólamenntun, rúmlega helmingur atvinnulausra karla og kvenna eru í þessum hópi. Tæplega helmingur atvinnulausra er yngri en 35 ára, eða 48 prósent og um fimmtungur er undir 25 ára aldri.

Alls voru 1.764 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok október, langflestir voru starfandi í byggingariðnaði eða 647. - shá




Vinnuslys í Bolungarvík

# Ökklabrotnaði í steypuvél

**LÖGREGLUMÁL Vinnuslys varð í Bolungarvík laust eftir klukkan sex á laugardag þegar maður sem vinnur á Steypustöð BM-Vallár, sem fóðrar steypu í Bolungarvíkurgöngin, var að brjóta steypu úr steypuvél.**

**Vélin fór einhverra hluta vegna í gang og er maðurinn ökklabrotinn á báðum fótum.**

**Maðurinn var fluttur til aðhlynningar á sjúkrahúsið á Ísafirði en þaðan með sjúkraflugi til Reykjavíkur.**

**Maðurinn var einn við störf og er málið til rannsóknar hjá Vinnueftirlitinu og lögreglunni á Vestfjörðum.** -ve



FLÓRA ÍSLANDS

Nú fer fáanlegum eintökum fækkandi af þessum glæsilega grip.

Tryggðu þér eintak í tíma.

CRYMOGEA

–fegurðin býr í bókum

Barónsstíg 27 | 511 0910 | crymogea@crymogea.is | www.crymogea.is



**MÝVATN** Engum dylst að íslensk náttúra er einstök. Umhverfisvottun landsins gæfi mikil tækifæri til kynningar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vilja að Ísland allt fái umhverfisvottun

**Þeirri hugmynd er varpað fram að umhverfisvotta Ísland. Slík vottun ætti sér enga hliðstæðu í heiminum og myndi nýtast við uppbyggingu ímyndar landsins og við atvinnuþróun. „Róttæk en raunhæf hugmynd,“ segir umhverfisráðherra.**

**UMHVERFISMÁL** Líffræðingarnir Menja von Schmalensee og Róbert A. Stefánsson hjá Náttúrustofu Vesturlands hafa sett fram hugmynd um umhverfisvottað Ísland. Telja þau hugmyndina raunhæfa leið til að byggja upp ímynd landsins og styrkja á sama tíma ferðaþjónustu, útflutningsgreinar og sjálfbæra þróun. Svandísi Svavarsdóttir umhverfisráðherra lýst vel á hugmyndina.



MENJA VON SHAMALENSEE

Menja útskýrir að hugmyndin hafi sprottið frá því þegar unnið var að umhverfisvottun Snæfellsness, sem svæðið hlaut árið 2008. „Eftir Umhverfisþing umhverfisráðuneytisins á dögunum fannst okkur rétti tíminn til að reyna að ýta hugmyndinni úr vör. Þar voru skilaboð fyrirlesara og þinggesta mjög skýr á þann veg að Íslendingar ættu að reyna að finna nýjar og sjálfbærar leiðir til að byggja upp landið að nýju í kjölfar bankahrunsins.“

Hugmyndin snýst um að landið allt yrði umhverfisvottað á fjórum árum með því að votta starfsemi allra sveitarfélaga landsins. Menja segir hugmyndina raunhæfa enda hafi þessi leið verið farin á Snæfellsnesi með góðum árangri. „Ísland yrði fyrsta umhverfisvottaða landið í heiminum, sem markaði því sérstöðu sem á sér engin fordæmi. Vottun Íslands fæli í sér gríðarleg tækifæri við uppbyggingu ímyndar landsins og myndi nýtast við atvinnuþróun á margvíslegan hátt. Sérstaklega gildir það fyrir ferðaþjónustu og ýmsar framleiðslugreinar sem mjög er horft til“, segir Menja.



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segir hugmyndina róttæka en hún sé engu að síður raunhæf. „Þessi hugmynd er mjög vel rökstudd og byggir á Green Globe-vottun á Snæfellsnesi. Hugmyndin er framkvæmanleg, að mínu mati. Ég er sammála þeim um hvaða ávinning þetta hefði fyrir Ísland hvað varðar efnahag og umhverfi. Mér finnst sjálfsagt, hjá ábyrgum stjórnvöldum í leit að lausnum, að líta á þetta sem kost í stöðunni.“



RÓBERT A. STEFÁNSSON

Menja og Róbert láta ekki nægja að kasta fram hugmyndinni heldur hafa þau gert kostnaðaráætlun fyrir verkefnið. Þau telja að beinn kostnaður yrði um áttatíu milljónir króna á ári sem þau leggja til að ríkið greiði. Óbeinn kostnaður, eins og vinna sveitarstjórnarfólks, yrði sveitarfélaganna að greiða. svavar@frettabladid.is




Hefur þú prófað verkjastillandi og bólgueyðandi í túbu?

25% afsláttur*

Voltaren®

Diklófenak tvíetýlamín 11,6 mg

*50g pakkningar

Lyfjaval APÓTEK

Bílaapótek Hæðarsmára Mjódd • Álftamýri

Lyfjaval.is • sími 577 1160

Forsetar Bandaríkjanna og Rússlands funduðu um kjarnorkumál Íran í gær:

# Þolinmæðin senn á þrotum

**ALÞJÓÐAMÁL** Barack Obama og Dimitrí Medvedev, forsetar Bandaríkjanna og Rússlands, sögðu í gær að tíminn væri við það renna út fyrir Íransstjórn að bregðast við sáttatillögu Alþjóða kjarnorkumálastofnunarinnar í kjarnorkudeilunni. Obama og Medvedev hittust á fundi Efnahagssamtaka Asíu- og Kyrrahafsríkja í Singapúr.

Alþjóðasamfélagið hefur reynt að sannfæra írönsk stjórnvöld um að hætta að auðga úran og senda það í staðinn út úr landinu, til Rússlands og Frakklands, til auðgunar. Það lofar Írönum auknum viðskiptum og bættum pólitískum samskiptum verði þeir við kröfunni.



**FORSETAR** Obama og Medvedev funduðu í Singapúr í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Obama sagði í gær að þolinmæðin væri senn á þrotum gagnvart Írönum, sem hafi dregið lappirnar í málinu. Medvedev tók í sama streng og sagði að mögulega þyrfti að beita annars konar aðferðum til að leysa deiluna, en útskýrði mál sitt þó ekki frekar.

Stjórnvöld í Íran segjast ekki munu svara tillögu Alþjóða kjarnorkumálastofnunarinnar fyrr en full vissa sé fyrir því að viðsemjendur þeirra séu einlægir í loforðum sínum. Þau segja landið eingungis ætla að nýta sér kjarnorku í friðsamlegum tilgangi. Vesturveldin óttast að Íranir ætli sér að smíða kjarnavopn. - kg

MÁLAVEXTIR EFTIR KATE ATKINSON

TÝNDAR STÚLKUR




Þýðandi: Elísa Björg Þorsteinsdóttir

„Málavextir er dýpri og líflegri en venjulegar spennusögur og meira spennandi en hefðbundnar skáldsögur.“ – New York Times

Á heitu sumri í Cambridge rekur á fjörur Jacksons Brodie misgömul og að því er virðist óskyld mál, en alls staðar koma týndar stúlkur við sögu.

BJARTUR

# Eldað af lífi og sál með Rósu




Í *„Eldað af lífi og sál“* gefur Rósa Guðbjartsdóttir uppskriftir að ýmsum ljúffengum heimilismat og fjölmörg góð ráð sem nýtast vel þegar gesti ber að garði. Hún leggur áherslu á fjölbreyttan og girnilegan mat sem einfalt og fljótlegt er að útbúa fyrir ýmis tilefni.

- Nýstárlegar uppskriftir að einföldum og ljúffengum réttum
- Áhersla á hollan og næringarríkan mat fyrir fjölskylduna
- Frábærar hugmyndir fyrir veisluna, saumaklúbbinn eða barnaafmælið
- Allt hráefni er miðað við íslenskar aðstæður

*„Hamingja í hverjum bita“*
*Marta María Jónasdóttir - Pressan.is*
★★★★








## Ástríðukokkur

Rósa er ástríðukokkur sem hefur heillað lesendur *Gestgjafans* í áraraðir með vinsælum uppskriftum og frábærum hugmyndum. Henni tekst afburða vel að sameina gæði, einfaldleika og hollustu í matargerð sinni.

BÓKAFÉLAGIÐ

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hvaða aðferð er verið að þróa til að lækna eyrnabólgu í börnum?

2 Í hvaða sæti eru íslenskar konur á fegurðarskala Beautifulpeople.com?

3 Hvað er langt síðan Berlínarmúrinn féll?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Aðalvarðstjóri segir hvorki efni né ástæðu til að kvarta yfir sektum í Laugardal:

# Alls 122 sektaðir í Laugardal

**LÖGREGLUFRÉTTIR** Alls þurfa 122 ökumenn að greiða stöðubrotsgjald eftir að hafa lagt ólöglega í nágrenni Laugardalshallarinnar á laugardag þegar Þjóðfundurinn fór þar fram. Stöðubrotsgjald nemur 2.500 krónum , en afsláttur er gefinn af þeirri upphæð ef gjaldið er greitt innan þriggja daga. Gjaldið rennur í Bílastæðasjóð.

Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri umferðardeildar, segir að talsvert hafi borist af kvörtunum vegna þessa á laugardag. „Það eru hvorki efni né ástæður fyrir þessum kvörtunum. Þeir sem leggja ólöglega þurfa að greiða stöðubrotsgjald, og gildir þá einu hvort Þjóðfundur eða íþróttakappleikur á sér stað í nágrenninu.“

Guðbrandur segir fleiri hundruð laus bílastæði hafa verið í nágrenni Laugardalshallarinnar á laugardag. Kvartanir hafi borist frá íbúum í Laugardalnum vegna umgengni ökumanna á svæðinu. „Við höfum verið að reyna að bæta ástandið í Laugardalnum undanfarna mánuði. Þarna er nóg af bílastæðum, til dæmis við hlið Laugardalslaugarinnar, við Laugardalsvöllinn og hjá Húsdýragarðinum og Skíðahöllinni, og því engin ástæða fyrir fólk til að leggja ólöglega,“ segir Guðbrandur Sigurðsson. - kg



**STÖÐUBROT** Aðalvarðstjóri segir fleiri hundruð bílastæði hafa verið laus í nágrenninu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Magma Energy:

## Tapaði 2,7 milljónum dollara

**VIÐSKIPTI** Félagið Magma Energy tapaði 2,7 milljónum dollara á fyrsta ársfjórðungi en á sama tíma fyrir ári tapaði fyrirtækið rúmlega átta hundruð þúsund dollurum. Magma Energy á meðal annars hlut í HS orku á Suðurnesjum.

Félagið seldi orku fyrir milljón dollara á fyrsta ársfjórðungi en félagið var ekki með neinar rekstrartekjur á síðasta ári.

Í viðtali við Oilweek segir Ross Beaty, stjórnarformaður Magma, að félagið hafi vaxið talsvert á árinu. Meðal annars í gegnum fjárfestingar sínar hér á landi, í Bandaríkjunum og Suður Ameríku.

**Startarar og alternatorar**



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

Fíkniefnadeild lögreglunnar:

## Fann milljón króna Fender-rafmagnsgítar

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu tók fyrir helgi þýfi að andvirði þrjár milljónir króna við húsleit í miðbæ Hafnarfjarðar. Meðan á húsleitinni stóð hafði lögregla afskipti af tveimur piltum um tvítugt. Við leit á þeim fannst kókaín sem annar piltanna viðurkenndi að hafa verið ætlað sem gjaldmiðill fyrir kaup á stolnum rafmagnsgítar.

Húsráðandi, maður um fimmtugt, var handtekinn í húsleitinni. Við húsleitina fundust meðal annars fimmtán grömm af amfetamíni og fimm grömm af marijúana. Þá hafði lögreglan uppi á eiganda að verðmætum Fender Stratocaster-gítar frá áttunda áratugnum, sem fannst í húsnæðinu, en hann er um einnar milljónar króna virði.



**ÞJÓÐFUNDUR** Unnið var í 162 hópum sem allir skiluðu af sér tillögum um framtíðarsýn fyrir íslenskt samfélag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Heiðarleiki verði hafður að leiðarljósi

**Rúmlega 1.200 gestir sóttu Þjóðfund um framtíð Íslands í Laugardalshöllinni. Heiðarleiki varð efstur á blaði yfir gildi sem þjóðin á að hafa að leiðarljósi.**

**FUNDUR** „Ég held að allir sem voru í Höllinni hafi gert sér grein fyrir því að þau voru að upplifa einstakan atburð,“ segir Maríanna Friðjónsdóttir, einn aðstandenda Þjóðfundar um framtíð Íslendinga sem haldinn var í Laugardalshöllinni á laugardag.

Skráðir fundargestir voru 1.231 talsins. Um þrjú hundruð þeirra voru handvaldir á fundinn, meðal annarra stjórnmálamenn og verkalýðsforkólfar. Afgangurinn var valinn með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Um þrjú hundruð sjálfboðaliðar unnu að tæknimálum, upplýsingamiðlun og fleiru. Alls voru 53 prósent fundargesta karlmenn en 47 prósent þeirra konur. Um 3.500 manns fóru inn á vefsíðuna thjodfundur2009.is til að horfa á beina útsendingu frá þjóðfundinum

Yfirlýst markmið fundarins var að fjalla um framtíðarsýn fyrir íslenskt samfélag og þau gildi sem þjóðin ætti að hafa að leiðarljósi. Heiðarleiki varð efstur á blaði. Í kjölfarið fylgdu jafnrétti, virðing og réttlæti. Unnið var í 162 hópum.

Í aðdragandanum var því lýst yfir á heimasíðu fundarins að í kjölfar hans yrði ráðist í markvissar aðgerðir sem byggja myndu á niðurstöðum fundarins. Maríanna segist ekki vilja tala um niðurstöður á stigi málsins. „Þetta er einungis fyrsta umferð. Nú þegar hefur heilmikill gagnagrunnur, sem inniheldur meginstoðir og gildi, verið inni á heimasíðu fundarins og á næstunni bætist heilmikið við. Þessi gagnagrunnur er þjóðargjöf, hver sem er getur farið þar inn og skoðað hann.“

Maríanna segir að grasrótin sem setti fundinn í gang geti ekki ein og sér ráðist í aðgerðir. „Hins vegar vonumst við til þess að sú lína sem birtist í þessum gögnum frá fundinum verði höfð til hliðsjónar þegar taka þarf ákvarðanir. Vilja ráðamenn ganga þvert á vilja Þjóðfundar?“ segir Maríanna Friðjónsdóttir.

kjartan@frettabladid.is

LS LEIGA

HENTUG LAUSN
FYRIR SMÆRRI FYRIRTÆKI

Nú bjóðum við upp á byltingu í upplýsingatækni fyrir smærri fyrirtæki. Í boði er fullkomið Microsoft Dynamics NAV til leigu. Enginn uppsetningarkostnaður, fyrstu 30 dagarnir fríir og engar færslutakmarkanir.

**Hvað er í pakkanum?**



Microsoft Dynamics NAV

- Fjárhagsbókhald
- Eignakerfi
- Gjaldkeri
- Viðskiptamanna- sölubókhald
- Lánardrottna- og innkaupakerfi
- Birgðir
- Forðabókhald – grunnur
- CRM tengslastjórnun – grunnur
- Starfsmannahald – grunnur
- Ótakmarkaður fjöldi fyrirtækja (með sömu eignaraðild)

Auk þessa býðst þér fjöldi sérkerfa Landsteina Strengs með 50% afslætti og fría uppsetningu.

Kerfið er í öruggum höndum hjá Landsteinum Streng, stærsta hýsingaraðila Microsoft Dynamics hugbúnaðar á Íslandi. Nánari upplýsingar eru á www.ls.is og í síma 550 9000. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á sala@ls.is

IPMA · IST ISO 9001 · Microsoft GOLD CERTIFIED Partner · Microsoft Dynamics

Microsoft Dynamics Regional ISV Partner of the Year 2007
Microsoft Business Solutions Global ISV of the Year 2005
LS Retail NAV - Certified for Microsoft Dynamics

LANDSTEINAR STRENGUR
Landsteinar Strengur hf. · Ármúla 7 · 108 Reykjavík
Sími 550 9000 · Fax 550 9010 · www.LS.is · LS@LS.is

*Okkar þekking - þitt forskot!*

# Jólatilboðin í Betra BAK




# Allt að 30% afsláttur

Yfir 20.000 íslendingar sofa á Tempur heilsudýnu
Yfir 50.000 íslendingar sofa á Tempur heilsukodda

**Chiro Collection heilsurúm**

30% afsláttur



**Tempur Spring heilsurúm**

25% afsláttur



**Stillanleg heilsurúm**

20% afsláttur



AÐEINS FRÁ TEMPUR® ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY™

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK



**SVÖL** Þessi svala kanína var í sparigallanum á tískusýningu kanína á Kanínuhátíðinni í borginni Yokohama í Japan, einu af úthverfum Tókíó. Um átta þúsund unnendur kanína hittust á hátíninni og fylgdust með dýrðinni. NORDICPHOTOS / AFP

Neytendastofa úrskurðar að ekki megi auglýsa vildarpunktasöfnun sem afslátt:

# Sparitilboðsauglýsingar N1 bannaðar

**NEYTENDUR** Neytendastofa hefur gert olíufélaginu N1 að hætta að birta auglýsingar fyrir svokallað sparitilboð fyrirtækisins þar sem fimm króna afsláttur af bensíni er sagður í boði. Í raun er um þriggja króna afslátt að ræða og að auki söfnun tveggja vildarpunkta og telur Neytendastofa auglýsingarnar því brjóta í bága við lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

N1 mótmælti þessu og taldi að réttlætanlegt væri að auglýsa slíka punktasöfnun sem afslátt, enda jafngilti hver vildarpunktur alltaf minnst einni krónu og jafnvel meiru þegar vörur og þjónusta væru boðnar á sérstökum vildarpunktakjörum.

Eftir að Neytendastofa benti N1 á það í byrjun nóvember að auglýsingarnar kynnu að orka tvímælis var auglýsingunum breytt. Fylgdi þá stjörnumerking tölunni fimm á auglýsingunum, og neðanmáls var útskýrt að tvær krónur af þessum fimm væru í formi safnpunkta.

Neytendastofa telur leiðréttinguna hins vegar ekki fullnægjandi. Í ákvörðunarorðum hennar segir að auglýsingarnar séu til þess fallnar að hafa áhrif á fjárhagslega hegðun neytenda. Er N1 gert að taka auglýsingarnar úr birtingu eigi síðar en 19. nóvember. - sh




**AUGLÝSINGIN** Þetta er ein þeirra auglýsinga sem Neytendastofa telur að séu til þess fallnar að blekkja neytendur.

Nýtt íþróttamannvirki HK:

# Nýtt íþróttamannvirki vígt

**KÓPAVOGUR** Nýtt íþróttamannvirki var opnað á félagssvæði HK í Fagralundi í Fossvogsdal í gær. Það mun nýtast handknattleiks- og blakfólki íþróttafélagsins HK og nemendum Snælandsskóla. Félagsaðstaða HK hefur jafnframt verið bætt sem og aðkoma að húsunum.

Verkið var auglýst í lokuðu alútboði í nóvember 2007 og var gengið til samninga við byggingarfélagið Eykt ehf.

Heildarkostnaður við framkvæmdina er áætlaður 736 milljónir króna. Þar af eru verðbætur 151 milljón króna, á verðlagi september 2009. -ve


## FLOKKAR OG FRAMBJÓÐENDUR FÁ LENGRI SKILAFREST

**Frestur sem stjórnmálasamtök og frambjóðendur hafa til að skila Ríkisendurskoðun upplýsingum um fjárframlög fyrri ára hefur verið framlengdur til 10. desember nk.**

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 162/2006 skal Ríkisendurskoðun taka við og birta upplýsingar um fjárframlög til stjórnmálasamtaka og frambjóðenda nokkur ár aftur í tímann.

Hlutaðeigandi aðilum var upphaflega gefinn frestur til 15. nóvember sl. til að skila af sér en ákveðið hefur verið að framlengja þann frest til 10. desember nk.

Um er að ræða framlög til

- Stjórnmálasamtaka á tímabilinu 2002–2006
- Frambjóðenda í prófkjöri/forvali vegna kosninga 2006 og 2007
- Frambjóðenda í formanns- eða varaformannskjöri 2005–2009

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Ríkisendurskoðunar **www.rikisend.is.**

RÍKISENDURSKOÐUN

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð eftirlitsstofnun sem starfar á vegum Alþingis. Meginhlutverk hennar er að endurskoða ríkisreikning og reikninga ríkisaðila, hafa eftirlit með og stuðla að umbótum á fjármálastjórn ríkisins og nýtingu almannafjár. Megingildi hennar eru óhæði, hlutlægni, hæfni og trúverðugleiki.


Uppboð á eignum Maddoffs:

# 124 milljónir til fórnarlambanna

**BANDARÍKIN** Uppboð á eignum verðbréfamiðlarans Bernies Maddoff skilaði milljón dollurum eða 124 milljónum króna. Maddoff var, eins og kunnugt er, dæmdur í 150 ára fangelsi fyrir að svíkja út 21 milljarð dollara fyrr á árinu.



**BERNARD L. MADOFF**

Uppboðið var haldið á laugardaginn í New York en meðal muna sem voru á uppboði var hafnaboltajakki merktur liðinu Mets og demantseyrnalokkar sem eiginkona Maddoffs átti.

Þessir munir seldust á tuttugu sinnum hærra verði en raunvirði þeirra er. Uppboðshaldarar eru því í skýjunum þar sem þeir fengu helmingi meira út úr uppboðinu en vonir stóðu til. Peningarnir renna svo til fórnarlamba Maddoffs.

**LÖGREGLUMÁL**

**Erilsöm nótt**

Erill var hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt sunnudags og voru yfir hundrað bókanir gerðar. Fimm voru teknir fyrir ölvunarakstur og var eitthvað um stympingar.



**LÍKLEG FORSETAEFNI** Frá vinstri: Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, Herman Van Rompuy, forsætisráðherra Belgíu, Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, Jan Peter Balkanende, forsætisráðherra Hollands, og Vaira Vike-Freiberga, fyrrverandi forseti Lettlands. NORDICPHOTOS/AFP

# Lokaslagur um tvö ný embætti ESB

**Á leiðtogafundi Evrópusambandsins á fimmtudag stendur til að skipa í tvö ný embætti sambandsins, forseta leiðtogaráðsins og utanríkisfulltrúa. Fleiri eru um hituna en störfin sem eru í boði.**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Á fimmtudaginn koma leiðtogar Evrópusambandsríkjanna saman til þess að velja í tvö ný embætti, sem munu setja svip sinn á sambandið eftir að Lissabonsáttmálinn tekur gildi.

Eftir að Írar samþykktu Lissabonsáttmálann í þjóðaratkvæðagreiðslu í október hafa bæði Pólverjar og Tékkar staðfest sáttmálann, þrátt fyrir tregðu forseta beggja ríkjanna til að undirrita hann.

Nýi sáttmálinn á að taka gildi í byrjun desember, en skipað verður í nýju stöðurnar frá og með áramótum.

Nýr forseti mun sitja í tvö og hálft ár og verður það embætti væntanlega töluvert meira áberandi en núverandi forsetaembætti, sem leiðtogar aðildarríkjanna hafa skipst á um að gegna í hálft ár í senn. Frederik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, gegnir þessu embætti nú.

Embætti utanríkisfulltrúa sameinar embætti utanríkisfulltrúa, sem Javier Solana gegnir nú, og utanríkisstjóra framkvæmdastjórnar sambandsins, sem Benita Ferrer-Waldner gegnir.

Leiðtogarnir 27 þurfa á fundinum á fimmtudag að sýna töluverða jafnvægiskúnst til að valið fullnægi kröfum hinna ýmsu afla sem togast á um áhrif í Evrópusambandinu. Ein átakalínan er á milli vinstri- og hægriafla í stjórnmálum, önnur milli norður- og suðurríkja sambandsins, sú þriðja milli vestur- og austurhluta sambandsins. Einnig er spenna milli stærri aðildarríkja annars vegar og minni aðildarríkja hins vegar, og ekki má gleyma kynjahlutföllunum, þar sem einnig verður að gæta jafnvægis.

Engin leið er að gera öllum til hæfis, þar sem einungis tvær stöður eru í boði.

„Við höfum fleiri nöfn en störfin sem eru í boði,“ sagði Reinfeldt í vikunni, þegar hann boðaði til leiðtogafundarins sem haldinn verður á fimmtudag.

Bretar hafa lagt mikla áherslu á að Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra, verði fyrir valinu í forsetaembættið. Frakkar og Þjóðverjar hallast hins vegar að því að fá Herman van Rompuy, forsætisráðherra Belgíu, í þetta embætti.

David Miliband, utanríkisráðherra Bretlands, hætti við sitt framboð í nýliðinni viku til að draga ekki úr möguleikum Blairs, en óvíst er hvort það dugar.

Um utanríkisfulltrúaembættið keppa ekki færri einstaklingar. Einna líklegastur þessa stundina til þess að hreppa hnossið þykir Massimo D'Alema, fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu, en erfitt gæti þó reynst að fá stuðning fyrrverandi Austantjaldsríkja við hann, þar sem hann var meðlimur í Kommúnistaflokki Ítalíu.

Helstu keppinautar hans eru Olli Rehn, stækkunarstjóri ESB, Ursula Plassnik, fyrrverandi utanríkisráðherra Austurríkis, og Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar.

gudsteinn@frettabladid.is


## Húsfélagaþjónusta Kaupþings sparar þér tíma og fyrirhöfn

- **Ekkert mánaðargjald**
- Einföld innheimta
- Öflugur netbanki
- Fullkomið rekstraryfirlit
- Félagatal og greiðslustaða
- **Þinn þjónusturáðgjafi**

Nánar á www.kaupthing.is/husfelag

Komdu í viðskipti með húsfélagið þitt. Sendu fyrirspurn á **husfelag@kaupthing.com** – hringdu í síma 444 7000 eða komdu við í næsta útibú. Starfsfólk Kaupþings tekur vel á móti þér og veitir allar nánari upplýsingar.

NÝI KAUPÞING BANKI

ÍSLENSKA SIA.IS KAU 47733 11/09




# HR Í ALÞJÓÐLEGRI ATHAFNAVIKU

16.–22. NÓVEMBER



**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK – ALÞJÓÐLEGUR OG ATHAFNASAMUR!**

Háskólinn í Reykjavík opnar dyr sínar upp á gátt í Alþjóðlegu athafnavikunni og býður almenningi að koma og kynna sér og taka þátt í broti af þeirri fjölbreyttu starfsemi sem fram fer við skólann.

**MÁNUDAGUR 16. NÓVEMBER**

- **Ýtt úr vör!**
- **Göngum lengra**. Grunnur lagður að árangri og athafnasemi fyrir framtíðina. Stefnumót við framhaldsskólanema.

**ÞRIÐJUDAGUR 17. NÓVEMBER**

- **Ef við – þá þú!** Hvernig ná kvenfrumkvöðlar árangri?
  Kl. 12:10 – 13:00. Staðsetning: HR – Ofanleiti 2, stofa 101. ALLIR VELKOMNIR!
- **Konur í verkfræði – frumkvöðlar**. Kl. 17:00 – 18:00. Staðsetning: HR - Ofanleiti 2, stofa 131a. ALLIR VELKOMNIR!
- **Athafnagleði kvenna – athafnatorg**. Athafnaglaðar konur kynna fyrirtæki/starfsemi sína - framleiðslu jafnt sem ferðalag hugmyndanna.
  Kl. 20:00. Staðsetning: Hugmyndahús háskólanna, Grandagarði 2. ALLAR KONUR VELKOMNAR!

**MIÐVIKUDAGUR 18. NÓVEMBER**

- **Opin lögfræðiráðgjöf á sviði hugverkaréttar**. Lögfræðiþjónusta Lögréttu.
  Kl. 14:00 – 17:00. Staðsetning: Hugmyndahús háskólanna, Grandagarði 2. ALLIR VELKOMNIR!
- **Taktu af skarið**. Nýttu mátt frumkvæðis og áhrifa til aukins árangurs í lífi og starfi.
  Kl. 12:00 – 13:00. Staðsetning: HR – Opni háskólinn, Ofanleiti 2, stofa 338. ALLIR VELKOMNIR!
- **Leiðtoga- og nýsköpunarvinnustofa**. Ætlað stjórnum nemendafélaga framhaldsskólanna.
  Kl. 16:00 – 18:00. Staðsetning: HR – Ofanleiti 2, stofa 131a.
- **Ungir frumkvöðlar – klárir krakkar**. Ad Astra. Ætlað grunnskólabörnum og aðstandendum þeirra.
  Kl. 17:00 – 18:00. Staðsetning: HR – Opni háskólinn, stofa 338. ALLIR VELKOMNIR!

**FIMMTUDAGUR 19. NÓVEMBER**

- **Fjármálalæsi og frumkvöðlar**. Kl. 13:00 – 14:00. Ætlað nemendum í Réttarholtsskóla. Staðsetning: Réttarholtsskóli.
- **Nýsköpun og frumkvöðlastarf notenda**. Kl. 12:00 – 12:50. Staðsetning: HR - Ofanleiti 2, stofa 201. ALLIR VELKOMNIR!
- **Nýjar aðferðir við hugbúnaðarþróun**. Kl. 12:00 – 13:00. Staðsetning: HR - Ofanleiti 2, stofa 101. ALLIR VELKOMNIR!
- **Bensínbíl breytt í rafbíl – opin smiðja**. Kl. 13:00 – 20:00. Staðsetning: Lagnakerfamiðstöð Íslands, Keldnaholti. ALLIR VELKOMNIR!

**FÖSTUDAGUR 20. NÓVEMBER**

- **Viðskiptasmiðja Klaks – sköpun viðskiptahugmynda**.
  Kl. 10:00 – 16:00. Staðsetning: HR – Kringlan 1, stofa K3. **Skráning klak@klak.is**. ALLIR VELKOMNIR!
- **Samfélagsábyrg nýsköpun, Eþikos**. Kl. 12:00 – 13:00. Staðsetning: HR - Kringlan 1, stofa K5. ALLIR VELKOMNIR!
- **Bensínbíl breytt í rafbíl – opin smiðja**. Kl. 13:00 – 20:00. Staðsetning: Lagnakerfamiðstöð Íslands, Keldnaholti. ALLIR VELKOMNIR!

**LAUGARDAGUR 21. NÓVEMBER**

- **Kynningarþjálfun Klaksins**. Fyrir þá sem lokið hafa Viðskiptasmiðju Klaks – sköpun viðskiptahugmynda.
  Kl. 9:00 – 17:00. Staðsetning: HR – Kringlan 1. **Skráning klak@klak.is**.

Sjá nánar á:
www.athafnavika.is
www.hr.is/athafnavika

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY


**KÖLD LIST** Listamaður leggur lokahönd á ísskúlptúr fyrir hollensku ísskúlptúrahátíðina sem haldin var í borginni Roermond um helgina. NORDICPHOTOS / AFP

Golfkennaraskóli Golfsambandsins hlýtur alþjóðlega viðurkenningu og réttindi:

# Stórt skref fyrir íslenskt golf

**ÍÞRÓTTIR** Íslenski PGA-golfkennaraskólinn hlaut formlega viðurkenningu af PGA-samtökunum á ársþingi PGAs of Europe sem haldið var í Murcia á Spáni á dögunum. Að sögn Arnars Más Ólafssonar, skólastjóra PGA-skólans, er þetta mjög mikilvægur áfangi í sögu golfíþróttarinnar hér á landi.

„Af þeim löndum í Evrópu sem eru aðilar að PGA eru eingöngu nítján lönd sem hafa fengið skólana sína viðurkennda. Þetta er ferli sem er búið að taka okkur tæp fjögur ár og hafa margar hendur lagt mikið á sig til að ná þessum áfanga,“ segir Arnar.

Golfkennaraskólinn hefur verið í viðurkenningarferli hjá EPGA síðan skólinn var settur á fót árið 2005. Viðurkenningin felur það í sér að þeir nemendur sem ljúka námi hljóta evrópuréttindi til golfkennslu. Þetta staðfestir það að skólinn hefur tilætluð gæði og stöðugleiki er tryggður. Skólinn hefur útskrifað tuttugu nemendur á síðustu þremur árum.

PGA á Íslandi, samtök atvinnukylfinga, eru aðili af PGAs of Europe sem hefur það meginmarkmið að tryggja hágæða kennslu í golfi. Innan aðildarfélaganna eru um það bil fimmtán þúsund golfkennarar og eru nú félagsmenn sextíu á Íslandi. - shá


**STÓR STUND** Agnar Már Jónsson, framkvæmdastjóri PGA á Íslandi, Tony Bennett, framkvæmdastjóri hjá PGA, Arnar Már Ólafsson, Leif Ohlson og Ingi Þór Einarsson frá PGA á Íslandi. MYND/GSÍ

Blindrabókasafn Íslands:

# Samið við norræn bókasöfn

**MENNING** Samningar hafa náðst hjá Blindrabókasafni Íslands við sams konar söfn í Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Finnlandi um millisafnalán. Með því eykst úrval lánþega safnsins til muna.

Samningurinn nýtist námsmönnum sérstaklega vel, ekki síst í námsefni á framhalds- og háskólastigi. Með honum geta söfnin gengið í safnkost hvers annars, lánað eintök beint áfram eða afritað og dreift til notenda. Blindrabókasafn Íslands er minnsta safn sinnar tegundar á Norðurlöndunum og því eftir miklu að slægjast fyrir lánþega. Leshamlaðir fá með þessu aðgang að tugþúsundum bóka. - kóp


**FRÁ AFHENDINGUNNI** Verðlaunahafarnir ásamt fulltrúum Landsbankaleiksins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Raunveruleik LÍ lokið:

# Sindri vann

**FÓLK** **Sindri Snær Svanbergsson, nemandi í 10. bekk í Snælandsskóla, fór með sigur af hólmi í flokki einstaklinga í Raunveruleiknum, árlegri keppni á vegum Landsbankans. Alda Kristín Guðbjörnsdóttir og Guðmundur Ingi Óskarsson urðu í öðru og þriðja sæti einstaklinga. Litla-Hraun, 10. bekkur Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar, sigraði í keppni bekkjardeilda. Úrslitin voru kynnt á föstudag.**

**Raunveruleikurinn er gagnvirkur hermileikur, hannaður sem fjármála- og neytendafræðsla fyrir efstu bekki grunnskóla. Leikurinn hófst í fyrsta sinn árið 2001 og stendur yfir í fjórar vikur. Í ár tóku 1.500 nemendur í tíunda bekk þátt í leiknum.** - jab

Íslenskum tillögum fylgt í þaula eftir úttekt:

# Sprengja stíflur til að bjarga laxastofni

**UMHVERFISMÁL** Tillögum Verndarsjóðs villtra laxastofna (NASF) um framtíðarnýtingu eins víðáttumesta votlendis Evrópu verður fylgt í þaula af frönskum stjórnvöldum. Þau hafa ákveðið að tvær stíflur á vatnasvæðinu, sem eru nálægt Mont-Saint-Michel, frægum ferðamannastað í Normandy, verði fjarlægðar.

Í september 2008 fól umhverfisráðuneytið í Frakklandi, sérfræðingahópi NASF, að gera gagngera úttekt á svæðinu og gera tillögur að endurheimt þess. Í byrjun þessa árs skilaði sérfræðingahópurinn tillögum sínum sem fela í sér að stíflurnar verði fjarlægðar sem hamlað hafa laxagöngum og aðkomu laxins að mikilvægum búsvæðum. Tillögurnar gerðu og ráð fyrir endurskipulagningu búsvæða, hógværð í nýtingu stangveiðimanna, viðskiptaáætlunum og samvinnu hagsmunaaðila við uppbyggingu svæðisins.


**ORRI VIGFÚSSON** Er formaður NASF og hefur barist ötullega fyrir verndun laxastofna hér og erlendis á undanförnum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jean-Louis Borloo, ráðherra umhverfismála, og Chantal Jouanno ráðuneytisstjóri, hafa kynnt ákvarðanir sínar sem fela í sér að leyfi til raforkuframleiðslu eru afturkölluð og héraðsstjóranum falið að gera ráðstafanir til að fjarlægja stíflurnar.

Formaður NASF, Orri Vigfússon, fagnar hugrekki Frakka og segir að hér sé sýnt í verki að unnið sé heils hugar að endurreisn laxastofna í Evrópu í Frakklandi. - shá


**HÖFN Í HORNAFIRÐI** Íbúar Hafnar í Hornafirði láta hendur standa fram úr ermum. Rúmlega þrjátíu viðburðir hafa verið skráðir á Alþjóðlegu athafnavikunni.

# Íbúar prjóna kærleikstrefil

**Alþjóðlega athafnavikan hefst víða um heim í dag. Rúmlega hundrað viðburðir verða víða um land. Á Höfn í Hornafirði prjóna bæjarbúar saman trefil.**

**FÓLK** „Okkur fannst það sniðug hugmynd að vera með fasta viðburði hér í miðrými Nýheima þar sem íbúar geta verið með athafnasemi,“ segir Björk Pálsdóttir, verkefnisstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Höfn í Hornafirði.

Nýheimar er fræðslu- og þekkingarsetur á Höfn og verður það miðpunkturinn þar á Athafnavikunni sem hefst við hátíðlega athöfn í rúmlega hundrað löndum í dag.

Fjölmargt verður gert í vikunni á Höfn. Þar á meðal geta bæjarbúar komið með eigið afgangsgarn og prjónað saman kærleikstrefil, sem hengdur verður upp í bókasafninu á Höfn. Hugmyndin er að sem flestir geti tekið þátt í prjónaskapnum óháð getu og kunnáttu þátttakenda en Guðný Svavarsdóttir bókasafnsvörður mun verða fólki innanhandar við prjónaskapinn. „Þar fáum við tækifæri til að vinna að sameiginlegu verkefni sem minnir okkur á samstöðu og kærleik,“ segir Björk.

Auk kærleiksríks prjónaskapar geta bæjarbúar málað saman málverk í Nýheimum undir handleiðslu Guðrúnar Ingólfsdóttur listakonu, stigið upp á ræðukassa og tjáð sig með frjálsu sniði.


**BJÖRK PÁLSDÓTTIR**

Björk segir þátttöku í Athafnavikunni á Höfn afar góða miðað við að undirbúningur hennar hafi byrjað af krafti fyrir hálfum mánuði. Björk segir hafa tekist að hvetja fólk til athafna og það hafi tekist vel enda Hornfirðingar mjög athafnasamir. Nú eru skráðir 33 viðburðir á Höfn.

Skráning viðburða á Athafnavikuna stóð nær sleitulaust yfir alla síðustu viku. Þegar skráningu lauk á föstudag voru viðburðir víða um land komnir yfir hundraðið. Þeir eru af öllum stærðum og gerðum.

Alþjóðlegu athafnavikunni verður formlega ýtt úr vör í Norræna húsinu í Reykjavík klukkan 17 í dag. jonab@frettabladid.is

## DAGSKRÁIN Í DAG - 16. NÓVEMBER

- **12.00-13.00** Uppbyggilegt hádegi hjá Auði Capital (Borgartúni 29)
- **12.00-15.00** Menntasmiðjan – Rauðakrosshúsið (Borgartúni 25)
- **12.00-14.00** Aðstoð við Facebook – Rauðakrosshúsið (Borgartúni 25)
- **12.15-12.45** Frumkvæði og framkvæmdagleði, Amts-Café (Amtsbókasafninu)
- **13.00** Kraftganga – Golfleikjaskólinn, Jónshús (við Sjálandshverfi í Garðabæ)
- **13.00-15.00** Barn og náttúra, Litla kistan (Bergstaðastræti 13)
- **15.00-16.00** Kvennapúttmót 60 ára og eldri – Golfleikjaskólinn, Íþrótta- og sýningarhöllin í Laugardal (aðalinngangur C)
- **15.00-17.00** Origami. Japanskt handverk á blaðsneið – Rauðakrosshúsið (Borgartúni 25)
- **16.00** Raddir barna í Þjórsárskóla – Þjórsárskóli í Árnesi
- **17.00** Opnunarhátíð Alþjóðlegar athafnaviku á Íslandi – Norræna húsið
- **17.00-18.00** Göngum lengra, Háskólinn í Reykjavík (stofa 131a)

**Ótímasettir viðburðir**

- Dagur íslenskrar tungu, Bókasafn Árborgar, Selfossi (Á opnunartíma safnsins)
- Sýningar í bókasafni Árborgar, Selfossi (Á opnunartíma safnsins alla daga vikunnar)
- Sýningar í bókasafni Árborgar, Stokkseyri
- Sýningar í bókasafni Árborgar, Eyrarbakka
- Ýtt úr vör – Háskólinn í Reykjavík
- Kærleikstrefill – Nýheimar, Höfn í Hornafirði
- Málverk – Nýheimar, Höfn í Hornafirði
- Hljóðfæri og „Speaker's corner“ – Nýheimar, Höfn í Hornafirði


ER AÐ MARKA FJÁRLÖG?
RÁÐSTEFNA UM OPINBER FJÁRMÁL
ÞRIÐJUDAGINN 17. NÓVEMBER 2009 KL. 13:30–17:00 Á HÓTEL NORDICA
DAGSKRÁ OG SKRÁNING Á VEF SA: WWW.SA.IS
FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ SAMTÖK ATVINNULÍFSINS FFR
ÍSLENSKA/SIA.IS/SAL 47915 11.09





„Michelin X ICE eru bestu vetrardekk sem ég hef nokkru sinni kynnst á 40 ára ferli sem ökukennari.
Það er sama hvort ekið er í slabbi, snjó, slepju eða fljúgandi hálku - gripið í þessum ónegldu dekkjum er alveg undursamlegt.“
Gylfi Guðjónsson, ökukennari
N1 Þú færð Michelin dekkin hjá Hjólbarðaþjónustu N1



Íslenskt hugvit
– okkar hagur!
EITT HUNDRAÐ KRÓNUR
ÍSLAND 2006
Veljum íslenskt!
SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is

## „ORÐRÉTT“

*Eitt bros getur dimmu …*

**„Hvernig væri að brosa þegar góðar fréttir koma?“**

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON FJÁRMÁLARÁÐHERRA VILL AÐ FÓLK GLEÐJIST MEIRA Í ÞINGSALNUM.
**Á Alþingi, 13. nóvember.**

*Hvaða mann þá?*

**„Þetta er lítið skref fyrir einn mann en stórt fyrir alla Íslendinga.“**

ALÞINGISMAÐURINN ÞÓR SAARI ER ÁNÆGÐUR MEÐ ÁKVÖRÐUN SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA AÐ SELJA VIÐBÓTARKVÓTA Á SKÖTUSEL.
**Á Alþingi, 13. nóvember.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUÐMUNDUR HRAFNKELSSON FV. LANDSLIÐSMARKVÖRÐUR

## *Stefnir á sveinspróf í smíði í desember*



„Ég vinn sem leiðbeinandi í Fjölsmiðjunni í Kópavogi sem er verkþjálfunar- og fræðslusetur fyrir ungt fólk, á aldrinum sextán til 24 ára. Þar hef ég leiðbeint krökkunum í vinnu, meðal annars á trésmíðaverkstæðinu en líka við önnur störf þar en við erum meðal annars með handverksdeild, rafmagnsdeild, hönnun og eldhús á staðnum,“ segir Guðmundur Hrafnkelsson, fyrrverandi landsliðmarkvörður Íslands í handbolta, sem enn er leikjahæsti leikmaður íslenska landsliðsins en hann lék 406 landsleiki á ferlinum.

„Ég er svo sem ekki alveg búinn að segja skilið við handboltann, Ég er aðstoðarþjálfari meistaraflokks Víkings og sé einnig um markvarðaþjálfun eldri og yngri leikmanna í Víkingi,“ bætir Guðmundur við en þetta er í fyrsta sinn sem hann starfar innan vébanda Víkings. „Ég var upphaflega í Fylki, þá í Breiðablik, en lengst var ég í Val. En það er ágætt að prófa eitthvað nýtt,“ segir Guðmundur sem lætur vel af vistinni í Fossvoginum.

Guðmundur fæst við fleira en kennslu og þjálfun. „Ég hef verið í kvöldnámi í húsasmíði í Iðnskólanum og stefni á að taka sveinsprófið í desember. Þannig að það má segja að það sé nóg að gera og unnið flest kvöld.“

## SKATTAR
### ÆVAGÖMUL GJÖLD

■ Elsta dæmið um skattheimtu sem vitað er um er frá Egyptalandi til forna, um 3.000 til 2.800 fyrir Krist. Annað hvert ár fóru fulltrúar Faraós um ríkið og innheimtu skattinn. Biblían segir einnig frá skattheimtu, til að mynda því að Faraó hafi tekið fimmtung af kornuppskeru. Í Evrópu var skattheimta undirstaða veldis konunga og fursta á miðöldum, gegn vernd þegnanna.

Á Íslandi voru sett lög um tíund árið 1096 eða 1097. Þau lög voru samþykkt samhljóða hér, en höfðu valdið deilum í öðrum löndum. Síðan hafa Íslendingar greitt skatta í einhverju formi.

Tungutak

## Kirtlar og kyrtlar

Á mörkum háls og bringu, rétt ofan við bringubeinið, er lítil dæld sem nefnist hóst. Þar undir er hóstarkirtill, sem gegnir stóru hlutverki í ónæmiskerfi líkamans í barnæsku og á unglingsárum. Samkvæmt Vísindavefnum er hóstarkirtillinn reyndar ekki kirtill, heldur „bleikgráleitt, tvíblaða líffæri úr eitil- og þekjuvef“, svo því sé nú haldið til haga.

Meðal alvöru kirtla eru hins vegar innkirtlar, svo sem heiladingull, skjaldkirtill og kynkirtlarnir, eistu og eggjastokkar, auk útkirtla á borð við bris og lifur.

Læknavísindin eru nú svo háþróuð að hægt er að fjarlægja kirtla úr lifandi eða dauðum mönnum, að hluta eða heild, og jafnvel græða í aðra ef því er að skipta. Jóhannes Sakaríason skírari og spámaður mælti árið 29 e. Kr.: „Sá sem á tvo kyrtla gefi þeim er engan á…“ en þar sem kyrtlarnir sem Jóhannes nefndi voru með ypsíloni átti hann líklega við sanngjarna dreifingu á stuttum kjóllaga karlmannsflíkum en ekki líffærum. **- mt**

# Menning í öllum sínum myndum

**Menningunni er sinnt af ákefð á nýjum stað í miðborg Reykjavíkur en þar má finna málverk og músík í bland við ballskák, bridds og hefðbunda skák. Þá er boltinn á skjánum og kaldur í krananum í nýju og huggulegu umhverfi.**

„Jú, auðvitað er þetta hálfgert brjálæði, en ég hef nú svo sem verið þekktur fyrir að vera brjálaður hingað til,“ segir Herleifur Haraldsson. Hann opnaði nýjan stað, ásamt eiginkonu sinni Nönnu Snorradóttur, á Hverfisgötunni. Þangað geta menningar- og ölþyrstir gestir leitað.

Staðurinn hefur hlotið nafnið 46 - bar gallerí og stendur við Hverfisgötu, númer 46 eins og nafnið gefur til kynna. Þar var áður til húsa billjarðstofa og hafa ballskákarþyrstir miðbæjarbúar þurft að leita út fyrir miðbæinn síðan sá staður lokaði; nokkuð sem alvöru miðbæjarrottum þykir goðgá. En Herleifur og Nanna hafa nú bætt úr því.

„Við erum með pool-borð á staðnum og bjóðum upp á aðstöðu fyrir skák og bridds. Við þjónum því flestum menningarleikjunum, eins og við köllum það. Við höfum staðið í miklum framkvæmdum og vildum gera staðinn huggulegan og þægilegan. Það er ekki létt verk þar sem hann er svo stór, en ég held að okkur hafi tekist nokkuð vel upp,“ segir Herleifur.

Staðurinn var opnaður með pompi og prakt laugardaginn 31. október. Um leið opnaði myndlistarmaðurinn Ómar Stefánsson málverkasýningu og hangir hún enn uppi. Herleifur segir framhald verða á því, ætlunin sé að önnur taki við og þannig koll af kolli. Alltaf hangi sýning uppi við.



**STOLTUR EIGANDI** Herleifur og Nanna gerbreyttu húsnæðinu við Hverfisgötu 46 og hafa nú opnað glæsilegan stað sem sinnir öllum kimum menningarinnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þegar ég sest niður á stað vil ég geta notið þess að vera þar inni. Hér geta menn sest niður með drykk og virt fyrir sér fallegar myndir á veggjunum. Það er mjög góður andi hérna inni, allt nýtt en huggulegt og notalegt um leið.“

Svið er á staðnum og hægt að halda þar fjölmenna tónleika. Nú þegar hafa Andrea Gylfadóttir og Eddi Lár stigið á svið við góðar undirtektir. Með staðnum bætist því við tónleikastaðina í borginni.

Sé ballskák, bridds, skák, myndlist og tónlist ekki nóg; þá geta þeir allra menningarþyrstustu sest niður og notið þess að horfa á fótbolta af stórum skjá. Svo er líka alltaf hægt að fá sér bara einn drykk og láta menninguna eiga sig. **kolbeinn@frettabladid.is**







**STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR**
**spilar tónlist**
**Sigurðar Flosasonar**




**Stjórnandi og einleikari er Sigurður Flosason**

Flutt verður tónlist Sigurðar Flosasonar í útsetningum Daniels Nolgård. Tónleikarnir eru haldnir í tilefni af útkomu geisladisksins Dark Thoughs, en hann kom út fyrir skemmstu bæði í Svíþjóð og hér á landi. Á disknum flytja Sigurður og Daniel Nolgård sömu efnisskrá með sænsku Norrbotten stórsveitinni. Í upphafi tónleikanna mun Stórsveit Tónlistarskóla FÍH flytja eitt af lögum Sigurðar undir stjórn Samúels J. Samúelssonar.

**FÍH salurinn**
**Rauðagerði 27**
**Mánudag 16. nóv. kl. 20:00**

Styrkt af Reykjavíkurborg
Tónlistarsjóður

**Aðgangur ókeypis**


Fjörutíu ljósmyndarar gefa myndir á ljósmyndasýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur:

# Ágóðinn til Mæðrastyrksnefndar

„Þetta er bara mín leið til að leggja hönd á plóg í þessu ástandi og reyna að láta gott af mér leiða,“ segir Jóhann Smári Karlsson ljósmyndari, sem stendur fyrir ljósmyndasýningu til styrktar Mæðrastyrksnefnd í Tjarnarsal Ráðhússins 21. nóvember til 6. desember.

Jóhann fékk til liðs við sig fjörutíu ljósmyndara og hver og einn gefur eina mynd á sýninguna. Fólki gefst færi á að bjóða í myndirnar og verður lægsta boð tíu þúsund krónur. Jóhann Smári segist reikna með að meðalverð á myndum verði á bilinu 20 til 60 þúsund krónur. „Ég er að minnsta kosti bjartsýnn á að okkur eigi eftir að ganga vel. Ég finn þegar fyrir miklum áhuga hjá fólki og vona að okkur takist að safna smá aur fyrir skjólstæðinga Mæðrastyrksnefndar. Ekki veitir af fyrir jólin.“

Ljósmyndararnir á sýningunni tengjast allir í gegnum Flickr-ljósmyndavefinn. Að sögn Jóhanns voru allir boðnir og búnir til að taka þátt þegar hann bar hugmyndina undir þá. „Hver og einn fékk frjálsar hendur í efnistökum og útkoman er frábær. Ég held ég geti lofað ákaflega fjölbreyttri sýningu.“

Sýningin verður auglýst nánar þegar nær dregur, meðal annars á Facebook-samskiptavefnum. Sýningin opnar sem fyrr segir í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur, næstkomandi laugardag klukkan 14. **-bs**



**JÓHANN SMÁRI** Ljósmyndararnir sem taka þátt í sýningunni fengu frjálsar hendur og segir Jóhann útkomuna vera afar fjölbreytta og skemmtilega.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ódýrt að versla!




RAUÐSPRETTA
FROSIN

**598** kr/kg

HOLLENSK BLANDA
750g



**259** kr/pk.

RÓSARKÁL
750g




**199** kr/pk.

MAISKORN
750g




**299** kr/pk.

Á meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

www.markhonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þjóðfundur 2009:

# Þjóðin getur, vill og mun

**HALLA TÓMASDÓTTIR SKRIFAR**

Á Þjóðfundinum 2009 kom kraftur íslensku þjóðarinnar vel í ljós. Á fundinum kom skýrt fram að þjóðin getur, vill og mun ganga sameinuð og sterk til þess uppbyggingarstarfs sem fram undan er með sameiginleg gildi að leiðarljósi.

Aldrei fyrr hefur fulltrúum heillar þjóðar verið safnað saman á svipaðan hátt og á Þjóðfundi þar sem saman komu á jafnræðisgrundvelli 1.500 Íslendingar á 162 níu manna borðum til að skilgreina gildi þjóðarinnar og framtíðarsýn og fanga sameiginlega visku þjóðarinnar.

Auk þátttakenda gáfu hátt í 400 sjálfboðaliðar tíma sinn og krafta til þess að gera þennan viðburð mögulegan. Á annað hundrað fyrirtæki og félagasamtök auk Reykjavíkurborgar og stjórnvalda lögðu einnig til fé, húsnæði, búnað, vörur og þjónustu.

Kraftur og gleði einkenndi framkvæmd Þjóðfundar frá upphafi til enda. Athyglisvert var að sjá hversu mikil gagnkvæm virðing einkenndi skoðanaskipti ólíks fólks með ólíkar skoðanir. Fólk bar virðingu hvert fyrir öðru og hefðbundinn skotgrafarhernaður var víðs fjarri. Líklega fór enginn ósnortinn heim enda samhljómurinn og samkenndin mikil. Kaflaskil, bjartsýni og von voru orð sem heyrðust á hverju borði og viljinn til að leggja sitt af mörkum og axla ábyrgð á betri framtíð var áþreifanlegur.

Vilji þjóðarinnar virðist skýr. Heiðarleiki er gildið sem þjóðin setur í öndvegi og skammt undan eru virðing, réttlæti og jafnrétti. Fundurinn komst einnig að niðurstöðu um helstu stoðir samfélagsins og setti þar menntun á oddinn, og á eftir komu fjölskyldan, velferð og heilbrigðismál, atvinnulíf, umhverfismál, sjálfbærni, jafnrétti, stjórnsýsla og tækifæri. Unnið var að framtíðarsýn fyrir hverja stoð og þátttakendur fengu einnig tækifæri til að leggja til hugmyndir að verkefnum og aðgerðum. Enn er verið að skrá gögn þátttakenda í upplýsingakerfi sem unnið hefur verið í sjálfboðavinnu og verða gögnin öllum aðgengileg á vef Þjóðfundar, www.thjodfundur2009.is. En hvernig tryggjum við að vilji þjóðarinnar nái fram að ganga í okkar samfélagi? Ef við viljum heiðarleika, þá verðum við að huga að því frá leikskólum til háskóla, frá stjórnmálum til dómstóla og eftirlitsaðila og skilaboðin verða að vera skýr, við getum ekki bara talað um að lifa í sátt við lög og reglur, við verðum líka að lifa í sátt við grunngildin.

Niðurstöðurnar voru afar skýrar um grunngildin, meginstoðir í framtíðarsýninni og áhersluþætti innan hverrar stoðar. Vonast er til að fjölmiðlar, stjórnmálaflokkar, ríkisstjórn, sveitarstjórnir, viðskiptalífið og allir þeir sem láta sig vilja þjóðarinnar varða nýti niðurstöður fundarins á komandi ári. Fram undan er mikil stefnumótun á flestum sviðum samfélagsins, gagnagrunnur Þjóðfundar og sameiginleg gildi þjóðarinnar nýtast við þá vinnu. Boltinn er nú hjá okkur öllum og þar með hjá þeim sem nú gegna forystuhlutverkum í samfélaginu. Íslenska þjóðin sýndi á Þjóðfundi 2009 að hún er sterk, jákvæð, samheldin og umfram allt tilbúin í jákvæða uppbyggingu samfélagsins, uppbyggingu sem mun grundvallast á sterkum gildum og sameiginlegri framtíðarsýn – því íslenska þjóðin, getur, vill og mun komast sterk úr þeim stórsjó sem nú dynur á.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Frelsisástin

Prófessor Hannes Hólmsteinn Gissurarson skrifar áhugverðan Pistil á Pressuna. Þar fer hann yfir hin gömlu gildi Íslendinga, sem kunnu ekki við sig annars staðar á Norðurlöndum, vantaði frekara svigrúm. Þetta er athyglisverð söguskoðun hjá prófessornum, rímar nokkuð við Jónas frá Hriflu og rómantík 19. aldar. Hannes veit nefnilega sem er að forfeður vorir þrifust ekki í hinum norræna sósíal og lögðu því öldu undir knörr af frelsisást einni saman. Frelsisástin rak þá líka til að koma við á leiðinni og ná sér í nokkra þræla og síðan í fyrirheitna landið hvar engar voru reglur og ekkert ónæði. Þar lifðu þeir og töldu best að hafa engan höfðingja, líkt og Hannes bendir á; þó sjálfur hafi hann trauðla lifað höfðingjalaus á sinni tíð.



### Nei, ekki alveg

Hannes horfir líka til Sumarhúsa og spyr athyglisverðrar spurningar, sérstaklega í ljósi þess að það er ævisöguhöfundur Laxness sem spyr: „Var þrjóska Bjarts ekki öðrum þræði festa og lífsþróttur?“ Ehh … nei, alls ekki. Ekki frekar en Tíðindalaust á Vesturvígstöðvunum fjallar um gildi þess að standa á sínu og hvika hvergi, eða Þrúgur reiðinnar um að grasið sé alltaf grænna hinum megin. En það er hlutverk akademíunnar að spyrja spurninga, fyrir það hafa skattgreiðendur borgað Hannesi laun í áratugi.

### Elín spæjó

Fréttaaukinn á RÚV er fínn þáttur, ágætisblanda alvarlegra og léttari mála. Á sunnudaginn var til að mynda fjallað um barnaverndarmál, Vigdísi Finnbogadóttur og sýndar gamlar myndir af fyrstu útskrift MH. Að þeim myndum sýndum, tilkynnti Elín Hirst ábúðarfull að „Fréttaaukanum hefði tekist að hafa upp á fyrsta stúdentinum frá MH.“ Áhorfendum þótti mikið til rannsóknarhæfileika þáttarstjórnanda koma; sú staðreynd að viðkomandi vann í MH dró ekkert úr aðdáuninni.



kolbeinn@frettabladid.is

# Tekjur af ferðaþjónustu

**UMRÆÐA**

Íslensk ferðaþjónusta



ÁRNI GUNNARSSON

Í umræðum undanfarinna daga hefur mikið farið fyrir skattahækkunaráformum stjórnvalda. Ekki er óeðlilegt að tilhneiging sé til að loka stóru fjárlagagati með auknum skattahækkunum, vandamálið er stórt og leiðir að markmiðum erfiðar. Margur skyldi ætla að hámörkun tekna hins opinbera af ferðaþjónustu lægi í gegnum hækkun á sköttum, það er þó grundvallarmisskilningur og langur vegur frá því að vera réttur. Er aukning gjaldeyristekna upp á 37 prósent á þessu ári miðað við fyrra ár vegna aukinnar skattheimtu? Nei, hér hefur veik króna ásamt öflugu markaðsstarfi skilað árangri sem er einstakur í íslenskri ferðaþjónustusögu. Áætlaðar gjaldeyristekjur þjóðarinnar af erlendum ferðamönnum eru um 150 milljarðar á þessu ári og hafa aldrei aukist jafnhratt á einu ári og núna, umfjöllun um Ísland hefur aldrei verið meiri á alþjóðlegum vettvangi og þó svo að margt hafi neikvætt verið sagt um fjármálaumhverfi Íslands hefur landið sem betur fer aldrei verið þekkt sem fjármálamiðstöð, náttúra Íslands er það sem landið er þekkt fyrir.

### Samkeppnin

Í ljósi efnahagsumróts helstu viðskiptalanda okkur hefur samdráttur orðið í helstu ferðamannalöndum Evrópu, nægir þar að nefna Spán sem eitt stærsta ferðamannaland okkar heimshluta, þar er áætlaður samdráttur í komum erlendra ferðamanna um 10 prósent. Viðbrögð við þessum samdrætti í samkeppnislöndum okkar hafa öll verið á einn veg, aukin markaðssetning er svarið, samkeppnin um ferðamanninn er meiri en nokkurn tíma áður.

Það eru engin geimvísindi að aukin markaðssetning skilar sér í auknum fjölda ferðamanna svo vitnað sé í orð okkar ágæta ráðherra ferðamála, en orðum þurfa að fylgja aðgerðir, framlag hins opinbera til markaðssetningar íslenskrar ferðaþjónustu er áætlað að minnki um 20 prósent á næsta ári. Á sama tíma áætla einkaaðilar að fjölga framboði á flugferðum til og frá landinu um 10 prósent. Það er erfitt að hafa tekjur af ferðamönnum sem koma ekki til landsins. Með þetta í huga er rétt að horfa á fyrirhugaða skattheimtu hins opinbera á komur ferðamanna. Með tilvísun í orð ráðherra ferðamála eru það heldur engin geimvísindi að hækkun verðs á þjónustu minnkar eftirspurn, með álagningu nýrra skatta á komur ferðamanna má ætla að eftirspurn dvíni og þar með tekjur af ferðamönnum sem dvelja í landinu.

Samtök ferðaþjónustunnar telja að hámörkun tekna hins opinbera komi í gegnum aukna sókn í markaðssetningu til erlendra ferðamanna. Það er enginn kvóti á erlendum ferðamönnum, þeir fiska sem róa, tækifærin eru óþrjótandi og í huga okkar ferðaþjónustufólks er alveg ljóst að aukið framlag hins opinbera í markaðssetningu skili sér tífalt til baka. Þannig myndi 500 milljón króna aukið framlag skila sér í að lágmarki 5 milljarða tekjuaukningu fyrir ríkissjóð án nokkurra hækkana eða breytingu á núverandi skattkerfi.

### Traust á Íslandi

Ferðaþjónustan er grein sem hugsar til langs tíma, verðlagning þjónustu og vöru fyrir næsta ár hefur fyrir þó nokkru síðan verið kynnt okkar helstu endursöluaðilum, sem betur fer hafa litlar sögur farið af því að okkar helstu viðskiptavinir hafi minna traust á íslensku ferðaþjónustufyrirtækjum en fyrir hrun. Traust er það sem öll samskipti og þar með talin viðskipti byggjast á, með því að koma fram með skattahækkunaráform á þessum tíma er ljóst að traust okkar viðskiptavina á Íslandi og íslenskri ferðaþjónustu mun verða fyrir verulegum álitshnekki sem bera mun ófyrirséðar afleiðingar.

### Íslensk ferðaþjónusta er tilbúin

Íslensk stjórnvöld standa frammi fyrir tiltölulega einföldum valkosti hvað ferðaþjónustuna varðar, annars vegar er að pakka í vörn, draga úr markaðssetningu og reyna að mergsjúga þann minnkandi fjölda erlendra ferðamanna sem koma til landsins með auknum álögum. Hins vegar að sækja fram á völlinn full sjálfstrausts, spýta í markaðssetningu með metnaðarfullum aðgerðum í þeirri fullvissu að sókn sé besta vörnin. Íslensk ferðaþjónusta hefur þegar ákveðið sig: Að pakka í vörn er ekki valkostur nema stjórnvöld dragi allan kjark úr fólki. Við viljum sækja fram í þeirri fullvissu að í íslenskri ferðaþjónustu liggi framtíð landsins.

*Höfundur er formaður Samtaka ferðaþjónustunnar*

# Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

**UMRÆÐAN**

Anna Kristrún Halldórsdóttir skrifar um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna



ANNA KRISTRÚN HALLDÓRSDÓTTIR

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, eða Barnasáttmálinn, er eini alþjóðlegi samningurinn sem á sérstaklega við um börn. Samningurinn felur í sér viðurkenningu á því að börn séu hópur sem hafi sjálfstæð réttindi og að þau þurfi sérstaka umönnun og vernd. Öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna, fyrir utan Bandaríkin og Sómalíu, hafa fullgilt sáttmálann og er hann því útbreiddasti mannréttindasamningur heims.

Barnasáttmálinn var fullgiltur hér á landi árið 1992 og Ísland er því skuldbundið til að tryggja börnum þau réttindi sem fram koma í honum. Eins og kemur fram í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna þá eiga mannréttindi að tryggja öllum mönnum rétt til þess að borin sé virðing fyrir þeim. Börn eiga að sjálfsögðu að njóta sömu mannréttinda og fullorðnir en þar sem börn eru sérstaklega viðkvæmur og varnarlaus hópur er þeim tryggð aukin vernd og stuðningur í Barnasáttmálanum.

Öll börn eiga rétt til lífs. Öll börn eiga rétt á öruggu umhverfi og rétt á að tjá skoðanir sínar og að hlustað sé á þær. Öll börn eiga rétt á eigin sannfæringu og trú, og svo mörgu fleira í krafti Barnasáttmálans. Það er athugavert að það þurfti tvær heimsstyrjaldir fullar af grófum brotum á réttindum barna og heilt „kalt stríð“ til þess að þjóðir heims settust niður og semdu um réttindi í þágu allra barna. Það var hafist handa við að undirbúa slíkan samning árið 1979 og Barnasáttmálinn var lagður fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, fullbúinn til undirritunar og fullgildingar þann 20. nóvember árið 1989.

Hinn 20. nóvember næstkomandi verður Barnasáttmálinn því 20 ára. Af því tilefni munu ungmennaráð UNICEF, Barnaheilla og Umboðsmanns barna standa fyrir fjölbreyttum viðburðum í afmælisvikunni. Þar á meðal munum við birta eina grein á dag hér í Fréttablaðinu þar sem við fjöllum nánar um mikilvæg ákvæði sáttmálans.

*Höfundur skrifar fyrir hönd ungmennaráðs UNICEF.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


**SPRENGJUSPILIÐ** er nýtt íslenskt orðaspil sem kemur formlega út í dag, á degi íslenskrar tungu. Í spilinu hangir líf leikmanna á bláþræði meðan hættuleg sprengja tifar og leikmenn berjast við að finna viðeigandi orð út úr stafarununum sem þeir draga af spjöldum.



Ný sending af málaratrönum

Einnig úrval af olíu og acryl litum, penslum ásamt striga á blindrömmum.
Einnig liti í gjafaöskjum.
LISTALAGERINN
JÁRN&GLER
Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is

Viðhaldsfríar
ÞAKRENNUR
Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfrírri" klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar" þakrennur.
Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.
Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.
Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.
Hágæða
Varmaskiptasamstæður loftræstistokkar og tengistykki

HAGBLIKK ehf.
Smiðjuvegi 4C
Box 281 202 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203
hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is
Augl. Þórhildar 1460.24

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið


„Ég ber aldrei neina drykki fram í henni en hef stöku sinnum notað hana undir blóm," segir Ingibjörg um könnuna frá ömmu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Amma hafði könnuna upp á punt eins og ég

**Ingibjörg Haraldsdóttir rithöfundur á erfðagrip eftir ömmu sína og alnöfnu, Ingibjörgu Haraldsdóttur. Það er ævagömul ítölsk kanna sem henni þykir mikið til koma, enda er hún með krúsidúllum.**

„Ég veit ekki hvaðan amma fékk þessa könnu en hitt veit ég að hún er forn. Hún er orðin svolítið lúin en hefur aldrei brotnað," segir Ingibjörg þegar hún er beðin að sýna lesendum Fréttablaðsins einhvern heimilislegan hlut. Um leið teygir hún sig eftir könnu sem stendur uppi í hillu þar sem lítil hætta er á að hún verði fyrir hnjaski. Framleiðsluártalið vantar á hana en hún er búin til í Toskan Decoropottery.

„Ég man eftir þessari könnu heima hjá ömmu frá því ég var lítil og var alltaf svo hrifin af henni. Amma hafði hana upp á punt og það geri ég líka. Ég ber aldrei neina drykki fram í henni en hef stöku sinnum notað hana undir blóm."

Ingibjörg segir ömmu sína hafa átt heima hér í Reykjavík þegar hún kynntist henni. „Hún var fátæk kona í borginni. Varð ung ekkja og átti fjóra syni. Pabbi var elstur af þeim. Þeir fæddust vestur á Skarðsströnd bræðurnir og voru þar krakkar, pabbi þeirra var smiður og smíðaði meðal annars kirkjuna á Kvennabrekku í Dölum."

Sem betur fór tókst ömmunni að varðveita könnuna fyrir sonum sínum en það fór ekki eins vel fyrir harmónikunni sem hún átti. Afdrifum hennar lýsir Ingibjörg svo: „Pabbi minn var svo forvitinn krakki að hann reif harmónikuna alla í sundur og eyðilagði, svo amma gat ekki spilað á hana á böllum eins og hún hafði gert."

Ingibjörg situr ekki auðum höndum. Þó að hún sé nýbúin að gefa út ljóðasafn sitt er hún strax farin að huga að útgáfu næsta árs. Það er rússneskur doðrantur sem þarf þýðingar við. „Já, ég er með skáldsögu eldgamla," segir hún brosandi. „Þýði helst ekki annað en nítjándu aldar menn eða þaðan af eldri en ég keppi að því að þessi bók komi út á næsta ári."

*gun@frettabladid.is*

Fyrst og fremst í heilsudýnum

Svefn & heilsa
6 mán. vaxtalausar greiðslur
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00
www.svefn.is

**DÝRALEIKFÖNG** má auðveldlega búa til heima. Ungbarnasokkur er fylltur af filti sem úðað hefur verið með svokallaðri catnip-lykt en það má fá í dýrabúðum. Saumað er fyrir opið og band fest við sokkinn svo úr verður skemmtilegt leikfang.



# Tappar kvenorku á tóbakshorn

**Andrea Róberts situr sjaldan með hendur í skauti. Undanfarnar vikur hefur hún hlaupið á eftir kraftmiklum konum og reynt að næla í dálítið af kvenorku þeirra.**

„Það er svo mikið af frábærum konum hér á Íslandi. Kjarkur þeirra, hæfileikar, þor og dugnaður er þannig að eftir er tekið um heim allan. Það gustar af kynsystrum mínum orkan og hana hef ég fangað og tappað á tóbakshorn,“ segir Andrea en hún er með B.A. í félags- og kynjafræði og M.S. í mannauðsstjórnun. „Þessi gjörningur er mitt framlag til alþjóðlegrar athafnaviku sem er í þessari viku en morgundagurinn er sérstaklega helgaður viðburðum athafnakvenna.“

En hvers vegna urðu tóbakshorn fyrir valinu? „Mér finnst þau mynda svo skemmtilega andstæðu við kvenorkuna. Karlar hafa helst notað tóbakshorn og þau eru vísun í þann karllæga heim sem við lifum og öndum í.“ Andrea segir að leitin að kvenorkunni hafi ekki verið erfið en fyrirmyndirnar eru margar. „Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, kemur alltaf upp í huga mér þegar rætt er um magnaða konu, eins Björk Guðmundsdóttir söngkona, Guðrún Jónsdóttir forstöðukona Stígamóta og Svava Johansen verslunarkona en annars get ég nefnt margar aðrar.“

Tóbakshornin verða stútfull af einstakri kvenorku og seld í nýrri verslun Eymundsson á Skólavörðustíg 11 á morgun eftir hádegi. Allur ágóðinn rennur í innkaup fyrir iðjuþjálfun heimilismanna á Hrafnistu Hafnarfirði, Reykjavík og Grund. „Afi minn heitinn var á Hrafnistu og hannaði og málaði hluti handa mér sem mér þykir afar vænt um. Það er alltaf verið að plokka af þessu fólki sem byggði þetta land og reglulegur niðurskurður. Í hverri einustu hrukku á þessu fólki leynist sagan. Ég vil leggja mitt af mörkum til að gera heimilismönnum glaðan dag. Fólk sem kaupir tóbakshorn á morgun hjálpar mér við það,“ segir Andrea.



# Prentar pepp á púða

**Auður Ögn Árnadóttir stílisti hannar púða með orðalistum sem eiga að minna Íslendinga á hið jákvæða í lífinu. Þar koma fram orð eins og norðurljós, sakleysi, bros, dalalæða, kærleikur, undur og mjöll.**

„Síðasta haust þegar þetta „ástand“ brast á fór ég að spá í að við hefðum það kannski ekki jafn skítt og margir töldu. Því langaði mig að gera eitthvað til að peppa fólk upp,“ segir Auður Ögn Árnadóttir stílisti, sem bjó í framhaldinu til ansi skemmtilega púða. Á þá prentaði hún orð sem minntu á hluti sem kosta lítið eða ekkert en gefa lífinu gildi. „Þetta eru orð eins og vinátta, hláturskast, dagdraumar, norðurljós, kjötsúpa, sakleysi og bros,“ segir hún. Á annarri gerð púða eru fimmtíu orð sem kosin voru fallegustu íslensku orðin fyrir um tveimur árum. Á honum eru orð eins og ljósmóðir, dalalæða, mjöll, kærleikur, undur og þel. „Þessi púði á að minna okkur á það að sama hversu margir framvirkir gjaldeyrissamningar verða gerðir verður íslenskan aldrei tekin af okkur.“



Auður Ögn vildi hressa anda Íslendinga og minna þá á það góða í lífinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Enn ein gerð af púðum er með lýsingarorðum úr verkum Jónasar Hallgrímssonar og á enn einum persónur úr bókum Halldórs Laxness. Í allt eru púðagerðirnar fimm en Auður Ögn hefur einnig tekið að sér sérpantanir. Þá getur fólk sjálft valið orðin á púðana og hafa þeir verið vinsælir í gjafir.

Auður Ögn heldur úti vefsíðunni tilefni.is en hefur fært sig í auknum mæli yfir á Facebook. „Púðarnir hafa selst vel í gegnum Netið,“ segir hún og upplýsir að annars fáist pepppúðarnir í Listasafni Íslands, á Þjóðminjasafninu og í Sirku á Akureyri. *solveig@frettabladid.is*



Pepp-púðar Auðar Agnar.


Rauðakrosshúsið

Allir velkomnir!

## Ókeypis námskeið og ráðgjöf

**Mánudagur 16. nóvember**

Er menntasmiðja eitthvað fyrir þig? - Kynning á menntasmiðju sem kost fyrir fólk sem stendur á krossgötum í lífinu. Tími: 12.00-15.00.

Markþjálfun fyrir atvinnuleitendur - Einkatímar hjá Vildísi Guðmundsdóttir markþjálfa. Skráning nauðsynleg. Tími: 12.00-14.00.

Facebook fyrir byrjendur - Tími: 12.00-14.00.

Prjónahópur - Vertu með! Tími: 13.00-15.00.

Origami. Japanskt handverk á blaðsneið - Sýnt verður hvernig Origami er búið til og gestum leiðbeint við að njóta þessa framandi listaverks. Kennt á ensku. Tími: 15.00-17.00.

Skákklúbbur - Komdu og tefldu! Tími: 15.30-17.00.

**Þriðjudagur 17. nóvember**

Lærðu að halda ódýrari hátíðarveislu - Kennarar frá Hótel- og matvælaskóla Menntaskólans í Kópavogi verða með alhliða sýningu og kennslu um veisluhald sem ekki tæmir budduna. Komdu og smakkaðu á ljúffengnum réttum. Tími: 13.30-17.00.

Gönguhópur - Klæddu þig eftir veðri! Tími: 13.00 -14.00.

Skiptifatamarkaður - Barnaföt - Tími: 13.30 -17.00.

Baujan sjálfstyrking - Fullt! Tími: 15.00 -16.30.

**Miðvikudagur 18. nóvember**

Markþjálfun fyrir atvinnuleitendur - Einkatímar. Skráning nauðsynleg. Tími: 12.00-14.00.

Sálræn stuðningur - Fjallað er um áhrif alvarlegra atburða á andlega líðan fólks. Tími: 15.00-16.30.

Áhugasviðsgreining - Taktu áhugasviðskönnun og fáðu einkaráðgjöf í framhaldinu. Tími: 13.00-15.00.

Skokkhópur - Nýtt! Tími: 13.30-15.30.

Tölvuaðstoð - Fyrir alla. Tími: 13.30-15.30.

Bókaklúbbur - Spjallað verður um bókina Dóttir beinagræðarans eftir Amy Tan. Tími: 14.00-15.00.

Að takast á við frestunaráráttu - Ætlar þú að gera þetta seinna? Fresta hlutunum? Hættu því með aðstoð Ingrid frá Þekkingarmiðlun! Tími: 14.00-15.00.

Hættu fyrir lífið - Er erfitt að hætta að reykja? Fáðu aðstoð við að undirbúa áramótaheitið. Tími: 15.30-16.30.

Markúsarguðspjall - Hefur þig alltaf langað til að lesa Biblíuna en aldrei byrjað? Tími: 15.30-16.30.

**Fimmtudagur 19. nóvember**

Uppeldi sem virkar - Fastar venjur og reglur - Annar hluti af fjórum sjálfstæðum fyrirlestrum. Tmi: 12.30-13.30.

Hvað felst í því að vera Íslendingur? - Opnar umræður. Tími: 14.00-15.00.

Föndur, skrapp-myndaalbúm og jólakort - Gott er að hafa skæri meðferðis. Tími: 12.00-14.00.

Saumasmiðjan - Gerðu nýjar flíkur á barnið úr gömlu fötunum þínum. Komdu með saumavél ef þú getur. Tími: 13.00-15.00.

Jóga - Viltu prófa jóga? Tími: 15.00-16.00.

**Föstudagur 20. nóvember**

Endurlífgun - Verklegt námskeið. Tími: 12.30-14.00.

Gönguhópur - Klæddu þig eftir veðri! Tími: 12.30 -13.30.

Bingó – Veglegir vinningar. Tími: 13.30-15.00.

Íslenskuspilið – Viltu læra meiri íslensku? Komdu og spilaðu með! Allir velkomnir. Tími: 13.00-15.00.

Hláturjóga - Viltu losa um spennu og fylla lífið af hlátri og gleði? Tími: 15.30-16.30.

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 12-17


# Fjölnota kökuform

RISAVAXNA KÖKUFORMIÐ FRÁ VEFVERSLUNINNI DESIGN3000 MÁ NOTA Á FJÖLMARGA VEGU.



Kökuform finnast víðar en í eldhúsinu. Sweet Cake er risavaxið múffuform sem finna má á vefsíðunni www.design3000.de. Það má nota bæði inni og úti, sem bala, sandkassa, blómapott eða jafnvel sem bæli fyrir gæludýr. Möguleikarnir eru endalausir og hvaða hlutverki sem formið mun gegna er ljóst að það mun vekja athygli og gleði.







Sigga & Timo
GULLSMIÐI
LINNETSSTIGUR 2 · SÍMI 565 4854

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# híbýli og viðhald

MÁNUDAGUR 16. NÓVEMBER 2009




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Íbúðalánasjóður

## Greiðslujöfnun íbúðalána

- Lán Íbúðalánasjóðs verða greiðslujöfnuð frá og með 1. desember 2009
- Áætluð lækkun á mánaðarlegri greiðslubyrði er allt að 17%
- Afþakka þarf greiðslujöfnun fyrir 20. nóvember
- Nánari upplýsingar ásamt tilkynningu um afþökkun er að finna á vefsíðu Íbúðalánasjóðs

**www.ils.is**
Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969



● **BURT MEÐ BLETTINA** Algengt er að erfitt sé að losna við ákveðin efni úr viði, hafi þau ekki verið fjarlægð strax. Hér á eftir eru leiðbeiningar um hvaða hreingerningarvökva sé best að nota til að losna við þau:

● Grænsápu í vatni er gott að nota til að losna við kaffi, djús, mjólk, kaffi og vín.

● Rauðspritt (með varúð) má nota til að losna við bletti eftir til dæmis varalit og blek.

● Mínerölsk terpentína (með varúð) virkar vel á skósvertu, olíu, súkkulaði, fitu og fleira.

● Hægt er að leggja klút með asetoni á límbletti, hvolfa glasi yfir og skilja eftir í nokkrar mínútur. Að svo búnu má skafa burt.



● **LÉLEGT RENNSLI** Ef hefill er stamur á viðnum og rennur ekki greiðlega eftir honum getur það stafað af trjákvoðu eða öðrum óhreinindum á sólanum. Gott ráð er að hreinsa hann með terpentínu, þurrka vel og bera svo á heitt kertavax, með sikksakk-hreyfingum.

Heimild: Verk að vinna

● **RÉTT YFIRBORÐSMEÐHÖNDLUN** Húsgagnabón er blanda af mjúku og hörðu vaxi sem gefur húsgögnum fallegt, gljáandi yfirborðslag. Mælt er gegn því að menn noti ákveðnar tegundir af húsgagnabóni, þar á meðal þær sem innihalda sílikon, þar sem það getur skapað vandkvæði næst þegar flöturinn er meðhöndlaður.





● **GEYMDU BLAUTA PENSLA Í POKA** Þurfi maður að skilja málningarpensil eftir í stutta stund en hefur ekki tíma til að hreinsa hann áður, er gott ráða að vefja plastfilmu eða álpappír utan um hannog stinga í poka. Þannig kemur maður í veg fyrir að loft komist að penslinum og hann helst áfram mjúkur. Eins má stinga honum inn í frysti eftir að búið er að pakka honum inn. Þá helst hann lengur mjúkur.








Bárujárnið hefur yfir sér einhvern rómantískan blæ en sennilega hafa þessir völdunarsmiðir ekki verið að spá í það þegar þeir settu það á húsið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





Völundarsmiðirnir Guðmundur og Finnbogi gera við þakið á gamla kaffihúsinu.

# Endurbyggja fyrsta kaffihús Reykjavíkur

**Þeir eru þaulvanir smiðirnir sem vinna að því að bjarga gömlum húsum í atvinnuátaksverkefninu Völundarverk-Reykjavík.**



Húsið Norðurpóllinn er hluti atvinnuátaki Reykjavíkurborgar og hefur heppnast mjög vel. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁ

„Þetta hús er eiginlega fyrsta kaffihúsið í Reykjavík,“ segja húsasmiðirnir Guðmundur Kristinn Ólafsson og Finnbogi Gústafsson, sem eru um þessar mundir að ljúka endurgerð á gömlu húsnæði við þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar á Stórhöfða. Sameiginleg reynsla þeirra í húsasmíði slagar upp í áttatíu til níutíu ár en inni í þeirri tölu er tuttugu ára reynsla Guðmundar í járnsmíði.

AXIS býður upp á rennihurðir í miklu úrvali, sérsmíðaðar fyrir hvern og einn. Hlynur segir möguleikana á útliti hurðanna vera nánast óteljandi. „Á einum skáp hjá okkur er til dæmis mjög falleg mynd af Skaftafelli, sem ég valdi úr ljósmyndabók eftir íslenskan ljósmyndara. Einnig er hægt að fá hurðirnar spónlagðar í mörgun viðartegundum, sprautulakkað gler í öllum litum, spegla eða með álímdum filmum, svo dæmi sé tekið."

Hlynur segir sveigjanleika vera einn helsta kost fyrirtækisins. „Ef fólk er til dæmis með fataskáp í lofthæðinni 2,83 sentimetrar þá sérsmíðum við hurð í þeirri stærð. Við erum stolt af framleiðslu okkar og mjög samkeppnisfær í verði," segir Hlynur.

Hurðirnar eru hugsaðar á fataskápa, hvort sem um er að ræða nýja skápa eða endurnýjun hurða á gömlum fataskápum. Við erum einnig að útbúa skrifstofuskápa með þessum hurðum. Þannig er hægt að setja rennihurðir á heilu veggina sem eru þaktir bókahillum og fleira í þeim dúr," segir Hlynur.

ENSKA ÁN ERFIÐIS




Frábær leið til þess að læra ensku þegar þér hentar. Á nokkrum mánuðum getur þú skilið og talað ensku án erfiðis.

**Hlusta:** Nám á 18 geisladiskum með enskum og íslenskum kennurum. Nemandinn hlustar á geisladiskana og nýtir þannig heyrnaminni sitt.

**Lesa:** Vinnubók með ensku og íslensku textunum hlið við hlið. Nemandinn nýtir þannig sjónminni sitt og tengir jafnframt við eldri námsaðferðir.

**Tala:** Nemandinn les upphátt með kennurunum og leiðréttir þannig framburð sinn, jafnframt nýtir hann tilfinningaminni sitt og færni í að tala ensku.

**Aðstoð:** Nemandinn getur haft samskipti við kennara símleiðis eða með tölvupósti

* *Námskeiðið hefur reynst mjög vel fyrir nemendur eldri en 25 ára.*

*Námskeiðið er afar vinsælt t.d. fyrir hjón sem vilja læra tungumál samhliða.*

*Góð gjöf fyrir fólk sem hefur gaman af ferðalögum.*

Nánari upplýsingar í síma 540-8400 eða 820-3799 Tungumál.is

BYLGJAN
Í FYRSTA SÆTI




BYLGJAN ÞAKKAR HLUSTENDUM SAMFYLGDINA Á HVERJUM DEGI

Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægustu markhópanna.*

* Samkvæmt mælingum Capacent á hlustun í mínútum í aldurshópnum 18 – 49 ára, vika 40, 2009.
Í viku 40 var hlustun á Bylgjuna, Létt Bylgjuna og Gull Bylgjuna 52%.
Auglýsing á Bylgjunni birtist samtímis á Létt Bylgjunni og Gull Bylgjunni.

LÉTT BYLGJAN 967 GULL BYLGJAN 909

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



Reykjavíkurbúar hafa fundað um hverfi sín. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Reykjavík í brennidepli

Endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur stendur fyrir dyrum. Í tengslum við það hafa verið haldin opin hús í hinum ýmsu hverfum borgarinnar þar sem íbúar hafa fengið að koma með hugmyndir og væntingar gagnvart framtíðarskipulagi umhverfis síns.

Kjalnesingar lögðu sérstaka áherslu á tvöföldun Vesturlandsvegar, veglýsingu inn að Kollafirði og göngu- og reiðstíga.

Íbúar Hlíðarhverfis vildu Miklubraut í stokk, aukið umferðaröryggi, bætt tengsl hverfisins við Öskjuhlíð, göngubrú yfir Kringlumýrarbraut við Suðurver og meira aðlaðandi Miklatún.

Á fundi íbúa Háaleitis- og Bústaðahverfis kom í ljós að greiðari samgöngur innan hverfis fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur þóttu aðkallandi. Einnig að setja Bústaða- og Réttarholtsveg í stokk og göng og sundlaug við Seljaveg.

Öryggi hjólandi og gangandi barna var íbúum Árbæjar ofarlega í huga og breytt afmörkun hverfisins þannig að Rauðavatn teljist til Árbæjar.

Fleiri fundir hafa verið haldnir og verða haldnir á næstunni.

# Þyrla flytur byggingarefni

Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-LÍF, var í síðustu viku notuð til að koma byggingarefni út í Útskálasíki í Garði. Frá þessu er sagt á vefsíðu Víkurfrétta www.vf.is.

Hólminn í síkinu hefur sokkið í áranna rás en fuglar hafa oft hreiðrað um sig í honum. Nú var orðið lítið um það þar sem aðeins fáir steinar stóðu upp úr miðju síkinu.

Vilhelm Guðmundsson í Garði hefur haldið hólmanum við í áratugi. Áður var auðveldara að halda honum við því síkið botnfraus á veturna og þá var hægt að fara út á það mitt með vörubílshlass af byggingarefni. Þar sem vatnið í síkinu er orðið mjög salt leggur það ekki lengur. Því varð að leita til Landhelgisgæslunnar um að flytja grjót í hólmann.

Verkefnið í síðustu viku tók um klukkustund, grjót var flutt í fiskikörum sem héngu neðan úr þyrlunni og tókst aðgerðin með ágætum. Stefnt er að því að móta hólmann enn frekar næsta sumar en þá verður sett á hann torf.



# Kreppan og húsnæðismálin

Áhrif alþjóðlegu fjármálakreppunnar á húsnæðismarkaði á Norðurlöndum verða rædd á norrænni ráðstefnu á Hótel Nordica 26. nóvember.

Á ráðstefnunni, sem er öllum opin, verður einnig leitað svara við spurningum á borð við: Hverjar eru afleiðingarnar fyrir velferðarkerfin? Hvað þýðir þessi óheillaþróun fyrir afkomu heimilanna? Hver verður stefnumótun landanna í húsnæðismálum í kjölfar breyttra forsendna?

Eins og kunnugt er hefur byggingariðnaður og húsnæðismarkaður á Norðurlöndum verið í frjálsu falli á síðustu mánuðum sem aftur hefur leitt til vaxandi atvinnuleysis og verðhruns á húsnæði. Á ráðstefnunni verður sjónum beint að afleiðingum þessa fyrir samfélagið, húsnæðismarkaðinn og heimilin.

Gwilym Pryce, prófessor við háskólann í Glasgow, mun flytja erindi um stöðu húsnæðismála í Evrópu í dag og sérfræðingar frá öllum norrænu ríkjunum munu fjalla um brýnustu viðfangsefnin og tækifæri í stöðunni.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið skipuleggur ráðstefnuna í samstarfi við Íbúðalánasjóð og Samband íslenskra sveitarfélaga. Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni fel. stjr.is/bolig.




Ráðstefna um áhrif fjármálakreppunnar á húsnæðismarkaðinn og heimilin verður haldin á Hótel Nordica 26. nóvember.


100% náttúrulegt

metasys®



Fékk heilsuna aftur með Metasys

-bónusinn var að missa 29 kg.

Sandra Fannarsdóttir 45 ára, fjárfesti í fyrsta Metasys pakkanum fyrir 4 árum. Hún heyrði frá góðri vinkonu að Metasys væri mjög orkugefandi og var það einmitt það sem Söndru vantaði og það heldur betur. Á þessum tíma þjáðist hún af vefjagigt, háþrýstingi og ýmsum kvillum og tók inn ótalmörg lyf, hafði gert árum saman og var ekki tilbúin að gefast upp. Ekki aldeilis. „ Ég var orðin algjörlega orkulaus og við það að bugast sem í huganum var eiginlega ekki í boði, móðir í ábyrgðarstöðu og í fullu kennaranámi. Vinkona mín sagði einnig að Metasys væri frábært fitubrennsluefni og fussaði ég bara við því, þar sem ég taldi mig vera búin að prófa allt undir sólinni í þeim efnum. Á þessum tímapunkti var ég 40 kílóum of þung og má segja að það sé orsök og afleiðing af þeim kvillum sem ég hafði verið að kljást við. Ég var fyrst og fremst á höttunum eftir ORKU, og aukakílóin voru aukaatriði! Eftir að ég byrjaði að taka inn Metasys fann ég nánast strax fyrir frábærri orkubreytingu og var þá yfir mig ánægð með áhrifin af Metasys. Eftir rúman mánuð uppgötvaði ég að ég var nánast verkjalaus og hreinlega bara leið rosalega vel. Ég er geðgóð að eðlisfari og viðurkenni að þegar mér leið sem verst var ég ekki eins glöð og ánægð með lífið eins og mér er eiginlegt. Svo fóru kílóin að fjúka sem var frábær bónus. Á þessum 4 árum hef ég prófað að hætta á Metasys og lengst í tvo mánuði og satt að segja ætla ég ekki að gera það aftur. Verkir og slen komu aftur og gamlir kvillar fóru að gera vart við sig. Metasys eitt heldur mér heilbrigði og þarf ég engin lyf lengur. Á þessum 4 árum sem ég hef tekið inn Metasys hefur þyngdin rokkað og náði mest af mér á tímabil 19 kg. en ég vildi ná meiri árangri. Hóf samstarf við frábæran einkaþjálfara, Nonna Hjaltalín, sem hefur hjálpað mér að ná settum markmiðum og átta mig á því að ábyrgðin er í mínum höndum og ekkert gerist nema að tekið sé á vandamálinu. Metasys er frábær hjálp en hreyfing og hollt mataræði verður að fylgja með enda kemur það fram í leiðbeiningunum sem fylgja Metasys. Ég mun aldrei þreytast að mæla með Metasys ég er í langtum betra formi og léttari en þegar ég var tvítug" Segir Sandra að lokum kát í bragði.



Sandra Fannarsdóttir

Metasys er þróað og rannsakað sem þriggja mánaða áætlun og þeir sem þurfa léttast ná bestum árangri sem skrá matardagbók, auka hreyfingu og hyggja að mataræði!

Metasys hefur verið fáanlegt á Íslandi í 5 ár og er eitt vinsælasta fæðubótaefnið til að grennast ásamt því að vera mjög orkugefandi og heilsubætandi en hægt er að nálgast fjölmargar góðar reynslusögur á www.metasys.is

20% afsláttur á meðan birgðir endast!



Metasys er ekki "kraftaverkapilla" árangur þyngdarlosunar stjórnast af þrem megin þáttum.

1. Taka inn METASYS reglulega og minnst þrjá mánuði
2. Viðhafa skynsamlegt mataræði, borða reglulega, forðast sykur, áfengi og óvönduð kolvetni
3. Stunda hæfilega hreyfingu minnst 3x í viku, minnst 30 mínútur í senn.

metasys® Náttúruleg leið til þyngdarstjórnunar

METASYS er fáanlegt í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum flestra stórmarkaða

**Óli smiður**
Smíðaverk stór sem smá, mikil reynsla og sanngjarnt verð. Óli smiður, 698 9608.

Smiður getur bætt við sig verkefnum, vanur allri smíðavinnu úti sem inni, áratugareynsla. Uppl. s. 867 7753

## Stífluþjónusta

Stífluþjónustan ehf
S. 554 2255 / 896 5800
Stíflulosun-röramyndum
www.stiflutjonustan.is

## Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

**Tölvuviðgerðir - vírushreinsanir - Gagnabjörgun**
Geri við allar tegundir. 15 ára reynsla og microsoft vottun.Ríkharður - Miðnet ehf - S. 6152000

**Tölvufjarhjálp**
Við tengjumst við skjáinn þinn og leysum tölvuvandamálin. Nánar á www.midnet.is Opið 18-24 alla virka. Miðnet ehf. S 564-0690.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, flest tölvuvandræði leyst. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

## Nudd

**NUDD**
Whole body massage. S. 841 8529.

Whole body massage. Tel. 849 5247.

Nudd Nudd Nudd.Excellent tantric whole body massage.S.8227301

NEW!LUXURY TANTRIC MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME! 869 8602.

## Spádómar




**Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína.**
Einkatímar.
**Tímapantanir í s. 587 4517 Erla.**







Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**661 3839 - Símaspá**
Tímapantanir frá kl. 16.00. Alla daga.

**Ólöf spámiðill**
Er á landinu. Leiðsögn, spádómar. Vantar þig hlustanda eða ráðgjöf. Spái í spil, tarrot ofl. S. 905 2500 frá kl. 17-23, helgar 11-24. Geymið auglýsinguna.

## Múrarar

**Viðgerðir**
Allt almennt húsaviðhald, utan sem innan. Múrverk, flísar og margt fl. S. 847 2209.

## Rafvirkjun

RAFLIST
Löggildir rafverktakar
Getum bætt við okkur allri almennri raflagnavinnu.
Nýlagnir og viðhaldsvinnu.
Uppl. í s. 823 8860 & 696 0502
www.raflist.is




## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki í HP, Brother, Canon og Epson send samdægurs heim að dyrum eða í vinnuna sjá nánar á www.blekhylki.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Laufabrauð
Ósteikt!
Pöntunarsími
555 1762
Ekta brauð
Hafnarfirði




Öryggis- og peningaskápar.




Mikið úrval af saltkristal lömpum og kertastjökum. Fallegar og ódýrar jólagjafir. ditto.is Smiðjuvegi 4, græn gata. Kópavogi. Sími 517-8060 www.ditto.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum frá kl. 9-16.




Auðvelt, þægilegt, flott, ódýrt! ...eftir þínu höfði. Tilboð Jólakort með umslagi 99 kr.- www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, ódýrt! ...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, ódýrt! ...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**
**Leitið til fagmanns.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**
**Verið velkomin**

Kaupi alla notaða skartgripi. Gr 2-3.000 f. gr. af gulli í hringjum, víravirki, jólaskeiðar, postulín o. fl. Uppl 694 5751.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 4/4 stærð 15.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 39.900.- Þjóðlagagítarpakkar frá 19.900.- Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri




Harðfiskvals og vacumpökkunarvél Óska eftir að kaupa harðfiskvals og vacumpökkunarvél. Allt kemur til greina nýtt sem notað Uppl í síma 892 5857.

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 555 7905 og ulfurinn.is

## Verslun

LYKILL AÐ GÓÐU SAMBANDI
TANTRA
ERÓTÍSK VERSLUN
DVD TILBOÐ!!!!
3 FYRIR 2, VELUR 3 DVD OG BORGAR BARA FYRIR 2.
„SELJUM LATEX FRÍA SMOKKA"
Opið mán-fös 12-20
Laugardaga 12-18 & í
Hlíðasmára á sunnud. 12-18
FÁKAFEN 11
HLÍÐASMÁRI 13
s. 588 6969 & 587 6969
WWW.TANTRA.IS

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.
Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osaismennt.is

## Nudd

Kærleikssetrið

**Nudd og nálastungur**
**Er kroppurinn eða sálin að kvarta, væri ekki gott að fara í nudd og nálastungur? Sigurður býður fram aðstoð sína til að kippa því í liðin.**
**Nuddstofa Sigurðar Sigurðssonar í Kærleikssetrinu, Álfabakka 12, tímapantanir í s. 893 4727**



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**J. B. HEILSULIND**
**Dekurdagar?**
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin

Notalegt nudd! Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

## Þjónusta

**Er andlega orkan á þrotum?**
Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Tímapantanir Guðrún 695 5480.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

**ICELANDIC-NORSKA**
ICELANDIC: Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30, start 23/11. Level II: 4w Md to Fr; 12-13:30, st. 23/11. Level I: 4w Md to Frd 18-19:30 st. 23/11. Level II: 4w Md to Frd 19:45-21:15 st. 23/11. NORSKA 4 vikur mán til fös; I byrjar 23/11, kl 19:45-21:15, stig II; 25/1. Fullorðinsfræðslan Ármúla 5, s. 5881169, www.icetrans.is/ice.

www.namskeid.is
ÖLL NÁMSKEIÐ Á EINUM STAÐ.

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

**Eik - Eik**
Er að ganga frá síðustu pöntun fyrir jól, heflað, mótað og vel þurrkað. Uppl. í s. 691 8842, Eyjólfur.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði



**Til leigu**
Efri hæð í þessu húsi, sem er í Borgarnesi er til skammtímaleigu í vetur. Þrjú svefnherbergi með tvíbreiðum rúmum. Tilvalið fyrir fjölskyldur eða þrjú pör. Upplýsingar í símum 867 1911 - 892 3382 og 562 3382.

## Tilkynningar



ALLT FYRIR ELDHÚSIÐ

# Saeco kaffivélar

*– mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil*



**Saeco Xsmall**
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramik
- Panarello flóunarstútur
- 1500 wött
- Baunahólf: 170 gr
- Vatnstankur: 1 líter
- Korgskúffa: 8 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Framhlið vélar úr plasti

VERÐ **79.990**



**Saeco Odea Go**
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramik
- Panarello flóunarstútur
- 1500 wött
- Baunahólf: 180 gr
- Vatnstankur: 1,5 lítrar
- Korgskúffa: 15 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Á snúningsfæti

VERÐ **89.990**



**Saeco Syntia**
- Digital skjár
- Vél úr stáli
- Stál bollahaldari
- Tveir katlar úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramik
- Panarello stál flóunarstútur
- 1400 wött
- Baunahólf: 250 gr
- Vatnstankur: 1,2 lítrar
- Korgskúffa: 8 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Framhlið vélar úr plasti

VERÐ **149.990**

## *Stóru tækin fást hjá okkur Virtir framleiðendur Vönduð vara*





Bauknecht Blomberg De Dietrich KitchenAid SEVERIN

**HELLUBORÐ - HÁFAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - OFNAR - ÖRBYLGJUOFNAR - KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR**

SEVERIN

## *Frábær kaup í smátækjum*



**Severin SM3726**
250w TÖFRASPROTI með ryðfríum stálhnífum og tveimur hröðum. Mest 17.000 snúningar.

TILBOÐ **3.990**
FULLT VERÐ **4.990**



**Severin KA4041**
Einföld og góð 1000w KAFFIVÉL fyrir 10 bolla.

TILBOÐ **3.990**
FULLT VERÐ **4.890**



**Severin WK3374**
1000w sparneytinn HRAÐSUÐUKETILL með gegnsæum vatnsmæli og öryggislás. Slekkur sjálfvirkt á sér. 1L.

TILBOÐ **5.990**
FULLT VERÐ **6.990**



**Severin HM3817**
250w HANDÞEYTARI á standi með skál, 2 hnoðurum, 2 hrærurum, 5 hröðum og Turbo.

VERÐ **6.990**



**Severin AT2514**
Stál BRAUÐRIST með mörgum stillingum, mylsnubakka og bolluhitara. Tekur 2 sneiðar.

VERÐ **5.790**



**Severin WA2103**
1200w VÖFFLUJÁRN með viðloðunarfríri áferð og ljósi fyrir bökunartíma. Litur: Stál og svart.

VERÐ **5.990**



**Severin KG2396**
1800w HEILSUGRILL með hitastilli og viðloðunarfríum plötum. Auðvelt að þrífa.

TILBOÐ **12.990**
FULLT VERÐ **14.990**

***Aðeins brot af úrvalinu***
*Verið velkomin í verslun okkar*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

**MILTON FRIEDMAN ANDAÐIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 2006.**

*„Stjórnmálamennirnir leysa ekki vandann, þeir eru vandinn."*

***Milton Friedman var bandarískur Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, meðal annars þekktur sem eindreginn stuðningsmaður frjálshyggju.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 16. NÓVEMBER 1917

## *Reykjavíkurhöfn opnuð formlega*

Höfnin í Reykjavík var tekin í notkun þennan dag árið 1917. Smíði fyrstu hafskipabryggjunnar var þó lokið tveimur árum fyrr.

Hafist var handa við þessa miklu mannvirkjagerð árið 1913. Áður höfðu verið uppi hugmyndir um höfn í Nauthólsvík eða bætta hafnaraðstöðu í Viðey, sem var aðalhöfn Reykjavíkur á þessum tíma. Verslunareigendur í Kvosinni í Reykjavík vildu hins vegar eindregið fá höfn í grennd við miðbæinn þar sem mesta þéttbýli og atvinnustarfsemi borgarinnar var.

Náttúruleg hafnaraðstaða austan Örfiriseyjar var fyrir hendi en fór versnandi því sjór gekk þar yfir eftir að brotnað hafði úr grandanum sem lá út í eyjuna árið 1902. Ofsaveður árið 1910 bætti ekki úr skák, þá slitnuðu mörg skip upp og skemmdust.

Lögð var járnbraut frá Öskjuhlíð niður að ströndinni til að flytja þangað grjót til hafnargerðarinnar. Fyrstu framkvæmdir fólust í að hlaða Grandagarð og gera síðan brimgarð til austurs frá Örfirisey. Hinum megin frá var síðan Ingólfsgarður hlaðinn og hafnarsvæðið þannig afmarkað.



**MERKISATBURÐIR**

**1624** Hin 230 ára dómkirkja á Hólum í Hjaltadal fýkur af grunni og gjöreyðileggst í aftakaveðri.

**1632** Svíar vinna sigur á keisarahernum í orrustunni við Lützen en konungurinn, Gústaf II. Adolf, fellur.

**1907** Stytta af Jónasi Hallgrímssyni eftir Einar Jónsson myndhöggvara er afhjúpuð við Amtmannsstíg í Reykjavík.

**1938** Minnisvarði eftir Ríkarð Jónsson myndhöggvara var afhjúpaður í Fossvogskirkjugarði á leiði óþekkta sjómannsins.

**1957** Nonnahús á Akureyri er opnað sem minjasafn þegar öld er liðin frá fæðingu Jóns Sveinssonar rithöfundar.

# Afmælisveisla í Nonnahúsi

Í dag eru liðin 152 ár frá fæðingu barnabókarithöfundarins Jóns Stefáns Sveinssonar – Nonna. Af því tilefni verður afmælisveisla í Nonnahúsi á Akureyri milli klukkan 17 og 19.

Frummyndir Kristins G. Jóhannssonar úr Nonnasögunum í endursögn Brynhildar Pétursdóttur verða til sýnis í húsinu. Ljúf harmonikutónlist mun óma um húsið milli 17 og 18. Haukur Ingimarsson spilar á hnappaharmoniku svipaða þeirri sem Nonni sjálfur spilaði á.

Nonni var á sínum tíma einn þekktasti rihöfundur þjóðarinnar en með skrifum sínum og fyrirlestrum kynnti hann Ísland. Bækur hans voru gefnar út á yfir þrjátíu tungumálum en færri vita að Nonni þótti einstaklega skemmtilegur fyrirlesari og hélt um fimm þúsund fyrirlestra, flesta í Evrópu, Bandaríkjunum og í Japan.



**NONNI** 152 ár eru liðin frá fæðingu Jóns Stefáns Sveinssonar.

Hið nýstofnaða Nonnavinafélag mun hittast í Zontahúsinu í Aðalstrætinu klukkan 16 og eiga notalega stund saman. Nýir félagar eru velkomnir.



**JÓNÍNA ÓSKARSDÓTTIR BÓKAVÖRÐUR** „Hingað eru allir hjartanlega velkomnir til að hlusta, lesa og njóta," segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÁRSAFN: VERÐUR MEÐ MARAÞONUPPLESTUR Á DEGI ÍSLENSKRAR TUNGU

# Þemað er ást og vinátta í öllum hugsanlegum myndum

„Við verðum með ruggustól og opinn hljóðnema og hér verður upplestur í allan dag, frá klukkan 11 til 19." segir Jónína Óskarsdóttir, bókavörður í Ársafni í Hraunbæ 119 í Reykjavík. Tilefnið er dagur íslenskrar tungu sem er haldinn hátíðlegur um allt land á afmæli listaskáldsins góða, Jónasar Hallgrímssonar. Tvær konur úr röðum bókavarða Ársafns verða í þjóðbúningum og boðið verður upp á kaffi og djús með ástarpungum og kleinum. Enda var fyrirsögn fréttatilkynningar safnsins: Ástarorð og ástarpungar.

Jónína segir starfsfólk Ársafns hafa farið út úr húsi að lesa upp undanfarin ár og stillt sér upp í stofnunum og fyrirtækjum í hverfinu. Hún nefnir Bónus, Vífilfell, félagsmiðstöð eldri borgara, Orkuveituna og verslun ÁTVR. „Eitt árið vorum við í Árbæjarkirkju með lestur ásamt fleirum en nú ætlum við að fá fólk til okkar. Við höfum talað við nokkra fastagesti og erum búin að hringja í nágranna og fyrirtæki. Við vitum ekkert hvaða heimtur verða en starfsfólkið hér fylgist með stólnum og sest í hann ef eitthvert lát virðist ætla að verða á lestri. Þetta er nefnilega maraþon."

Ást og vinátta er þema dagsins og Jónína segir upplesarana geta komið með texta með sér ef þeir vilji. „En við verðum líka með bækur við stólinn með völdum textum," tekur hún fram. Skyldi starfsfólkið vera búið að grúska mikið í ástarsögum á safninu? „Já, já, við höfum lagt í hugmyndapúkk," svarar Jónína glaðlega. „Um ást og vináttu af öllu tagi er að ræða, meira að segja matarást, þannig að eftirlætisuppskriftir koma til greina sem upplestrarefni."

Hver og einn les með sínu nefi, hátt eða lágt eftir hentugleikum að sögn Jónínu. En á hún von á mörgum hlustendum? „Ekkert frekar. Það verða trúlega bara gestir safnsins sem koma og fara eins og aðra daga. En hingað eru vissulega allir hjartanlega velkomnir til að hlusta, lesa og njóta."

Ástæða þess að orðið ást varð fyrir valinu er sú að fyrir nokkrum árum var settur upp kassi í Ársafni á degi íslenskrar tungu og í hann lagði fólk fallegasta íslenska orðið að sínu mati. „Hlutskarpast varð orðið ást og þess vegna leggjum við út af því núna í óteljandi myndum," segir Jónína að lokum.

*gun@frettabladid.is*



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Halldór Guðnason**

Kóngsbakka 10, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans þriðjudaginn 10. nóvember. Útförin fer fram frá Breiðholtskirkju miðvikudaginn 18. nóvember kl. 15.00.

**Guðný Hjartardóttir**
**Guðrún Halldórsdóttir** **Pétur Haraldsson**
**Kristín Halldórsdóttir** **Haukur Sigurðsson**
**Guðni Halldórsson** **Hildur Mikkaelsdóttir**
**Sæmundur Halldórsson** **Henný Bára Gestsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðbjörn N. Jensson**

Fannafold 183, Reykjavík,

lést á Landspítalanum laugardaginn 7. nóvember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 17. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjúkrunarþjónustu Karitasar.

**Guðrún R. Pálsdóttir**
**Ása Linda Guðbjörnsdóttir** **Ragnar H. Ragnarsson**
**Gunnar Páll Guðbjörnsson**
**Björgvin Jens Guðbjörnsson** **Steinunn Jónsdóttir**
**Rafnar Þór Guðbjörnsson** **Guðrún Á. Eðvarðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Erika Anna Einarsson**

Hraunvangi 1, Hafnarfirði,

andaðist á heimili sínu þann 10. nóvember. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 16. nóvember kl. 13.00.

**Ingvar G. Snæbjörnsson** **Ingigerður Guðmundsdóttir**
**Einar F. Snæbjörnsson** **Ólafía Agnarsdóttir**
**Fannlaug S. Snæbjörnsdóttir**
**Guðjón S. Snæbjörnsson** **Soffía Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jóns Sveinssonar**

fyrrverandi skipstjóra frá Siglufirði,

fer fram frá Seljakirkju þriðjudaginn 17. nóvember klukkan 13.00.

**Anna Jóna Ingólfsdóttir**
**Ingólfur Jónsson** **Ragna Halldórsdóttir**
**Guðrún Jónsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# GÓÐAR FRÉTTIR

## Nú er Fréttablaðið aðgengilegt hringinn í kringum landið.

Frídreifing verður áfram á höfuðborgarsvæðinu, suðvesturhorninu, Akranesi, Reykjanesi, Akureyri, í Borgarnesi og Árborg.

Nú verður Fréttablaðið líka aðgengilegt í öllum öðrum landshlutum og fæst í lausasölu á kostnaðarverði.

Þeir sem hafa áhuga á að fá blaðið til sölu á kostnaðarverði vinsamlegast hafið samband við Pósthúsið í síma 585 8300.




### Hér færðu Fréttablaðið á kostnaðarverði:

| | |
|---|---|
| **Ásbyrgi** | Verslunin Ásbyrgi ehf |
| **Baula** | Verslun |
| **Blönduós** | N1 |
| | Potturinn og pannan |
| **Dalvík** | N1 – Olís |
| **Egilsstaðir** | N1 |
| **Eskifjörður** | Shell skáli |
| | Kría veitingastaður |
| **Fellabær** | Olís |
| **Hella** | Olís |
| **Hellissandur** | Hraðbúð N1 |
| **Húsavík** | N1 – Olís – Shell skáli |
| **Hvolsvöllur** | N1 |
| **Höfn** | N1 – Olís |
| **Ísafjörður** | N1 |
| **Kópasker** | Búðin Kópasker |
| **Laugavatn** | Tjaldmiðstöðin |
| **Neskaupstaður** | Olís |
| **Ólafsfjörður** | Olís |
| **Ólafsvík** | N1 – Olís |
| **Raufarhöfn** | Verslunin Urð |
| **Reyðarfjörður** | N1 – Olís – N1 |
| **Rif** | Umboð Shell / Tandur |
| **Sauðárkrókur** | N1 – Shell skáli |
| **Siglufjörður** | Olís |
| **Skagaströnd** | Olís |
| **Staðarskáli** | N1 |
| **Stykkishólmur** | Bónus – Olís – Bakarí |
| **Stöðvarfjörður** | Brekkan veitingastaður |
| **Vestm.eyjar** | N1 |
| **Víðigerði** | Verslunin Víðigerði |
| **Vík** | N1 |
| **Vopnafjörður** | N1 |
| **Þórshöfn** | N1 |

**Hægt er að fá Fréttablaðið sent frítt í tölvupósti á morgnana eða nálgast það á Visir.is.**




**Allt sem þú þarft...**


# Töfrandi hversdagsleiki

**BAKÞANKAR**
**Þórhildar Elínar Elínardóttur**



Tengdamóðir mín hélt því eitt sinn fram að sonur hennar hafi verið fullkominn við afhendingu úr foreldrahúsum. Hún er ekki nærri eins dómhörð og ég sem hló dátt og hélt auðvitað að hún væri að grínast. En eftir þrotlausa elju í næstum aldarfjórðung hefur mér reyndar tekist að temja umræddan eiginmann töluvert. Suma daga er frammistaða hans í fjölbreyttum verkefnum með þvílíkum ágætum að ég klökkna næstum yfir minni eigin snilld. Því þrátt fyrir króníska aðdáun tengdamömmu er staðreynd að sumir hæfileikar eru áunnir en ekki meðfæddir.

**Í** upphafi búskaparins kom nefnilega í ljós dálítill blæbrigðamunur á því hvað teldist sómasamlegt heimilishald. Þá voru viðhorf mín nokkuð ströng og fólu í sér ýmsar ófrávíkanlegar reglur um matartíma, skúringar og strauverk. Hefði bóndi minn látið vel að stjórn sætum við nú líklega afskaplega lekker og hrútleiðinleg og hekluðum blúndudúka. En vegna þess að guð er góður mættu miðaldra viðhorf mín kröftugri andspyrnu sem varð stundum efniviður í svolitla dramatík. Reyndar tók tíma að fínstilla jafnvægið og enn rifjum við hjónakornin einstöku sinnum upp sýnishorn af gömlum og góðum skoðanaskiptum um uppvask og umgengni.

**SÍFELLD** sæla er nefnilega ógurlega þreytandi til lengdar og þá er einmitt hætt við að ponsulitlir hnökrar verði tilefni til mikillar mæðu. Til dæmis ef makinn gleymir smjörinu á eldhúsbekknum yfir nótt, skilur skítugu sokkana eftir á baðgólfinu og þrammar inn í stofu í forugum gönguskóm. Sem betur fer hristir tilveran stundum viðhorfin í réttar skorður svo ofurviðkvæmnin hripar aftur niður í kjallara þar sem hún á heima. Nýjasta upphitunin hófst fyrir mánuði með kvefi og hita. Eftir tveggja daga kúnstpásu fylgdi hin heimsfræga svínaflensa með mögnuðu upphafsatriði og langdreginni eftirfylgni en rúsínan í pylsuendanum var afar sannfærandi gubbupest. Í millitíðinni át svo hundurinn hressilega yfir sig, varð fárveikur og reyndar sá eini í fjölskyldunni sem fékk næturlækni.

**EFTIR** hroðalega pestardaga er hversdagsleikinn umlukinn töfraljóma. Skyndilega væri bara kósí að finna skítuga sokka á baðgólfinu og smjörið á eldhúsbekknum. Dást að maka sínum stika svo karlmannlega um stofugólfið á forugum gönguskónum. Eftir almennilega flensutíð er ekki nokkur þörf á ómerkilegu hjónaþrasi um uppvask og umgengni til að kunna að meta frið og spekt.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Bókmenntir ★★★

**Lilja Sigurðardóttir**
Spor

## Fyllerí og fjöldamorð



Spor er fyrsta saga Lilju Sigurðardóttur og skemmst er frá því að segja að ferillinn byrjar vel. Lilja er vel ritfær og tekst að draga upp trúverðugan heim í sögunni, nokkuð sem er engan veginn sjálfgefið miðað við söguefnið. Sagan segir frá röð morða sem á allan hátt tengjast AA-samtökunum. Magni er nýkominn úr meðferð og aðstoðar fyrrverandi konu sína, Iðunni lögreglufulltrúa, við rannsókn málsins. Lesandinn fylgir Magna fyrstu skrefin í nýju lífi og hvernig hann tekst á við syndir fortíðarinnar og sorgir. Helsti galli bókarinnar er fullmikil áhersla sem á köflum er lögð á að koma lesandanum inn í hugarheim AA-samtakanna. Og þó það sé eflaust öllum hollt þá langar mann stundum af fundi og í hasarinn, þó að allt gangi upp í lokin. Lilju tekst vel upp í persónusköpun og vekur áhuga lesanda á afdrifum söguhetjanna og samtölin eru eðlileg; nokkuð sem oft skortir í íslenskum sögum. Textinn er lipur og rennur vel áfram og höfundi tekst að búa til spennu; sem er jú aðalkrafan gagnvart spennusögum.

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**

**Niðurstaða:** Spennandi saga sem gengur upp.

## NÝ TÍMARIT

Andvari, rit Hins íslenska þjóðvinafélags, er kominn út. Aðalgreinin í ár er æviágrip Gylfa Þ. Gíslasonar ráðherra eftir Sigurð E. Guðmundsson. Gylfi var um áratugaskeið einn helstu forustumanna Alþýðuflokksins og um skeið formaður flokksins. Hann sat á þingi í þrjá áratugi og var ráðherra mennta- og viðskiptamála í samfleytt fimmtán ár. Annað efni Andvara er sem hér segir: Sveinn Einarsson skrifar um Jörund hundadagakonung í íslenskum skáldskap; Hannes Björnsson ritar um Hannes Árnason prestaskólakennara og sálfræði hans; Dagný Kristjánsdóttir birtir grein um skáldið Stein Steinarr; Jón Viðar Jónsson fjallar ítarlega um Lárus Pálsson, leikara og leikstjóra, í tilefni af nýrri ævisögu hans . Þá er löng grein eftir Kristmund Bjarnason um börn Gríms Jónssonar amtmanns. Ritstjóri Andvara er Gunnar Stefánsson.



**TÍMARIT** Aðalgrein Andvara er helguð Gylfa Þ. Gíslasyni.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Mánudagur 16. nóvember 2009**

### ➜ Tónleikar

**21.00** Bebop-kvöld á Kaffi Cultura við Hverfisgötu. Hljómsveitina skipa **Ólafur Stolzenwald**, **Óskar Guðjónsson**, **Birkir Freyr Matthíasson** og **Scott MacLemore**.

### ➜ Sýningar

**Birgir Guðjónsson**, **Diðrik Óli Hjörleifsson** og **Kristinn Þorbergsson** hafa opnað ljósmyndasýningu í Menningarsal Hrafnistu við Hraunvang í Hafnarfirði. Opið alla daga kl. 13-20.

### ➜ Síðustu Forvöð

**Pjetur Stefánsson** og **Þór Sigmundsson** hafa opnað sýningu á teikningum og lágmyndum á Mokka, Skólavörðustíg 3a. Sýningu lýkur á fimmtudaginn. Opið alla daga kl. 9-18.30.

### ➜ Kvikmyndir

**20.00** Tvær heimildarkvikmyndir, Mongólskir hestamenn og Julia Roberts, og Síberíuhraðlestin - frá Moskvu til Peking verða sýndar hjá MÍR við Hverfisgötu 105. Aðgangur ókeypis.

### ➜ Dagskrá

**17.00** Í tilefni af 152 ára fæðingaafmæli Jóns Stefáns Sveinssonar (Nonna) verður dagskrá í Nonnahúsi við Aðalstræti 54 á Akureyri. Frummyndir Kristins G. Jóhannssonar úr Nonnasögum verða til sýnis og harmónikutónlist hljómar. Allir velkomnir.



**17.15** Jónasarvaka í tilefni af degi íslenskrar tungu, fer fram í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu 15. **Gerður Kristný** og **Tryggvi Gíslason** flytja erindi og Hamrahlíðarkórinn flytur lög við ljóð Jónasar Hallgrímssonar. Allir velkomnir.

**20.00** Í tilefni af degi íslenskrar tungu verður dagskrá með galdramanninum af Ströndum, **Sigurði Atlasyni** í Menningarmiðstöðinni Edinborg, Aðalstræti 7 á Ísafirði.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**






# Mikil aðsókn í jólahlaðborðin

Vinsældir jólahlaðborðanna eru miklar, enda er það eina vitið í skammdeginu að gera sér glaðan dag. Tími jólahlaðborðanna er að renna upp um þessar mundir og eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er aðsóknin mikil. Allstaðar leit vertíðin mjög vel út og víða var meira að segja strax að verða fullbókað. Margir möguleikar eru í boði en fólk virðist vera fastheldið á það hvert það fer. Hafi það einu sinni fengið góðan mat og góða þjónustu veigrar það sér við að prófa eitthvað nýtt og framandi. Þetta er þó ekki algilt.

Margir vilja skemmtidagskrá og ball í kaupbæti og mörg pör hafa vanist á að flýja út á land í faðm gististaða sem bjóða upp á rómantískan pakka: jólahlaðborð, gistingu og morgunmat. **- drg**



**KRÁSIR** Brot af jólahlaðborðinu í Perlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



**LJÚFMETI** Séð yfir á Hótel Örk í Hveragerði.

## JÓLAHLAÐBORÐIN Í ÁR

| VEITINGASTAÐUR: | VERÐ Á MANN: |
|---|---|
| Argentína - Amerísk kalkúnaveisla | 8.300 (7.300 sunnud. til miðvikud.) . |
| Bautinn, Akureyri | 4.950 |
| Bláa lónið | 6.500 Aðgangur í lónið innifalinn og lifandi djass yfir borðum |
| Brauðbær, Hótel Óðinsvé | 6.900 (3.900 mánud. - miðvikud.) |
| Broadway | 8.400/7.900 Michael Jackson-sýning og ball með Bermúda innifalið |
| Fjörukráin | 6.800 Grýluglögg og Rúnar Þór innifalið |
| Hótel Loftleiðir | 5.950 á virkum dögum), 6.500 um helgar |
| Hótel Saga, Skrúður | 5.900 |
| Hótel Saga, Súlnasalur | 8.900 Skemmtiatriði og ball |
| Hótel Selfoss | 6.500 |
| Hótel Örk, Hveragerði | 5.900 föstud /6.900 laugard. |
| Kaffi Reykjavík | 4.900 |
| Nordica Hótel | 7.500 |
| Perlan | 7.890 (6.890 mánud - miðvikud) |
| Rauða húsið, Eyrarbakka | 6.500 |
| Rauðará | 6.900 |
| Ráin, Keflavík | 5.950 Ari Jónsson og Finnbogi Kjartansson skemmta |
| Viðeyjarstofa | 6.900 |
| Vodafone-höllin | 6.900 Skemmtidagskrá og ball með Á móti sól |

# Urðu bestu vinkonur

**Ungstirnin Dakota Fanning og Kristen Stewart fara báðar með hlutverk í væntanlegri kvikmynd um hljómsveitina The Runaways auk þess sem þær leika saman í vampírumyndinni New Moon. Stúlkurnar hafa orðið góðar vinkonur í gegnum vinnuna og segir Fanning að það sé eins og þær hafi þekkst allt sitt líf. „Við urðum mjög nánar, eins og við hefðum þekkst allt okkar líf. Við spjöllum endalaust saman. Þegar ég lék á móti Kristen í New Moon fannst mér erfitt að vera svona vond við hana. Ég hef aldrei leikið svo illan karakter og af því að ég þekkti Kristen svo vel fannst mér erfitt að vera vond við hana,“ sagði Fanning. Og hrifningin er gagnkvæm ef dæma má orð Stewart í nýlegu viðtali. „Dakota er einn besti leikari sem ég hef unnið með. Ég verð sjálf betri fyrir vikið.“**



**VINKONUR** Dakota Fanning og Kristen Stewart urðu góðar vinkonur við tökur á myndunum The Runaways og New Moon.


NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
VIÐ FENGUM VIÐVÖRUN
POWERSÝNING KL. 10.00
2012
★★★½ H.S - MBL
★★★★ Þ.Þ. - DV
★★★★★ V.J.V - Fréttablaðið
★★★★★ T.V. - Kvikmyndir.is
PARANORMAL ACTIVITY
JÓHANNES
31.000 MANNS
★★★★★ - A.K. - Útvarp Saga
★★★★¾ - Atli Steinn, Bylgjan
FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2
ATH! 650 kr.

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 7 og 10(Power) | 10 |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 8 og 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI: ELTIÐ APANN | kl. 6 - Ísl. tal | L |
| JÓHANNES | kl. 6, 8 og 10 | L |

NIA VARDALOS RICHARD DREYFUSS
MY LIFE IN RUINS
NIA VARDALOS, STELPAN ÚR „MY BIG FAT GREEK WEEDING“ ER LOKSINS TIL GRIKKLANDS Í FRÁBÆRRI RÓMANTÍSKRI GAMANMYND
DENNIS QUAID ZIYI ZHANG
HORSEMEN
FRÁ FRAMLEIÐANDUM MICHAEL BAY KEMUR HÖRKUSPENNANDI MYND Í ANDA SE7EN
LAW ABIDING CITIZEN
matt damon is The Informant!
COUPLES RETREAT

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HORSEMEN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| MORE THAN A GAME | kl. 8 | 7 |
| THE INFORMANT | kl. 8 -10:20 | L |
| THE INFORMANT | kl. 5:50 | VIP |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| ORPHAN | kl. 10:20 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| MY LIFE IN RUINS | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 6 - 8:10 - 10:30 | 16 |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 6:15(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 8:10D | 12 |
| GAMER | kl. 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HORSEMEN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| THE INFORMANT | kl. 8 | L |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 10:20 | 16 |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR SAMBÍÓANNA HJÁ JÁ - 118

NÝTT Í BÍÓ!
VIÐ FENGUM VIÐVÖRUN
★★★½ „2012 er Hollywood-rússíbani eins og þeir gerast skemmtilegastir! Orð fá því ekki lýst hvað stórslysasenurnar eru öflugar.“ T.V. - Kvikmyndir.is
★★★ V.J.V - FBL
2012
HEIMSFRUMSÝNING
FRÁ LEIKSTJÓRA INDEPENDENCE DAY OG THE DAY AFTER TOMORROW
LÚXUS
★★★★ - H.S., MBL
★★★½ - T.V., Kvikmyndir.is
★★★½ - E.E., DV
★★★ - Dr. Gunni, FBL
Desember
★★★★ T.V. - Kvikmyndir.is
★★★★ -Þ.Þ., DV
PARANORMAL ACTIVITY
MICHAEL JACKSON'S THIS IS IT
SÝND ÚT NÓVEMBER SÖKUM VINSÆLDA
UPPLIFÐU LISTAMANNINN EINS OG ÞÚ HEFUR ALDREI SÉÐ HANN ÁÐUR. ÁÐUR ÓSÉÐ MYNDEFNI SEM HEIMURINN HEFUR BEÐIÐ EFTIR.
★★★ -E.E., DV
ZOMBIELAND
★★★★ V.J.V. - Fréttablaðið ★★★★ T.V. - kvikmyndir.is ★★★ - S.V. - MBL ★★★★ Þ.Þ. - DV ★★★ D.Ö.J. - kvikmyndir.com
JÓHANNES
★★★½ - S.V. - MBL ★★★★★ - A.K. - ÚTVARP SAGA ★★★★★ - A.S.G. - BYLGJAN
★★★★ - Þ.Þ., DV ★★★ T.V. - Kvikmyndir.is ★★★ MMJ - kvikmyndir.com
27.000 MANNS!
SÝNINGUM FER FÆKKANDI
FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 4.45 - 5.45 -8 - 9 -11.15 | 10 |
| 2012 LÚXUS | kl. 4.45 - 8 - 11.15 | 10 |
| DESEMBER | kl. 4 - 6 - 8 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ZOMBIELAND | kl. 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 | kl. 3.40 | L |
| JÓHANNES | kl. 3.45 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 5.45 - 9 | 10 |
| DESEMBER | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| JÓHANNES | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |

facebook.com/smarabio AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 6 - 9 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 10 | L |
| JÓHANNES | kl. 6 - 8 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 6 - 9.15 | 10 |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| ZOMBIELAND | kl. 8 - 10 | 16 |
| BROKEN EMBRACES | kl. 5.20 | 12 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

ÓDÝRT ALLA DAGA!
Samloka og pepsí
299 kr.
Júmbósamloka og 33 cl Pepsí dós
11-11 alltaf í leiðinni!
EXPO • www.expo.is

## FORÐASTU AÐ LENDA Í ÓÞARFA BIÐRÖÐ SÍÐUSTU DAGA MÁNAÐARINS

# KOMDU NÚNA MEÐ BÍLINN Í SKOÐUN




Nú er rétti tíminn til að láta skoða bílinn þinn. Vegna mikillar aðsóknar í lok mánaðar er óvíst að hægt sé að sinna öllum skoðunarbeiðnum. Forðastu óþarfa kostnað og biðraðir með því að draga ekki fram á seinustu daga mánaðarins að fara með bílinn í skoðun.

**Þann 1. desember leggst 15.000 kr. vanrækslugjald á óskoðuð ökutæki með endastafinn 9 í númeri.**



**Allir sem láta skoða bílinn fá rúðusköfu í kaupbæti.**

Gildir á meðan birgðir endast.

## Opið kl. 8–17

Aðalskoðun

**Skoðunarstöðvar:**

**Reykjavík**
Skeifunni 5
Sími 590 6930

**Hafnarfjörður**
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

**Kópavogur**
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 587 3344

www.adalskodun.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-2057

## > Góður sigur hjá Löwen

Rhein-Neckar Löwen vann góðan útisigur á Minden í gær, 27-31, í gær. Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 4 mörk fyrir Löwen í leiknum, Snorri Steinn Guðjónsson 3 og Ólafur Stefánsson tvö, þar af eitt úr víti. Gylfi Gylfason skoraði 5 mörk fyrir Minden. Löwen komst með sigrinum upp í fjórða sæti deildarinnar, er jafnt Lemgo að stigum. Löwen mætir einmitt Lemgo á þriðjudag en sá leikur verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.



**sport**
sport@frettabladid.is

**ÓLAFUR JÓHANNESSON LANDSLIÐSÞJÁLFARI:** AFAR ÓÁNÆGÐUR MEÐ LEIKINN GEGN LÚXEMBORG

# *Lélegasti leikur landsliðsins undir okkar stjórn*



Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari var allt annað en sáttur við lið sitt eftir að það gerði 1-1 jafntefli gegn veiku liði Lúxemborgar á laugardag.

„Þetta var ekki góður leikur. Það er ekki hægt að segja neitt annað. Þetta var mjög lélegur leikur af okkar hálfu og þetta er ábyggilega lélegasti leikur landsliðsins síðan við Pétur tókum við liðinu," sagði Ólafur og reyndi ekki að afsaka dapran frammistöðuna.

„Það hefur lengi loðað við landsliðið að vanmeta andstæðinginn þegar hann á fyrirfram að vera lakari. Það gerist oftar en ekki, því miður. Ég vissi að við myndum stjórna leiknum sem við og gerðum. Við ógnuðum marki þeirra nánast ekki neitt. Ég var að reyna að fara vel yfir vanmatið fyrir leikinn en það skilaði sér greinilega ekki. Ég held að vanmatið hafi verið okkar versti óvinur í þessum leik," sagði Ólafur en fyrri hálfleikur er líklega einn sá lélegasti sem landsliðið hefur sýnt.

„Hann var arfaslakur. Það var pínulítið líf í okkar fyrstu 20 mínúturnar í seinni hálfleik. Eftir jöfnunarmarkið vorum við ekki líklegir til þess að gera nokkurn skapaðan hlut," sagði Ólafur hálfdapur.

„Leikmenn verða aldrei sakaðir um að leggja ekki á sig. Þeir ætla að gera það sem þeir geta er þeir labba á völlinn. Svo er það spurning um hugarfarið og ef það er ekki í lagi þá verða hlutirnir ekki eins og þeir eiga að vera. Hugarfarið verður alltaf að vera rétt."

Sóknarleikurinn var afar dapur og það virðist ekki fara íslenska liðinu sérstaklega vel að vera sterkari aðilinn á vellinum.

„Við höfum hugsað þetta fram og til baka, fyrir og eftir leik. Kannski var þetta gott að einhverju leyti. Við sáum ákveðna hluti í þessum leik sem verður að laga. Ég hef ekki stórar áhyggjur af sókninni en það hefur alltaf verið akkilesarhæll landsliðsins að skora mörk og það verður þannig um ókomin ár," sagði Ólafur sem saknaði Heiðars Helgusonar en hann meiddist daginn fyrir leik. „Það munar ótrúlega mikið um hann. Það er stórt skarð höggvið í liðið."



**NILMAR** Fagnar hér sigurmarkinu gegn Englendingum. NORDIC PHOTOS/AFP

Brasilía lagði England:

## Capello samt jákvæður

**FÓTBOLTI** Nilmar tryggði Brasilíumönnum 1-0 sigur á Englendingum í vináttuleik sem fram fór í Doha. England tefldi fram hálfgerðu B-liði í leiknum enda vantaði flesta bestu leikmenn liðsins í leikinn.

Mörk Brasilíumanna hefðu getað orðið fleiri en þeir klúðruðu meðal annars vítaspyrnu í leiknum.

„Við vorum að spila við besta lið heims," sagði Fabio Capello, landsliðsþjálfari Englands, eftir leikinn en hann reyndi að líta á jákvæðu hliðarnar í leikslok.

„Ég lærði ýmislegt af þessum leik. Ég skil núna betur hvernig sumir þessara leikmanna nýtast best gegn sterkari þjóðum. Ég mun samt ekki nefna nein nöfn."

Wayne Rooney var fyrirliði Englands í leiknum og var stoltur af því.

„Það er augljóslega mikill heiður að vera fyrirliði enska landsliðsins. Fyrst og síðast er ég samt svekktur yfir úrslitunum í þessum leik," sagði Rooney.

„Þetta var erfiður leikur fyrir okkur. Við sköpuðum nokkur færi en Brassarnir voru betri og áttu skilið að vinna. Við erum samt betri en sást í kvöld. Við erum að vinna í okkar leik og sem betur fer var þetta bara vináttulandsleikur," sagði Rooney. - hbg

# Hvar er sóknarleikurinn?

**Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu féll á prófinu gegn Lúxemborg um helgina. Leikurinn var kjörið tækifæri til þess að slípa sóknarleik liðsins en það opinberaðist í leiknum hversu slakur sóknarleikurinn er í raun og veru.**

**FÓTBOLTI** Ísland og Lúxemborg skildu jöfn, 1-1, í vináttulandsleik í Lúxemborg um helgina. Það var Garðar Jóhannsson sem skoraði mark Íslands í síðari hálfleik.

Sóknarleikur íslenska landsliðsins hefur ekki verið burðugur undir stjórn Ólafs Jóhannessonar. Vissulega er ekki alltaf auðvelt að sækja á fáum mönnum gegn sterkari þjóðum en í leik gegn veiku liði eins og Lúxemborg gerir maður þá kröfu að landsliðið sýni að það geti sótt að marki andstæðinganna.

Ólafur hefur eflaust verið ánægður með að fá þennan leik til þess að æfa sóknarleikinn en svörin sem hann fékk í leiknum hljóta að hafa valdið honum vonbrigðum. Íslenska liðið tók stjórnina á leiknum nánast frá upphafi, stýrði umferðinni á meðan heimamenn reyndu að sækja hratt.

Þó svo íslenska liðið hefði verið meira með boltann í fyrri hálfleik kom nákvæmlega ekkert út úr því sem það var að gera. Það var einfaldlega ekki heil brú í leik sóknarleik liðsins og sú staðreynd að liðið hafi ekki skapað sér svo mikið sem eitt færi á 45 mínútum gegn þessu slaka liði segir meira en mörg orð.

Um leið og liðið komst á síðasta þriðjung vallarins rak hver klaufaskapurinn annan. Sérstaklega áberandi voru sendingafeilarnir en hvað eftir annað voru menn að gefa glórulausar stungusendingar eða sparka boltanum út af vellinum.

Með tilkomu Garðars Jóhannssonar, sem kom af bekknum í hálfleik, snarbatnaði leikur liðsins. Ólafur hafði greinilega látið sína menn heyra það því þeir voru mun beittari í öllum aðgerðum og fóru loksins að búa eitthvað til. Engin afgerandi færi litu þó dagsins ljós fyrr en Garðar stangaði aukaspyrnu Emils í netið. Fram að því hafði Ísland fengið nokkrar aukaspyrnur á vænlegum stöðum sem voru illa nýttar.



**MARKASKORARINN** Innkoma Garðars Jóhannssonar hafði afar jákvæð áhrif á íslenska liðið og hann skoraði mark Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenska liðið hefði í kjölfar marksins átt að klára leikinn. Bæði Garðar og Eiður Smári fengu fín dauðafæri en brást báðum bogalistin.

Vörnin klikkaði svo illilega þegar Kintziger jafnaði leikinn stundarfjórðungi fyrir leikslok. Hreinsun og dekkun brást illilega og Árni Gautur hefði líklega getað gert betur í markinu.

Íslenska liðið gerði ekki mikið það sem eftir lifði af leiknum, jafntefli staðreynd sem er niðurstaða sem veldur vonbrigðum. Það er ekki bara útkoma leiksins sem olli vonbrigðum því frammistaðan í heild var döpur. Veikleikar sóknarinnar voru enn frekar opinberaðir og ljóst að það er verk að vinna fyrir landsliðsþjálfarana.

**henry@frettabladid.is**

## ÚRSLIT

*HM-umspil:*

| | |
|---|---|
| Rússland-Slóvenía | 2-1 |
| 1-0 Diniyar Bilyaletdinov (40.), 2-0 Diniar Bilyaletdinov (51.), 2-1 Nejc Pecnik (88.). | |
| Írland-Frakkland | 0-1 |
| 0-1 Nicolas Anelka (72.). | |
| Portúgal-Bosnía | 1-0 |
| 1-0 Bruno Alves (31.) | |
| Grikkland-Úkraína | 0-0 |

*Vináttulandsleikir:*

| | |
|---|---|
| Wales-Skotland | 3-0 |
| 1-0 David Edwards (17.), 2-0 Simon Church (32.), 3-0 Aaron Ramsey (35.). | |
| Ítalía-Holland | 0-0 |
| Sviss-Noregur | 0-1 |
| 0-1 John Carew, víti (48.). | |
| England-Brasilía | 0-1 |
| 0-1 Nilmar (47.) | |
| Danmörk-Suður Kórea | 0-0 |
| Spánn-Argentína | 2-1 |
| 1-0 Xabi Alonso (16.), 1-1 Lionel Messi, víti (62.), 2-1 Xabi Alonso, víti (86.). | |
| Lúxemborg-Ísland | 1-1 |
| 0-1 Garðar Jóhannsson (63.), 1-1 Kintziger (75.). | |



**VAN PERSIE** Var sárþjáður eftir tæklinguna ljótu. NORDIC PHOTOS/AFP

Robin Van Persie:

## Líklega frá í langan tíma

**FÓTBOLTI** Arsene Wenger, stjóri Arsenal, hefur líklega rifið hár sitt um helgina er hann sá Robin Van Persie meiðast illa í vináttulandsleik með Hollandi gegn Ítalíu.

Van Persie var borinn af velli eftir aðeins tíu mínútna leik. Hann meiddist á ökkla og er óttast að liðbönd hafi skaddast.

Meiðslin litu alvarlega út eftir leikinn og er óttast að Van Persie spili ekki næstu mánuði. - hbg



Enn spenna í HM-umspilinu eftir fyrri leikina sem fram fóru um helgina:

# Frakkar í bílstjórasætinu gegn Írum þökk sé Nicolas Anelka

**FÓTBOLTI** Frakkar standa best að vígi af þeim átta þjóðum í Evrópu sem berjast um síðustu fjóra farseðlana á HM í Suður-Afríku á næsta ári.

Frakkar unnu gríðarlega mikilvægan útisigur á Írum, 0-1. Það var Nicolas Anelka sem skoraði eina mark leiksins, skot hans fyrir utan teig fór af varnarmanni og í netið. Talsverð lukka en lukkan yfirgaf Írana algjörlega en þeim var fyrirmunað að skora. Fengu þeir þó dauðafærin til þess en klaufaskapur við mark Frakkana varð þess valdandi að þeir þurfa að klífa ansi háa brekku í Frakklandi á miðvikudag.

„Við erum frekar vonsviknir því mér fannst að jafntefli hefði verið sanngjörn niðurstaða úr þessum leik,“ sagði hinn ítalski þjálfari Íra, Giovanni Trapattoni.

„Við vissum vel hversu sterkt franska liðið er en við höfum okkar styrkleika, okkar aga og okkar hugarfar sem við sýndum vel í fyrri hálfleik. Það var leiðinlegt að fá svona ódýrt mark á sig og eftir það misstum við trúna á sjálfa okkur. Við rönkuðum þó við okkur í lokin og hefðum getað skorað rétt fyrir leikslok,“ sagði Trapattoni sem hefur ekki gefist upp.

„Það er bara búinn fyrri hálfleikur í þessu einvígi. Síðari hálfleikurinn er eftir í París. Kannski snýst dæmið við þar og við skorum heppnismark. Hver veit?“.

Þó svo Frakkar hafi unnið sneri umræðan um Frakka enn eina ferðina að einhverju neikvæðu. Franskir fjölmiðlar héldu því fram að Thierry Henry hefði lent í hávaðarifrildi við Raymond Domenech þjálfara þar sem Henry var ósáttur við að hann skildi ekki velja Patrick Vieira í landsliðið.

„Ég tala við Henry fyrir hvern leik enda er hann fyrirliði liðsins. Að þessu sinni kom eitthvað jákvætt út úr viðræðum okkar,“ sagði Domenech dulur en margir telja það óskiljanlegt að hann skuli enn stýra franska landsliðinu.

Portúgal á erfitt verkefni fyrir höndum eftir að hafa aðeins lagt Bosníu að velli, 1-0, á heimavelli. Portúgalar voru í raun stálheppnir að vinna leikinn því Bosníumennirnir skutu í þrígang í markstangir heimamanna.

„Miðað við hversu nálægt þeir voru að skora má segja að við höfum verið heppnir,“ sagði Queiros, þjálfari Portúgals. **- hbg**



**STERKUR** Nicolas Anelka reynir hér skot að marki en Damien Duff er til varnar.
NORDIC PHOTOS/AFP







Handbolta skór

20% afsláttur

til 21. nóvember



Adidas Glove Women
Verð 27.990.-
Nú aðeins 22.390.-



Adisas Court Raw
Verð 9.990.-
Nú aðeins 7.990.-



Adidas court Stabil
Verð 19.990.-
Nú aðeins 15.990.-



Puma Vellum jr
Verð 8.990.-
Nú aðeins 7.190.-



Adidas Taipa
Verð 13.990.-
Nú aðeins 11.190.-



Hummel 3.3
Verð 8.990.-
Nú aðeins 7.190.-



Asics Gel Beyond
Verð 24.990.-
Nú aðeins 19.990.-

Jói útherji síðan 1999

Ármúli 36, s. 588 1560
www.joiutherji.is

Kiel komið á topp síns riðils eftir stórsigur á svissneska liðinu Amicitia Zürich:

# Þetta var léttara en ég bjóst við

**HANDBOLTI** Lærisveinar Alfreðs Gíslasonar í Kiel eru komnir á topp síns riðils eftir 42-24 sigur á Amicitia Zürich sem Kári Kristján Kristjánsson leikur með.

„Þetta var léttara en ég bjóst við,“ sagði Aron Pálmarsson, leikmaður Kiel, við Fréttablaðið eftir leikinn. Hann skoraði eitt mark og lagði upp mörg önnur. Kári Kristján skoraði fimm mörk og nýtti öll sín skot í leiknum.

„Við vorum einu númeri of stórir fyrir liðið hans Kára en hann stóð sig vel. Það kom aldrei annað til greina en að klára þennan leik eftir að hafa gert jafntefli gegn Kolding. Við erum komnir á toppinn og þar ætlum við að vera,“ sagði Aron.

Arnór Atlason og félagar hans í FCK voru einnig á ferðinni í Meistaradeildinni í gær. FCK tapaði þá á heimavelli gegn Croatia Osiguranje Zagreb, 28-29. FCK hafði lent sex mörkum undir í leiknum, kom til baka og jafnaði en það dugði ekki til því Zagreb skoraði sigurmarkið fimm sekúndum fyrir leikslok.

- hbg



**SÁTTUR** Aron Pálmarsson var sáttur við leik Kiel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**MAGNAÐUR** Einar Örn Jónsson fékk mörg klöpp á bakið um helgina eftir að hafa bjargað Haukum í báðum leikjum gegn ungverska liðinu PLER. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Einar Örn hélt Haukum áfram í Evrópukeppninni

**Haukar eru komnir áfram í EHF-keppninni eftir hreint magnaðan sigur, 22-21, á ungverska liðinu PLER. Einar Örn Jónsson mun seint gleyma þessari helgi en mörk hans í blálokin í báðum leikjum réðu úrslitum í viðureigninni.**

**HANDBOLTI** Haukar voru að mörgu leyti heppnir að ná jafntefli í fyrri leiknum á laugardag 26-26. Einar jafnaði í sömu andrá og leiktíminn rann út en PLER var með fjögurra marka forystu í hálfleiknum.

Varnarleikur Haukaliðsins var oft á tíðum sundurtættur og ýmislegt sem Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, gat farið yfir.

Í gær var síðan boðið upp á stórskemmtilegan háspennuleik þar sem mikið jafnræði var með liðunum en Haukar oftast skrefinu á undan. PLER náði síðan forystunni í fyrsta sinn í leiknum 21-20 og komst í lykilstöðu. Haukar náðu að jafna en jafntefli í leiknum hefði þýtt að ungverska liðið færi áfram á fleiri mörkum á útivelli þar sem leikurinn í gær var skráður heimaleikur þess.

En þegar leiktíminn var að renna út náði Einar að tryggja sigurinn á ævintýralegan hátt og Haukamenn fögnuðu vel og innilega. „Einar byrjaði leikinn í dag mjög illa en hann kom heldur betur inn í restina og sýndi sigurhugsun,“ sagði Aron eftir leik.

„Það er frábært að hafa náð að landa þessu. Mér fannst við eiga í ýmsum erfiðleikum og vorum ekki að spila okkar besta leik. Við vorum að klikka í ótrúlegum dauðafærum en sýndum gríðarlegan karakter í lokin. Þetta var hörkuleikur, menn voru klárir og lögðu sig alla fram. Þetta ungverska lið er bara hörkugott svo þetta var virkilega sætt,“ sagði Aron.

Hetjan sjálf, Einar Örn, var að vonum ánægður með sitt mark og sigurinn. „Það er gaman að strákarnir skyldu treysta mér fyrir því að fara þarna inn undir lokin. Svona atvikast þetta stundum en ég hef aldrei áður lent í svona tvo daga í röð.“

Einar segir að það hafi vantað flæði í sóknarleik Hauka í gær. „Hugarfarið var hins vegar til staðar og menn börðust eins og ljón. Við viljum fá sterkt lið í næstu umferð. Vonandi verður þetta lið sem trekkir að áhorfendur á heimaleikinn okkar, ef við neyðumst ekki til að selja hann,“ sagði Einar.

- egm

## ÚRSLIT

### Evrópukeppni félagsliða:

Haukar-Pler KC 26-26 (f. leikur)
Mörk Hauka: Sigurbergur Sveinsson 6 (2), Freyr Brynjarsson 5, Björgvin Hólmgeirsson 4, Pétur Pálsson 4, Einar Örn Jónsson 3, Elías Már Halldórsson 2, Guðmundur Árni Ólafsson 1.
Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 6, Aron Rafn Edvardsson 6.

Haukar-Pler KC 22-21 (s. leikur)
Mörk Hauka (skot): Sigurbergur Sveinsson 6/3 (12/4), Freyr Brynjarsson 4 (5), Björgvin Hólmgeirsson 3 (9), Heimir Óli Heimisson 2 (2), Elías Már Halldórsson 2 (4), Guðmundur Árni Ólafsson 2 (4), Pétur Pálsson 1, Stefán Sigmannson 1 (3), Einar Örn Jónsson 1 (4),
Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 15/2

### N1-deild karla:

Valur-Fram 27-21 (13-9)
Mörk Vals (skot): Fannar Þór Friðgeirsson 5 (9), Elvar Friðriksson 5 (10), Arnór Þór Gunnarsson 4 (8), Ernir Hrafn Arnarsson 4 (8), Ingvar Árnason 3 (4), Orri Freyr Gíslason 2 (2), Sigfús Páll 1 (2), Gunnar Ingi Jóhansson 1 (4).
Varin skot: Hlynur Morthens: 10, Ingvar Guðmundsson 1.
Hraðaupphlaup: 3 (Ingvar, Arnór ).
Fiskuð víti: 4 (Gunnar 2, Ingvar, Fannar Þór).
Mörk Fram (skot): Stefán Baldvin Stefánsson 5 (7), Arnar Birkir Hálfdánsson 5 (9), Magnús Stefánsson 4 (11), Jóhann Karl Reynisson 2 (3), Halldór Jóhann Sigfússon 2 (3), Andri Berg Haraldsson 1 (6), Ármann Kristjánsson 1 (5).
Varin skot: Magnús Erlendsson: 8.
Hraðaupphlaup: 4 (Stefán 3, Arnar Birkir).
Fiskuð víti: 6 (Magnús 3, Arnar, Stefán, Halldór).

### Eimskipsbikar karla:

Akureyri-FH 22-23 (10-16)
Mörk Akureyri: Jónatan Þór Magnússon 6, Heiðar Þór Aðalsteinsson 4, Hörður Fannar Sigþórsson 3, Árni Þór Sigtryggsson 3, Oddur Gretarsson 2, Heimir Örn Árnason 2, Andri Snær Stefánsson 1.
Mörk FH: Ásbjörn Friðriksson 7, Bjarni Fritzson 4, Örn Ingi Bjarkason 4, Ólafur Guðmundsson 4, Benedikt Kristinsson 2, Jón Heiðar Gunnarsson 1, Sigurgeir Árni Ægisson 1.

Stjarnan-Grótta 26-32
Mörk Stjörnunnar: Þórólfur Nielsen 8, Vilhjálmur Halldórsson 3, Jón Arnar Jónsson 3, Guðmundur Guðmundsson 3, Kristján Kristjánsson 3, Daníel Einarsson 2, Eyþór Magnússon 2, Fannar Kristmannsson 1, Roland Eradze 1.
Mörk Gróttu: Anton Rúnarsson 7, Hjalti Pálmason 7, Finnur Ingi Stefánsson 6, Arnar Freyr Theodórsson 4, Atli Rúnar Steinþórsson 4, Jón Karl Björnsson 3, Halldór Ingólfsson 1.

### N1-deild kvenna:

Stjarnan-Haukar 36-20
Mörk Stjörnunnar: Alina Tamasan 14, Þorgerður Anna Atladóttir 6, Kristín Jóhanna Clausen 4, Indíana Nanna Jóhannsdóttir 2, Esther Ragnarsd. 2.
Mörk Hauka: Hanna Guðrún Stefánsdóttir 6, Ramune Pekarskyte 4, Nína K. Björnsdóttir 3.

Fram-FH 32-24
Mörk Fram: Stella Sigurðardóttir 11, Pavla Nevarilova 6, Anna María Guðmundsdóttir 5, Hildur Þorgeirsdóttir 3, Karen Knútsdóttir 3. .
Varin skot: Íris Björk Símonardóttir 16.
Mörk FH: Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 14, Birna Íris Helgadóttir 3, Berglind Björgvinsd. 2.
Varin skot: Sigríður Arnfjörð 7.

Víkingur-KA/Þór 22-29

Valur-Fylkir 28-19
Mörk Vals (skot): Rebekka Rut Skúladóttir 4(6), Kristín Guðmundsdóttir 4(8), Hrafnhildur Skúladóttir 3(9), Hildigunnur Einarsdóttir 3(6), Íris Ásta Pétursdóttir 3(5),
Mörk Fylkis (skot): Sunna Jónsdóttir 7(17), Sunnar María Einarsdóttir 3(8), Sigríður Hauksdóttir 3(4), Ela Kowal 3(4), Hildur Harðardóttir 2( 5).

### IE-deild kvenna:

KR-Valur 73-43
Stig KR: Margrét Kara Sturludóttir 25, Guðrún Gróa Þórsteinsdóttir 11, Unnur Tara Jónsdóttir 10, Signý Hermannsdóttir 8, Jóhanna Sveinsdóttir 6.
Stig Vals: Berglind Ingvarsdóttir 11, Sakera Young 9, Hanna Hálfdánardóttir 8, Sigríður Viggósdóttir 6, Þórunn Bjarnadóttir 4, Hrund Jóhannsdóttir 2, Birna Eiríksdóttir 1, Ösp Jóhannsdóttir 1.

Valsmenn komnir á topp N1-deildar karla eftir frekar auðveldan sigur á Fram í Vodafonehöllinni í gær:

# Valur á toppnum en Fram í harðri fallbaráttu

**HANDBOLTI** Í gær áttust við Valur og Fram í N1-deild karla í handknattleik. Heimamenn unnu öruggan sigur, 27-21, og sitja nú á toppi deildarinnar.

Mikið jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik og var góður varnarleikur og mikil barátta í fyrirrúmi. Valsmenn tóku yfir höndina eftir um stundarfjórðung og markmaðurinn Hlynur Morthens ræsti vörnina í gang fyrir framan sig. Heimamenn tóku leikinn í sínar hendur og leiddu leikhlé, 13-9.

Gestirnir í Fram reyndu hvað þeir gátu til að komast aftur inn í leikinn. Hinn ungi og efnilegi Arnar Birkir Hálfdánsson var sprækur og lét mikið fyrir sér fara í sókninni. Því miður tóku reynslumeiri menn liðsins hann sér ekki til fyrirmyndar og það munaði um minna. Það virtist vanta trú á verkefninu og andlega hliðin hrundi þegar út í síðari hálfleik var komið.

Heimamenn stjórnuðu leiknum til loka og sigruðu örugglega. Þeir félagar Arnór Þór Gunnarsson og Fannar Þór Friðgeirsson voru sterkir í sókninni á meðan að Hlynur Morthens varði vel í markinu. Vörnin var mjög góð hjá Valsmönnum og var klárlega lykillinn að sigri þeirra í gær.

Valsarar eru sem fyrr segir komnir á topp deildarinnar í bili en mjótt er á munum í efstu sætunum.

„Mér finnst deildin vera jöfn og virðast ekki vera neinir auðveldir leikir. Ég held að við séum með lið sem getur haldið áfram á þessari leið og setið fast í toppsætinu,” sagði Fannar Þór, leikmaður Vals, í leikslok.

- rog



**KOMINN Í GEGN** Elvar Friðriksson er hér kominn í gegnum vörn Framara í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

## Fréttablaðið er með **143%** meiri lestur en Morgunblaðið.

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

29,3%



**MORGUNBLAÐIÐ**

71,4%



**FRÉTTABLAÐIÐ**

**Allt sem þú þarft...**




Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.

> **Sylvester Stallone**
>
> „Það er auðvelt að lifa viðburðalitlu og formúlukenndu lífi en ef þú ákveður að stíga út fyrir það þá eru jafnmiklar líkur á að þú græðir eitthvað og að þú tapir á því."
>
> ***Stallone fer með hlutverk Rockys í kvikmyndinni Rocky Balboa sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON OG LÍFIÐ ER LYGILEGT

# *Pabbi, teiknaðu fyrir mig broskall*

Keith Hunter Jesperson fæddist í smábænum Chilliwack í Kanada árið 1955. Keith fluttist til Bandaríkjanna og giftist stúlku að nafni Rose og eignaðist með henni dótturina Melissu. Hann var vel liðinn og almennt talað um hann sem „milda risann" en hann var vel yfir tvo metra á hæð. Hann var hláturmildur og greiðvikinn, barngóður og tók þátt í hjálparstarfi á vegum kirkjunnar sinnar.

Í dag situr Keith í ríkisfangelsinu í Salem Oregon og afplánar þrjá samliggjandi lífstíðardóma fyrir að myrða átta konur á árunum 1990 til 1995. Hann er líka þekktur sem „the happy face killer" en fjölmörg bréf sem hann sendi fjölmiðlum undirritaði hann, ef svo má segja, með broskalli. Í bréfunum stærði hann sig af afrekum sínum í þeirri vissu að með þeim fengi hann athygli og viðurkenningu.

Ekki fyrir löngu síðan kallaði sjónvarpssálfræðingurinn Dr. Phil saman hóp fólks við tökur á nýjasta þætti sínum. Svo kom að Melissa G. Moore stóð upp. Kom í ljós að Jesperson fékk ekki bara útrás í bréfaskrifum til fjölmiðla. Dóttir hans hafði hlustað á morðsögurnar alla sína æsku, eða þangað til hann var handtekinn. Vandamál þeirra sem töluðu á undan henni urðu frekar hversdagsleg. Dr. Phil tók Melissu undir sinn verndarvæng í framhaldinu enda sá hann gott viðskiptatækifæri. Melissa skifaði bók um reynslu sína sem hefur selst í bílförmum. Því sannast hið fornkveðna að lífið er lygilegra en nokkur skáldskapur. Til að undirstrika það má bæta því við að ein kona slapp undan Jesperson. Talið er að hann hafi orðið því afhuga að drepa hana eftir að fjögurra mánaða hvítvoðungur hennar byrjaði að gráta í fanginu á henni þegar hann gerði sig líklegan til að misþyrma henni. Hún er nú góð vinkona Melissu. Þær kynntust á Facebook.



## MÁNUDAGUR



▶ **20.00 The Things About My Folks** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.15 Glee** STÖÐ 2



▶ **20.50 Melrose Place** SKJÁREINN



▶ **22.15 Fangavaktin** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.25 Trúður** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Sammi** (48:52)

**17.37 Pálína** (10:28)

**17.42 Stjarnan hennar Láru** (5:22)

**17.55 Útsvar** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.20 Neyslubörn** (Consuming Kids: The Commercialization of Childhood) Bandarísk heimildamynd um þær umdeildu aðferðir sem notaðar eru við markaðssetningu á vörum fyrir æskufólk.

**21.15 Glæpahneigð** (Criminal Minds) (60:65) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Aðalhlutverk: Joe Mantegna, Thomas Gibson og Shemar Moore.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

▶**22.25 Trúður** (Klovn V) (7:10) Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper.

**22.50 Framtíðarleiftur** (Flash Forward) (3:13) (e)

**23.35 Spaugstofan** (e)

**00.00 Kastljós** (e)

**00.40 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.20 The Things About My Folks**

**08.00 No Reservations**

**10.00 Roxanne**

**12.00 Scoop**

**14.00 No Reservations**

**16.00 Roxanne**

**18.00 Scoop**

▶**20.00 The Things About My Folks**

**22.00 Rocky Balboa** Rocky er sestur í helgan stein og búinn að sætta sig við hafa yfirgefið hringinn þegar ríkjandi heimsmeistari skorar á hann að mæta sér í hnefaleikatölvuleik.

**00.00 Back in the Day**

**02.00 Bodywork**

**04.00 Rocky Balboa**

**06.00 Catch and Release**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, áfram!, Kalli litli kanína og vinir og Krakkarnir í næsta húsi.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.20 Eldsnöggt með Jóa Fel** (9:10)

**10.55 60 mínútur**

**11.45 Beauty and the Geek** (5:10)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 My Date with Drew**

**14.40 ET Weekend**

**15.30 The Big Bang Theory** (17:17)

**15.55 Njósnaskólinn**

**16.18 Barnatími Stöðvar 2** Kalli litli Kanína og vinir og Áfram Diego, áfram!

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (12:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (9:25)

**19.45 Two and a Half Men** (20:24) Gamanmyndaflokkur um bræðurna Charlie og Alan Harper.

▶**20.15 Glee** (3:22) Gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari ákveður að setja saman sönghóp.

**21.00 So You Think You Can Dance** (10:25) Sjötta þáttaröðin í stórskemmtilegri þáttaröð þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna.

**21.50 Big Love** (10:10) Bill Henrickson lifir margföldu lífi en hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn auk þess rekur hann eigið fyrirtæki sem þarfnast mikillar athygli.

**22.45 It's Always Sunny In Philadelphia** (5:15) Gamanþáttur um fjóra vini sem reka saman bar en eru of sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að til árekstra komi, upp á hvern einasta dag.

**23.10 The U.S. vs. John Lennon**

**00.45 True Blood** (8:12)

**01.40 Rescue Me** (7:13)

**02.25 My Date with Drew**

**04.00 Naked Weapon**

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.20 Childrens Miracle Network Classic** Útsending frá Children's Miracle Network Classic-mótinu í golfi.

**19.20 Brasilía - England** Útsending frá vináttuleik Brasilíu og Englands.

**21.00 Super Six - All Access** Magnaðir þættir þar sem skyggnst er bak við tjöldin.

**21.30 Meistaradeil Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**22.00 Bestu leikirnir: Breiðablik - ÍA 19.08.01** Skagamenn urðu Íslandsmeistarar fimm ár í röð á síðasta áratug aldarinnar en ÍBV og KR stoppuðu sigurgöngu þeirra. Árið 2001 voru Skagamenn með í baráttunni á nýjan leik og mættu þeir Blikum í Kópavoginum í 14. umferð í hörkuleik

**22.30 Atvinnumennirnir okkar: Hermann Hreiðarsson** Hermann sýnir á sér nýja hlið og leiðir Auðun Blöndal áhorfendur í allan sannleikann um atvinnumanninn Hermann Hreiðarsson.

**23.10 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.50 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

**18.45 PL Classic Matches** Tottenham - Southampton, 1999. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**19.15 Arsenal - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**21.55 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**22.25 Stoke - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.10 Spjallið með Sölva** (8:13) (e)

**08.00 Dynasty** (6:29) (e)

**08.50 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Spjallið með Sölva** (8:13) (e)

**12.50 Pepsi MAX tónlist**

**16.10 Game Tíví** (9:14) (e)

**16.40 Dynasty** (7:29)

**17.30 Survivor** (2:15) (e)

**18.20 Matarklúbburinn** (1:6) (e)

**18.50 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins. Fréttaþulur er Inga Lind Karlsdóttir.

**19.05 King of Queens** (23:25) (e)

**19.30 America's Funniest Home Videos** (45:48) (e)

**20.00 90210** (7:22) Dixon ákveður að hætta með kærustunni en fær óvæntar fréttir.

▶**20.50 Melrose Place** (7:13) Ella fer með Riley í myndatöku hjá Jo Reynolds sem vill að Riley sitji fyrir ber að ofan. Jonah kynnist konu sem hefur áhuga á myndinni hans.

**21.40 CSI: New York** (10:25) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Öryggisvörður á brynvörðum bíl er myrtur með örbylgjusprengingu sem hefur áhrif á öll raftæki í nágrenni við Empire State bygginguna.

**22.30 The Jay Leno Show**

**23.20 Fréttir** (e)

**23.35 Harper's Island** (10:13) (e)

**00.25 United States of Tara** (4:12) (e)

**01.00 King of Queens** (23:25) (e)

**01.25 Pepsi MAX tónlist**

## INN

**20.00 Eldum íslenskt** Matreiðsluþáttur þar sem íslenskar búvörur eru í öndvegi.

**20.30 Hugspretta** Í umsjón Andra Heiðars Kristinssonar.

**21.00 Léttari leiðir** Guðjón Sigmundsson, Sigurbjörg Jónsdóttir og Viðar Garðarsson hafa umsjón með þætti um heilsufar og mataræði.

**21.30 Í nærveru sálar** Gestur þáttarins er Valgerður Auðunsdóttir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Mastercraft jeppadekk

**Sólning og Barðinn bjóða hin vönduðu dekk frá Mastercraft í Bandaríkjunum.**

Dekkin frá Mastercraft eru sérhönnuð fyrir stærri bifreiðar og jeppa og veita hámarksöryggi og eru á sama tíma einkar hljóðlát. Vertu því öruggari í vetur með Mastercraft undir bílnum.

Mastercraft hefur framleitt dekk síðan 1909 og byggir því á 100 ára reynslu.

Mastercraft TIRES



**Afgreiðslutímar í Sólningu, Smiðjuvegi og Barðanum, Skútuvogi**

Virka daga 8.00–18.00
Laugardaga 9.00–13.00

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000
Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399
Selfoss, Gagnheiði 2, sími 482 2722
Smurstöðin Klöpp, Vegmúla 4, sími 553 0440

SÓLNING

BARÐINN

Skútuvogi 2 | 104 Reykjavík | Sími 568 3080 | www.bardinn.is

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.00**

### So You Think You Can Dance

Sjötta þáttaröðin í stórskemmtilegri þáttaröð þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna. Nú hafa 20 bestu dansararnir verið valdnir í úrslitin. Þeir fá að vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**Neyslubörn**

### Sjónvarpið kl. 20.20

Bandarísk heimildarmynd um þær umdeildu aðferðir sem notaðar eru við markaðssetningu á vörum fyrir börn og unglinga. Í myndinni er fjallað um þróun og áhrif þeirra, greint frá umdeildum aðferðum sem beitt er við markaðssetningu og grennslast fyrir um áhrif neysluhyggjunnar á líf barna.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Hringsól
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Kyrr kjör
**15.25** Fólk og fræði
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Heimur hugmyndanna
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Frá Tónskáldaþinginu í París
**23.05** Lostafulli listræninginn
**23.45** Úr kvæðum fyrri alda
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## EXTRA

**16.30 Doctors** (18:25)
**17.00 Doctors** (19:25)
**17.30 E.R.** (16:22)
**18.15 Seinfeld** (20:24)
**18.45 Doctors** (18:25)
**19.15 Doctors** (19:25)
**19.45 E.R.** (16:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**20.30 Seinfeld** (20:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Jamie At Home** (13:13) Jamie Oliver sýnir hvernig best er að elda einfalda rétti í eldhúsinu heima en hann notar meðal annars ferskt grænmeti sem hann ræktar í garðinum sínum.
▶**22.15 Fangavaktin. Þetta eru engin geimvísindi** Heimildar- og skemmtiþáttur um tilurð Næturvaktar, Dagvaktar og Fangavaktar.
**23.10 Numbers** (18:23) Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie er stærðfræðiséní sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.
**23.55 Mad Men** (5:13) Önnur þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingapésans Dons Drapers og kollega hans í hinum litríka auglýsingageira á Madison Avenue í New York.
**00.45 Auddi og Sveppi**
**01.15 Sjáðu**
**01.40 Fréttir Stöðvar 2**
**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** Absolutely Fabulous **12.30** Absolutely Fabulous **13.00** After You've Gone **13.30** My Hero **14.10** Monarch of the Glen **15.00** The Weakest Link **15.45** Strictly Come Dancing **17.15** My Hero **17.45** EastEnders **18.15** The Weakest Link **19.00** After You've Gone **19.30** Extras **20.00** Never Better **20.30** The Catherine Tate Show **21.00** Hustle **22.00** After You've Gone **22.30** Extras **23.00** The Catherine Tate Show **23.30** The Catherine Tate Show

## DR 1

**12.25** OBS **12.30** Strömsö **13.10** Seinfeld **13.35** Seinfeld **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Spam **15.30** Spiderman **15.55** Den lyserode panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Pinky Dinky Doo **16.30** Byggemand Bob **16.40** Benjamin Bjorn **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Til Tasterne **19.00** Verdens værste naturkatastrofer **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Inspector Morse **22.45** OBS **22.50** Seinfeld **23.15** Seinfeld **23.35** Boogie Mix

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **12.55** Offentlige hemmeligheter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Viten om **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Ormen i Seljordsvannet **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Kaninby **17.25** Trond med hammer'n **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Puls **18.55** Folk. Soppturen **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.35** Livet i Fagervik **21.20** Store Studio **22.00** Kveldsnytt **22.15** Derrick **23.15** Kommunismen - draumen om eit paradis

## SVT 1

**13.05** Kungliga patrasket **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Playa del Sol **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Livet i Fagervik **19.45** Hemliga svenska rum **20.00** Ansikte mot ansikte **20.30** Fashion **21.00** Åter till Prag **21.45** K-141 **22.00** Kulturnyheterna **22.15** John Adams **23.45** Dansbandskampen



## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Einar hefur alltaf verið ofboðslega duglegur og mikill hugsjónamaður. Hann leggur alltaf allt í það sem hann tekur sér fyrir hendur og er bara að uppskera það sem hann er búinn að sá. Ég er mjög stolt af honum.“*

Soffía Jónasdóttir, móðir Einars M. Sverrissonar töframanns, sem var boðið í Óperuhúsið í Ósló þar sem hann sýndi töfrabrögð fyrir framan 400 manns.

# Jón Gnarr stofnar stjórnmálaflokk

Jón Gnarr hefur stofnað stjórnmálaflokk. Hann heitir Besti flokkurinn og Jóni er full alvara. „Mig hefur lengi langað til að hafa völd og góð laun. Góð leið til þess er að verða lýðræðislega kosinn,“ segir Jón, fullur einlægni. „Mig langar líka að komast í þá stöðu að ég geti hjálpað vinum mínum. Það eru endalaust margar leiðir til þess. Það má úthluta alls konar styrkjum og búa til hinar ýmsu nefndir. Fólk þarf svo ekkert endilega að mæta á fundi, en fær bara borgað.“

Jón veit að þessi tilgangur flokksins mun varla virka á kjósendur svo hann hefur búið til sannfærandi stefnuskrá. „Stefnuskráin fékk ég lánaða hjá öðrum stjórnmálaflokkum. Þarna er eitthvað um að bjarga heimilunum, að draga til ábyrgðar þá sem bera ábyrgð á hruninu og hlusta meira á konur, gamalmenni og aumingja. En þetta er auðvitað bara yfirvarp. Ég vona þó að fólk taki því ekkert of bókstaflega þótt ég segist ekki ætla að standa við kosningaloforðin.“

Jón setur stefnuna á að verða menntamálaráðherra.

„Flestir vinir mínir eru að vinna í listum og menningu svo ég gæti haft áhrif á það hverjir fá styrki og fálkaorðu og hverjir fá að gera þátt á RÚV. Auk þess hefur mig lengi dreymt um að hafa aðstoðarmann. Ég held að það sé ógeðslega kúl.“

Jón safnar nú fólki í flokkinn af því hann vill ekki vera einn í honum „eins og hálfviti“ og unnið er að því að setja upp heimasíðu. - drg






**DREYMIR UM AÐ HAFA AÐSTOÐARMANN** Vinir Jóns Gnarr geta hugsað sér til gott til glóðarinnar komist hann á þing.



**LÁRÉTT** 2. dylja, **6.** strit, **8.** stórt ílát, **9.** heyskaparamboð, **11.** verslun, **12.** samansafn, **14.** áburður, **16.** skóli, **17.** skarð, **18.** í viðbót, **20.** nudd, **21.** litlaus.
**LÓÐRÉTT** 1. land í asíu, **3.** skammstöfun, **4.** land, **5.** sigað, **7.** trúr, **10.** húsfreyja, **13.** samstæða, **15.** óviljugur, **16.** iðn, **19.** bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** fela, **6.** at, **8.** hít, **9.** orf, **11.** bt, **12.** syrpa, **14.** gúanó, **16.** fg, **17.** rof, **18.** auk, **20.** nú, **21.** grár. **LÓÐRÉTT: 1.** laos, **3.** eh, **4.** líbanon, **5.** átt, **7.** tryggur, **10.** frú, **13.** par, **15.** ófús, **16.** fag, **19.** ká.

**Heitirpottar.is**
Rafmagnspottar, Hitaveituskeljar
Billiardborð. Mikið úrval.
HREINSIEFNI
fyrir allar tegundir potta.
Klór - síur og það nýjasta er flotholtið.



Heitirpottar og skeljar
Kleppsvegur 152, sími 554 7755 (áður bakari Jóa Fel)

## JÓN ÞÓR SIGURÐSSON: „VISSULEGA ÓVENJULEGT VERKEFNI“

# Íslenskt listaverk í St. Giles dómkirkjunni í Edinborg

Glerlistaverk eftir listamanninn Leif Breiðfjörð mun prýða forstofu innan við aðalinngang St. Giles dómkirkjunnar í Edinborg.

Þetta er í annað sinn sem Leifur vinnur verk fyrir kirkjuna, en áður hafði hann gert glugga sem tileinkaður er minningu skáldsins Roberts Burn. Málmsmiðjan Teknís sér um uppsetningu verksins og hefjast framkvæmdir í næstu viku.

„Það er verið að endurnýja kirkjuna og Leifur var fenginn til að skreyta sérstaka forstofu sem er innan við aðalinngang kirkjunnar. Leifur kom til okkar í Teknís og bað okkur að gefa prufustykki sem hann fór svo með út til Edinborgar, fyrirtækið var svo valið til að sjá um framleiðslu og uppsetningu verksins í kjölfarið. Undirbúningur að verkinu hefur staðið yfir síðan sumarið 2007 en framleiðslan sjálf hófst ekki fyrr en nú í sumar,“ segir Jón Þór Sigurðsson, framkvæmdastjóri Teknís.

Tveir starfsmenn fyrirtækisins munu svo fara út til Edinborgar í næstu viku og setja verkið upp. Aðspurður segir Jón Þór þetta vera nokkuð óvanalegt verkefni og það sé sjaldan sem málmsmiðjan taki þátt í uppsetningu listaverks. „Jú, þetta er vissulega svolítið óvenjulegt verkefni. Tæknilega séð er þetta lítið mál en það að við skulum vera að smíða heilt listaverk er óvenjulegt. Það er skemmtilegt að hugsa til þess að verk eftir okkur muni standa í kirkjunni til framtíðar og að lógóið okkar leynist einhvers staðar í horninu,“ segir hann og hlær.

Reiknað er með að starfsmenn Teknís dvelji í viku í Edinborg við uppsetningu verksins. - sm



**ÓVENJULEGT VERK**

Jón Þór Sigurðsson, framkvæmdastjóri Teknís, segir þetta nokkuð óvenjulegt verk fyrir málmsmiðju. Á neðstu myndinni sést listamaðurinn Leifur Breiðfjörð virða verkið fyrir sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANOTN BRINK





## FÓLK Í FRÉTTUM

Tvíeykið **Jógvan** og Friðrik Ómar kom fram í salnum í Kópavogi á föstudaginn og flutti íslenskar og færeyskar dægurlagaperlur. Tónleikarnir mæltust mjög vel fyrir, enda drengirnir annálaðir sjarmörar og gullbarkar. Eftir tónleikana skelltu þeir sér í Turninn þar sem Yesmine Olsen var með síðustu Bollywood-sýninguna í bili. Voru miklir fagnaðarfundir þegar þau hittust enda góðir félagar á ferð.



Lið Verslunarskólans sigraði stjörnum prýtt „All star“-lið í góðgerðaleik í fótbolta á laugardag. Ingó Veðurguð, fyrirliði stjarnanna, var búinn að lýsa því yfir að það yrði hneyksli að tapa svo að hann hefur án efa lesið yfir sínum mönnum eftir leikinn, sem endaði 7-3. Útvarpsmaðurinn **Gassi**, af FM 957, hefur örugglega fengið hárblásarameðferðina víðfrægu frá Ingó, en hann skoraði sjálfsmark í leiknum. Fótboltakapparnir Björgólfur Takefusa og Tryggvi Guðmundsson skoruðu mörk stjarnanna og vöðvatröllið Gasman átti góða stoðsendingu.

Viðtal við athafnakonuna og fyrirsætuna **Ásdísi Rán** birtist á vefsíðu karlatímaritsins Playboy um helgina. Spurningarnar eru ansi nærgöngular, en Ásdís upplýsir meðal annars hversu margar fullnægingar hún hefur fengið á einni nóttu. Átta er metið og hún bætir við að hún sé heppin stúlka. Þá segist hún kalla brjóstin sín fótboltana og lofar að ef hún myndi sitja fyrir í Playboy yrði fólk gagntekið af myndunum. - afb



## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Eyrnatappa með bakteríudrepandi efni úr ilmkjarnaolíu.
2. Þriðja.
3. Tuttugu.

**HAFBERG**
*fiskbúð sælkerans*
Opið 11:30-14:30
LAXAFLÖK 1590
LÚÐUFLÖK 1590
XL HUMAR HUMARSÚPA
TÚNFISKUR SÚPUHUMAR
TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 990
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

# Fékk handavinnuna í arf

Sunna Dögg Ásgeirsdóttir hannar skemmtilegar barnaflíkur undir nafninu Sunbird. Sunna Dögg útskrifaðist sem vöruhönnuður frá Listaháskóla Íslands og starfar nú sem fatahönnuður hjá Nikita.

Sunna Dögg segist hafa fengið handavinnuna í arf frá móður sinni og hefur saumað og prjónað frá því hún var barn. Hún gerði sína fyrstu barnafatalínu fyrir níu árum en hefur síðan þá aðallega verið að hanna flíkur á lítil frændsystkini. „Þessi hugmynd hefur blundað í mér lengi. Ég gerði eina litla barnalínu fyrir tæpum níu árum og hef síðan þá mest verið að hanna á frændsystkini mín. Ég held að þessi hugmynd hafi fyrst kviknað þegar mamma mín minntist á hversu lítið úrval af fötum væri fyrir litla stráka miðað við úrvalið sem var til fyrir stelpur. Þá fór ég af stað og hannaði nokkrar flíkur á stráka,“ segir Sunna Dögg og bætir við að eftir hún eignaðist sjálf litla stúlku hafi hún þó farið að hanna stúlkuföt í meira magni.

„Ég fæ auðvitað endalausan innblástur frá dóttur minni. Mér finnst gaman að fylgjast með börnum og sjá hvernig þau hreyfa sig algjörlega ómeðvituð um stund og stað. Ég passa að fötin hefti hvergi hreyfigetu þeirra og að það sé mikill leikur í flíkunum.“

Sunbird-vörurnar er hægt að skoða á vefsíðunni www.sunbird-kids.com og á Facebook-síðu Sunbird. - sm



**SUNBIRD** Sunna Dögg Ásgeirsdóttir hannar flíkur á litlar telpur og drengi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


RISALAGERSALA
HEFST MÁNUDAGINN 16. NÓVEMBER
OPNUNARTÍMAR: MÁN-FÖS 12-18 / LAU 10-16 / SUN 12-16
Lightshell regnjakki NOAH 12.500,-
Softshell jakki JAKOB 5.900,-
Softshell jakki JAKOB 5.900,-
Softshell jakki MICHAEL 6.500,-
Softshell jakki MICHAEL 6.500,-
ICE WEAR
íslensk hönnun
JOHN
Dúnúlpa
19.900,-
Tæknilegur Softshell jakki DAVID 8.900,-
Softshell jakki JAKOB 5.900,-
Softshell jakki JAKOB 5.900,-
Micro Fleece ELIA 3.900,-
Micro Fleece ELIA 3.900,-
Micro Fleece TELEMARK 1.500,-
Wind Cutter VIDAR 2.900,-
Wind Cutter VIDAR 2.900,-
Wind Cutter VIDAR 500,-
Wind Cutter VIDAR 500,-
Softshell jakki ASTA 7.900,-
Mocca Fleece MOCCA 2.500,-
Tæknilegur Softshell jakki SIGRUN 8.900,-
Tæknilegur Softshell jakki SIGRUN 8.900,-
Softshell jakki RAKEL 5.900,-
RAKEL
Super Soft Fleece MARGRET 3.500,-
Super Soft Fleece MARGRET 3.500,-
Super Soft Fleece MARGRET 3.500,-
Softshell jakki RAKEL 5.900,-
Softshell jakki RAKEL 5.900,-
Super Soft Fleece MARGRET 3.500,-
Super Soft Fleece MARGRET 3.500,-
Super Soft Fleece MARGRET 3.500,-
Fur Softshell jakki SUSANNA 6.900,-
Micro Fleece ANNA 1.900,-
Softshell jakki
5.900,-
Softshell jakki m/ hettu stúlkna SIGRUN 5.900,-
Softshell jakki stúlkna RAKEL 4.900,-
Softshell jakki drengja JAKOB 4.900,-
Softshell jakki m/ hettu drengja DAVID 5.900,-
Micro Fleece drengja ELIA 3.500,-
SIGRUN/DAVID
Micro Fleece stúlkna ANNA 1.500,-
Micro Fleece stúlkna ANNA 1.500,-
Micro Fleece drengja ELIA 3.500,-
Softshell jakki drengja JAKOB 4.900,-
Micro Fleece drengja ELIA 3.500,-
Micro Fleece stúlkna MARGRET 2.900,-
Micro Fleece stúlkna MARGRET 2.900,-
Super Soft Fleece MARGRET 2.900,-
Micro Fleece buxur stúlkna/drengja GUNNAR/BIRNA 1.950,-
Micro Fleece buxur stúlkna/drengja GUNNAR/BIRNA 1.950,-
Softshell jakkar
5.900,-
hönnun: www.skissa.net
Drífa ehf. - Suðurhrauni 12c - Garðabæ - Sími 555 7400 - www.icewear.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



Svansmerkt prentverk
UMHVERFISMERKI SVANURINN
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ber í Austurstræti



Söngvarinn **Arnar Jónsson**, sem söng sig inn í hjörtu þjóðarinnar í Luxor-flokknum, lenti í furðulegri lífsreynslu aðfaranótt sunnudags. Hann var á ferð ásamt vinafólki þegar óður vegfarandi tók sig til og reif hann úr skyrtunni. Eftir stóð Arnar hálfber í Austurstræti og skildi hvorki upp né niður í uppákomunni. Í besta falli hefur hann þó glaðst yfir vinsældunum, en það geta ekki allir státað sig af því að fólk missi vitið sjái það viðkomandi, og rífi hann úr klæðunum.

### Barist um Framsókn



Leikar eru teknir að æsast í aðdraganda prófkjörs framsóknarmanna í borginni. Einar Skúlason hefur þegar skorað Óskar Bergsson á hólm í baráttunni um efsta sæti listans og nú eru tekin að heyrast nöfn sem kunna að sækjast eftir næstu sætum fyrir neðan. Þannig er fullyrt að upplýsingatæknifræðingurinn **Salvör Gissurardóttir**, systir Hannesar Hólmsteins, muni etja kappi við lyfjafræðinginn Valgerði Sveinsdóttur um annað sæti listans.

### Jafnvel um þriðja sætið



Og Framsókn er stórhuga um þessar mundir, því fyrirséð er að keppnin um þriðja sætið verði ekki síður athyglisverð, jafnvel þótt flokkurinn hafi einungis einn borgarfulltrúa um þessar mundir. Útlit er fyrir að þar muni takast á ráðgjafinn **Hallur Magnússon**, fyrrverandi sviðsstjóri hjá Íbúðalánasjóði, og Guðlaugur G. Sverrisson, stjórnarformaður Orkuveitunnar og náinn samherji Óskars Bergssonar.

- afb, sh

### Mest lesið VÍSIR.IS

1. Time: Íslensk tíska blómstrar í bankahruninu
2. Vilja halda prestinum sínum
3. Magma tapar tæplega þremur milljónum dollara
4. Komnir með nægt fjármagn til þess að kaupa Haga
5. Þrjár mannætur handteknar í Rússlandi





